



Morgunblaðið, 06.01.2020, síðu 8
grein stærð: 155.33 sm²
grein hæð: 15.06 sm

World Class-stöð væntanleg á Hellu

● Samningur lagður fyrir sveitar- arstjórn í vikunni

Til stendur að ný líkamsræktarstöð World Class rísi við Íþróttahúsið á Hellu. Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar Rangárþings ytra, þar sem lögð er fram tillaga um að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Laugar ehf. um leigu á húsnæði undir líkamsrækt í nýrri aðstöðu við Íþróttahúsið á Hellu. Tilagan var samþykkt með fjórum atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista en þrír fulltrúar Á-lista sátu hjá, og töldu ótækt að aðgangur að heilsurækt hækkaði um „u.þ.b. helming frá því sem nú er“. Verður leigusamningur lagður fyrir sveitarstjórn í vikunni.

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, segir bæjarbúa spennna yfir áformunum. Til þessa hefur heilsurækt verið starfrækt í kjallara Íþróttahússins á Hellu, sem er barn síns tíma að sögn Ágústs.


„Þetta hafa verið bráðabirgðaaðstæður, í kjallaranum í sundlaugarbyggingunni,“ sagði Ágúst en heilsuræktin þar hefur verið starfrækt um nokkurra ára skeið.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hella Til stendur að reisa þar tveggja hæða líkamsræktarstöð.

„Hugmyndin er að leggja hana af og láta þessa heilsurækt koma í staðinn. Það hefur vantað pláss fyrir áhöldin svo ákveðið var í fyrstu að byggja geymslu fyrir áhöld við Íþróttahúsið. Síðan ákváðum við að slá tvær flugur í einu höggi og byggja tveggja hæða viðbyggingu við Íþróttahúsið á Hellu,“ sagði hann. Haft var samband við þrjá aðila í haust og ákveðið að semja við Laugar ehf., sem er eignarhaldsfélag líkamsræktarkeðjunnar World Class. veronika@mbl.is



Ríkisjörð verði gáttin að fuglaparadís

Landgræðsla ríkisins tekur við ríkisjörðinni Langekru til að endurheimta votlendi. Rangárþing ytra fékk íbúðarhúsið keypt á sex milljónir og hyggst færa það Oddafélaginu sem vill efla hina sögufrægu nágrannajörð Odda sem miðstöð menningar og fræðslu.

UMHVERFISMÁL Landgræðslan tekur yfir land jarðarinnar Langekru á Rangárvöllum sem liggur að friðlandinu Oddaflóði.

Síðasti ábúandinn á ríkisjörðinni Langekru lést á árinu 2015. Þar eru 57 hektarar af ræktuðu landi en jörðin er að stórum hluta í óskiptu landi með sögustaðnum Odda. Steinsnar er milli íbúðarhúsanna á þessum tveimur jörðum.

Að því er fram kemur í minnisblaði sem tekið var saman í Rangárþingi ytra er Langekra að mestu mólendi og túnin blaut.

„Landið myndi að hluta til henta mjög vel til endurheimtar votlendis og með því að lagfæra gamla íbúðarhúsið væri komin frábær bækistöð fyrir uppbyggingu fuglaskoðunaraðstöðu gagnvart friðlandinu í Oddaflóðum og fornleifarannsóknunum og uppbyggingu í Odda,“ segir í minnisblaðinu. Oddaflóð eru vestur og suður af Langekru og Odda.

„Mikilvægur þáttur í Oddarannsóknunum eru greiningar og uppgroftur svokallaðra Sæmundarhella eða Nautshella en þeir liggja einungis nokkra tugi metra frá íbúðarhúsinu í Ekrú,“ segir áfram í minnisblaðinu. Oddafélagið hafi samið við Fornleifastofnun um fornleifarannsóknir í Odda í samstarfi við Minjastofnun. „Fræðimenn aðrir, meðal annars frá Háskóla Íslands, gætu átt innhlaup í Ekrú og þetta yrði í raun gáttin að friðlandinu í Oddaflóðum, votlend-



Oddafélagið vinnur að endurreisn menningar- og fræðaseturs á Odda og er ætluð bækistöð í Langekruhúsinu.

issetur og fuglaskoðunarparadís.“ Þá segir að með því að fylla í suma þá lélegu skurði sem séu í Ekrulandinu fái votlendið að ráða ríkjum eins og margir þrái. „Landgræðslan leikur einmitt lykilhlutverk í endurheimt votlendis og samstarfssamningur við Oddafélagið og sveitarfélagið Rangárþing ytra væri

farsæl leið til að fóstora vel ríkisjörðina Langekru.“ Fjármálaráðuneytið samþykkti í maí 2018 að umráð jarðarinnar yrðu færð til Landgræðslunnar í tengslum við endurheimt votlendis í samræmi við sóknaráætlun í loftslagsmálum. Landgræðslan hyggðist ráðast í kolefnismælingar og svo

endurheimt votlendis og bindingu kolefnis. Kvaðst ráðuneytið einnig tilbúið til að selja Rangárþingi ytra íbúðarhúsið á Langekru. „Slík sala yrði þó að byggja á hlutlægu verðmati sem tæki mið af markaðsverðmæti eignarinnar,“ segir í svarbréfi ráðuneytisins sem síðar samþykkti

» Oddaflóð var friðlýst árið 1994. Votlendi með miklu fuglalífi. Stærð friðlandsins er 568,4 hektarar.

verðmat umsvifamikils fasteignasala á Suðurlandi upp á sex milljónir króna. Opinbert fasteignamat var hins vegar 24 milljónir króna. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í desember vill meirihluti sveitarstjórnar færa Oddafélaginu íbúðarhúsið að gjöf en minnihlutinn leggur hins vegar til að félagið fái húsið til umráða en ekki til eignar. Oddafélagið vinnur að endurreisn menningar- og fræðaseturs á Odda. „Hugmyndin hefur alltaf verið að Oddafélagið myndi taka við húsinu og laga það til þannig að það nýttist meðal annars sem bækistöð fyrir fornleifafræðinga sem vinna að Oddarannsókn, fyrir fornleifaskólan og fleiri spennandi verkefni sem öll miða að því að gera Odda að miðstöð menningar að nýju. Þetta væri þá eins konar bækistöð og lítið fræðasetur – kannski fyrsti visir að Sæmundarsetri í Odda,“ segir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri. gar@frettbladid.is



Loo hyggst byggja jólahús á Hellu

● Ferðapjónustubóndi frá Malasíu tryggir sér tvær lóðir á Hellu ● Hefur stýrt umdeildri uppbyggingu á Leyni

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Athafnamaðurinn Loo Eng Wah hefur fengið vilyrði fyrir tveimur atvinnulóðum á besta stað á Hellu þar sem hann hyggst halda áfram uppbyggingu ferðapjónustu sinnar. Annars vegar er um að ræða lóð við bakka Rangár og hins vegar við Miðvang, gegnt skrifstofu sveitarfélagsins og miðstöð þjónustu þar.

„Loo er ekki af baki dottinn. Hann sótti um þessar lóðir fyrir nokkrum vikum og sveitarstjórn tók umsóknirnar fyrir. Þær voru samþykktar með fyrirvara um útlit og áform,“ segir Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra.

Áform Loo um uppbyggingu ferðapjónustu á jörðunum Leyni 2 og 3 í Landsveit hafa vakið mikla athygli eftir umfjöllun Morgunblaðsins. Loo, sem fer fyrir hópi fjárfesta frá Malasíu, hefur stórar hugmyndir um svæðið en óánægju hefur gætt með áform hans meðal hagsmunaaðila á svæðinu. Umfang uppbyggingarinnar hefur verið gagnrýnt sem og að uppbyggingin hafi hafist án þess að tilskilinna leyfa hafi verið aflað. Eftir mótmæli nágretta hefur Loo breytt áformum sínum nokkuð og eru þau minni í sniðum en upphaflega var stefnt að. Til að mynda verða umdeild hjólhýsi á Leyni fjarlægð. Heildargestaföldi er nú áætlaður um 170 manns en var upphaflega mun meiri. Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti nýverðið nýja tillögu að deiliskipulagi á svæðinu og er nú beðið niðurstöðu Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdir þar séu háðar mati á umhverfisáhrifum.

Reisir stoppistöð fyrir rútur

Nú virðist ljóst að Loo hefur ákveðið að beina sjónum sínum að



Morgunblaðið/Hari

Framkvæmdagleði Malasíumaðurinn Loo Eng Wah beinir nú sjónum sínum að Hellu og áformar uppbyggingu ferðapjónustu þar, samfara áformum sínum Leyni 2 og 3 í Landsveit. Loo hefur þegar tryggt sér tvær lóðir.

Hellu samfara uppbyggingunni á Leyni. Haraldur Birgir segir að lóðirnar tvær séu afar eftirsóknarverðar og forvitnilegt verði að sjá hvernig Malasíumaðurinn hyggist nýta þær.

Í umsókn fyrir lóðina að Rangárbakka kemur fram að Loo hyggist reisa þar timburhús og vill að framkvæmdir hefjist næsta sumar. Húsið er hugsað undir minjagripaverslun, upplýsingamiðstöð, gistingu, bíla-leigu og sem jólahús. „Ég veit ekki af hverju hann vill byggja þarna jólahús. Kannski eru þau svona heilluð af jólaundirbúningi og jóluunum hér,“ segir Haraldur Birgir.

Lóðin við Miðvang 5 er að mati skipulagsfulltrúans mjög spennandi

enda í miðju þjónustu bæjarins. „Hún er í rauninni andlit Hellu og inngangur upp á hálendið,“ segir Haraldur Birgir og bendir á að nýtt deiliskipulag bæjarins, sem nú er unnið að, feli í sér stækkun á bílastæði við Prúðvang sem ætti að liðka enn frekar fyrir þeim fjölmörgu ferðamönnum sem þar fara um.

Þetta hyggst Loo nýta sér og byggja skrifstofur fyrir félag sitt, New Horizons, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og stoppistöð fyrir rútur.

Ferðapjónustufyrirtækið Southcoast Adventure ehf. frá Hvolsvelli hefur fengið úthlutaða lóðina við Miðvang 3. Það er því útlit fyrir talsverða uppbyggingu í ferðapjónustu á Hellu á næstu misserum.



Bændablaðið, 23.01.2020, síðu 10
grein stærð: 122.21 sm²
grein hæð: 7.83 sm

Norska fyrirtækið Zephyr vill reisa vindorkuver í Rangárfingi ytra

Vindorkufyrirtækið Zephyr Iceland er með í undirbúningi vindorkuverkefni á landi innan marka sveitarfélagsins Rangárfings ytra.


Fyrirtækið er að stærstu leyti í eigu norska vindorkufyrirtækisins Zephyr AS, sem er í eigu þriggja norskra vatnsaflsfyrirtækja, sem öll eru í eigu norskra fylkja og sveitarfélaga. Zephyr AS er með mikla reynslu af vindorkuverkefnum í Noregi. Á næstunni verður óskað eftir leyfi



Zephyr AS, sem er í eigu þriggja norskra vatnsaflsfyrirtækja, sem öll eru í eigu norskra fylkja og sveitarfélaga.

til vindmælinga á umræddu landi innan sveitarfélagsins en hvernig

málið verður afgreitt er ómögulegt að segja til um. /MHH



Byggja 500 manna fundarsal

● Framkvæmdir halda áfram við Stracta-hótelið á Hellu ● Stjórnendur kynna áform um stóran ráðstefnu- og fundarsal og sérstæð smáhýsi ● Sveitarstjórn tekur vel í að heimila stækkun lóðar

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Eigendur Stracta-hótelisins á Hellu eru að undirbúa byggingu fundar- og ráðstefnusalar fyrir 400-500 manns og bæta við gistingu í sér-

stæðum smáhýsum. Málið hefur verið kynnt fyrir byggðaráði Rangárþings ytra þar sem vel var tekið í að stækka lóð hótelsins í þessum tilgangi.



Hreiðar Hermannsson

Stracta-hótelið á Hellu var opnað á árinu 2014 og

hafa framkvæmdir haldið áfram.

Hreiðar Hermannsson, hóteltjóri og eigandi, segir að á síðasta ári hafi verið bætt við 32 gistihbergjum. Á næstunni verði tekinn í notkun gangur úr gleri sem biðsalur fyrir þá gesti sem vilji sjá norðurljósin. Er hann kallaður Vetrarbrautin. Þar verða sæti eins og í biðsal flugstöðvar og hægt að kaupa veitingar.

Öll tækin gerð úr tré

„Við erum með stóra lóð en eftir því sem meira er framkvæmt þurfum við að fá hana stækkaða til framtíðar,“ segir Hreiðar.

Þá er verið að koma upp lítilli líkamsræktarstöð með öllum helstu



Ljósmynd/Aðsend

Stracta-þorpið stækkar Ráðstefnuhúsið verður sunnan við herbergjaálmurnar, lengst frá aðalhúsinu.

þrektækjum. Hreiðar segir að öll tækin verði úr tré enda áhersla á að byggingar og rekstur séu eins vistvæn og mögulegt er. Áformað er að taka stöðina í notkun með vorinu.

Fyrirhugað er að byggja fundar- og ráðstefnusalinn í beinu framhaldi af norðurljósa ganginum. Segir Hreiðar að hægt hafi verið að halda ráðstefnu fyrir 210 manns í hóteliinu en hann hafi fengið fyrirspurnir um stærra ráðstefnu, allt upp í 350 manns. Tekur hann fram að ef stórar ráðstefnur fái stungið muni hótelið leita

samstarfs við aðra gististaði í nágrenninu. Stracta hefur sótt um lóð suður af núverandi lóð fyrir ráðstefnusalinn.

Þá er hugmyndin að byggja lítil hús í hæðinni vestan við Stracta-hótelið. Ætlunin er að þau verði einstök að gerð, að minnsta kosti verði ekki nema tvö eins. Ein hugmyndin er um hús úr timbri sem verði eins og hraunmolar í laginu og önnur um útsýnishús úr gleri. Ætlunin er að fólk geti keypt sér mismunandi upplifun í gistingu. Fyrirhugað er að

kynna áformin á ferðakaupstefnu á næstu dögum.

„Okkur finnst þetta áhugaverðar hugmyndir. Það vantar til dæmis tilfinnanlega stóran ráðstefnusal hér á svæðinu,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Hann segir að landið sé í eigu sveitarfélagsins og ekki í notkun. Eftir sé að skilgreina lóð og leggja málið fyrir sveitarstjórn. Eftir það þurfi áform fyrirtækisins að fara í gegnum skipulagsferli.

FÆRA ÚT KVÍARNAR

Framkvæmdir á Orustustöðum

Framkvæmdir eru hafnar við vegagerð og jarðvinnu við starfsmannahús væntanlegs hótels Stracta á Orustustöðum á Brunasandi, austan við Kirkjubæjarklaustur. Hreiðar Hermannsson á jörðina og hefur undirbúið byggingu hótels þar í mörg ár, þar sem lögð verður áhersla á vistvænar byggingar og rekstur.

Hreiðar segir að í Evrópu fari 40% af allri orku í að byggja og reka mannvirkin. Hótelið verður byggt í samræmi við nýjustu tilskipun ESB þar sem lögð er áhersla á að kolefnisspor verði sem minnst. Segir hann mun auðveldara að fjármagna hótél sem grundvallast á þessum hugmyndum en eldri hönnun. Sjálfur segir Hreiðar að sér myndi ekki detta í hug að hefja byggingu nýs hótels á öðrum forsendum.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Oddakirkja Kirkja hefur verið í Odda frá því í öndverðri kristni. Þar ríktu Oddaverjar, ein helsta valdaætt Suðurlands.

Undirbúa þverfaglega rannsókn í Odda

● Þarf fjármagn til að rannsaka Sæmundarhellana betur

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Unnið er að undirbúningi þverfaglegrar rannsóknar á Odda á Rangárvöllum sem ritmenningarstað. Á vegum Oddafélagsins er unnið að endurreisn höfuðbólsins Odda og eru rannsóknirnar grundvöllur þess.

Oddafélagið hefur haft áhuga á að hefja fornleifarannsóknir á Oddastað. Sumarið 2018 hófust rannsóknir samkvæmt þriggja ára áætlun og komu fornleifafræðingar strax niður á stórmerkar minjar, elstu manngerðu hella sem vitað er um hér á landi. Hellarnir hafa í daglegu tali verið tengdir nafni Sæmundar fróða Sigfússonar, goðorðsmanns og prests í Odda, Sæmundar á selnum.

Þarf að rannsaka fornminjar

Ekki hafa fengist fjárveitingar úr fornminjasjóði til að rannsaka hellana betur og halda áfram með rannsóknina. Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra og formaður Oddafélagsins, segir að nú sé umsókn hjá fornminjasjóði um fjármagn til rannsókna og vonast hann til að hægt verði að taka upp þráðinn að nýju og ljúka rannsóknaráætluninni.



Morgunblaðið/Kristinn

Stytta Sæmundur fróði er á virðulegum stað við Háskóla Íslands.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á síðasta ári, í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins, að veita fjármagn til rannsókna á ritmenningu miðalda. Ágúst segir að Oddi hafi verið ein af ritstofum miðalda og þar sé mikil þörf á rannsóknum.

Er Oddafélagið nú að setja upp

áætlun um þverfaglega rannsókn og koma margir fræðimenn að verkefniinu. Ágúst segist verða var við mikinn áhuga fræðimanna á Oddarannsókninni. Auk fornleifarannsóknna er ætlunin að vinna úr því efni sem til er um Odda til að reyna að skilja hvernig staður þetta var og segja sögu hans. Áætlunin verður í anda þverfaglegrar rannsóknar sem nýlokið er í Reykholti í Borgarfirði og skilaði góðum árangri.

Sótt verður um styrk úr rannsóknarsjóðnum til að hrinda Oddarannsókninni á flot.

Stefnt að Oddahátíð

Héraðsnefnd Rangæinga hefur stutt fjárhagslega lagfæringar á húsinu Ekru í nágrenni Odda. Þar á að vera bælistöð fornleifafræðinga og annarra sem vinna að rannsóknum á staðnum. Þá stendur til að byggja varanlegra skjól yfir hellismunnann sem grafinn var upp sumarið 2018 til að verja minjarnar betur en hægt er með því bráðabirgðapakki sem reist var yfir þær.

Til stendur að halda Oddahátíð í sumar, væntanlega í júlí. Sú fyrsta var haldin fyrir tveimur árum. Oddafélagið stefnir að því að halda slíkar hátíðir annað hvert ár.



Oddi kemst í þjóðbraut á ný

● Oddabrú á Þverá er að verða tilbúin ● Unnið að lagningu vegar ● Íbúar Bakkabæja tengjast beint inn í sveitarfélag sitt ● Rangárþing ytra greiðir hluta kostnaðar á mótí Vegagerðinni

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Bakkabæirnir tengjast aftur sínu forna höfuðbóli, Odda á Rangárvöllum, þegar brú á Þverá verður tekin í notkun. Oddabrú er tilbúin en unnið er að því að veita ánni aftur undir brúna og tengja hana við aðliggjandi vegakerfi. Stutt er í að brúin verði tekin í notkun.



Ágúst Sigurðsson

„Frá gamalli tíð voru vatnsföllin hluti af vegakerfinu. Menn fóru um á hestum og riðu yfir árnar. Bakkabæirnir tilheyrðu Oddahverfi, eins og nöfn sumra þeirra gefa til kynna, eins og Fróðholt sem tengt er nafni Sæmundar fróða,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra.

Þjóðleiðin um Suðurland og í kaupstað á Eyrarbakka lá um Oddastað. Það er talið hafa átt þátt í frægð staðarins og völdum Oddaverja og hefur Helgi Þorláksson, fyrrverandi prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, bent á það í riti sínu „Gamlar götur og goðavald“.

Bakkabæir sem nú eru um tíu talsins en voru fyrr á tíð mun fleiri með hjáleigum og kotum, voru frá fornu fari, að líkindum frá dögum Sæmundar fróða, í eigu Oddakirkju, eða þar til á síðustu öld að ríkið fór að selja kirkjugarðir. Þeir áttu því kirkjusókn í Odda og tilheyrðu Rangárvalla-hreppi hinum forna sem rann inn í Rangárþing ytra þótt þessi mikli farartálmi væri á milli.

Hugsanleg skýring á tengslum bæjanna við Rangárvelli en ekki Landeyjar er að Þverá hafi runnið sunnan við Bakkabæi en breytt um farveg. Það eru þó ósönnuð munn-mæli.

Öryggið aðalástæðan

Lengi hefur verið barist fyrir því að tengja Bakkabæina og þar með Vestur-Landeyjar við Rangárvelli. Ágúst segir að aðalástæðan sé öryggi íbúanna, að þeir hafi fleiri möguleika ef jökulflóð fara yfir í kjölfar elds-umbrota. Almannaþingir hafa hvatt til þess að ráðist verði í þessa veg-tengingu.

Fleira kemur til. Sókn Oddapresta var víðfeðm og erflið yfirferðar. Þjóðskáldið Matthías Jochumsson sem var prestur í Odda seint á nítjándu öld sagði þegar hann orti um sóknina:



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Oddabrú Brúin á Þverá er hin myndarlegasta. 93 metrar að lengd og vegurinn að Odda tveir kílómetrar. Unnið er að því að veita ánni undir brúna.



Vegagerð Nýja brúin stýttir leiðina frá Bakkabæjum að Odda um 25 km og leiðina til Hellu um 11,5 kílómetra.

Brauðið erfitt er / áin kölluð þver ...

Ágúst bendir á að framkvæmdin hafi margar góðar hliðarverkanir. Betri tenging verði innan sveitar. Þess má geta að leið íbúa á Bakkabæjum til Hellu stýttist mikið því nú þurfa þeir ekki að fara krókinn upp á Suðurlandsveg og í gegnum Hvols-

völl til að komast til stjórnsýslu-miðstöðvar sveitarfélagsins, Hellu. Ágúst bendir á að þarna sé komin aukaleið um Suðurland, ef Suðurlandsvegur teppist af einhverjum ástæðum. „Þetta mun ábyggilega hafa áhrif til að gera ferðalög fjölbreyttari,“ segir Ágúst og bendir á

vaxandi straum ferðafólks og mikilvægi ferðapjónustu fyrir héraðið. Þá komist forna höfuðbólið Oddi í þjóðleið á ný.

Sveitarfélagið tekur þátt


„Við höfum tekið þessa framkvæmd af hugmyndastigi yfir á fram-

kvæmdastig,“ segir Ágúst spurður um ástæðu þess að ráðist er nú í framkvæmd sem barist hefur verið fyrir í langan tíma. Í fyrstu var hugmyndin að koma á bráðabirgðatengingu, í öryggisskyni, og nota til þess bráðabirgðabrú sem var að ljúka hlutverki sínu á Múllakvísl. Það reyndist ekki skynsamlegt en málið þróaðist áfram. Sveitarfélagið lýsti vilja til að koma að verkinu með ríkinu og að lokum var ráðist í framkvæmdir.

Fyrsta fjárveiting fékkst á árinu 2016. Reknir voru niður um 10 metra langir straurar sem sökkjar og brúarstöplar voru steiptir ofan á. Á síðasta ári voru síðan stálbitar lagðir ofan á stöplana og brúargólf lagt úr timbri.

Á vegum sveitarfélagsins er verið að leggja vegi að brúnni en vegurinn á milli Bakkavegar og Odda verður ekki nema tveir kílómetrar. Brúin sjálf er 93 metra löng. Sveitarfélagið leggur um 50 milljónir í verkið og ríkið um 120 milljónir. Ágúst segir að verkið hafi verið unnið í skorpum og ýtrustu hagkvæmi verið gætt.

Ágúst er ánægður með verkið. „Þetta er óskaplega falleg leið. Hekla er hvergi fallegri en frá brúnni,“ segir Ágúst Sigurðsson.



Oddi á Rangárvöllum

Oddi á Rangárvöllum er einn mikilvægasti staður landsins þegar kemur að menningu

þess og sögu. Sú staðreynd að Sæmundur fróði Sigfússon sat staðinn, vígðist þar til prests og reisti kirkju væri Íslendingum nægt tilefni til að sýna staðnum áhuga. En í Odda var einnig sonarsonur hans, Jón Loftsson, sem á sinni tíð var einn mesti, ef ekki mesti, höfðingi landsins. Þá var Oddi mikið mennta- og menningarsetur og raunar höfðingjasetur sem jafnaðist á við slík í fjölmennari ríkjum handan hafins. Þetta er þó ekki allt því að í Odda var einnig lagður grunnur að menntun Snorra Sturlusonar sem Jón tók í fóstur eins og þá tíðkaðist í virðingarskyni eða til að tryggja friðinn, eins og í þessu tilviki.

Veganesti Snorra Sturlusonar frá Odda nýttist honum vel bæði heima og erlendis enda varð hann um hríð helsti höfðingi landsins og byggði sjálfur upp menningarsetur í Reykholti í Borgarfirði. Á síðustu áratugum hefur verið haldið vel á endurreisn þess menningarseturs, sagan verið rannsökuð og varðveitt með lifandi og áhugaverðum hætti svo landsmenn allir, og raunar í seinni tíð erlendir ferðamenn í vaxandi mæli, geta kynnt sér merka sögu staðarins.

Í Morgunblaðinu um helgina var sagt frá því að nú væri í undirbúningi að ráðast í þverfag-

Merkileg saga sem verðskuldar rannsóknir og kynningu

lega rannsókn á Odda á Rangárvöllum sem ritmenningarstað. Á vegum Oddafélagsins sé unnið að end-

urreisn höfuðbólsins Odda og rannsóknirnar séu grundvöllur þess.

Fram kemur í fréttinni að ekki hafi fengist fjárveitingar úr fornminjasjóði til að rannsaka hella á Odda sem tengdir hafa verið nafni Sæmundar fróða og taldir eru elstu manngerðu hellar hér á landi. Þar hafa þegar fundist merkar minjar og sjálf sagt er að halda rannsóknum áfram.

Íslendingar þurfa að sýna sögu staða á borð við Odda á Rangárvöllum virðingu með því að stunda þar nauðsynlegar rannsóknir og gera almenningi kleift að kynna sér söguna. Saga Íslands er stórmerkileg, ekki síst sú sem snýr að ritmenningu en þar var Oddi ótvírætt í fremsta flokki á miðöldum, eins og formaður Oddafélagsins, Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra, bendir á í fréttapistli á vef félagsins. Hann bindur vonir við að með átaksverkefni ríkisstjórnarinnar um ritmenningu miðalda, sem sett hafi verið á laggirnar í fyrra, fái þá fjármagn sem þurfi til að stunda rannsóknir á Odda sem séu á algjörum byrjunarreit. Óhætt er að taka undir að tímaþætt er að rannsóknir og uppbygging á þessu merka menningarsetri fái aukið vægi.



Sorpstöð Rangárvallasýslu:

Smíði brennsluofns fyrir dýrahæ í skoðun

Sorpstöð Rangárvallasýslu vinnur nú að mati á umhverfisáhrifum brennsluofns fyrir dýrahæ og dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 á Strönd á Rangárvöllum í samvinnu við Umhverfisstofnun Íslands í Borgarnesi.

Afkastageta ofnsins er allt að 4.000 tonn á ári. Nú liggja fyrir drög að tillögu að matsáætlun og gefst almenningi kostur á að

koma á framfæri athugasemdum við þau fram til 21. febrúar 2020. Eftir þann tíma verður tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Í drögum að tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og greint er frá helstu áhrifaþáttum framkvæmdarinnar og hvaða áhrifaþættir verða í brennidepli í mati á umhverfisþáttum. /MHH



Morgunblaðið, 10.02.2020, síðu 1
grein stærð: 122.66 sm²
grein hæð: 7.92 sm

Vænta niðurstöðu í vor

● Fimm sveitarfélög á Suðurlandi funda um sameiningu

„Þetta er mjög spennandi vinna og gengur vel,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra.

Fimm sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu hafa ráðið verkefnastjóra til að stýra undirbúningsvinnu fyrir mögulega sameiningu sveitarfélögunna. Fyrsti fundur undir hans stjórn er á morgun og samkvæmt verkáætlun á að liggja fyrir skýrsla um kosti og galla sameiningar fyrir sumarfrí. Sveitarfélögin geti í kjölfarið ákveðið hvort sameiningar-


áformin fari í lögformlegt ferli.


Sveitarfélögin sem um ræðir eru Skaftárhreppur með Kirkjubæjar-klaustur sem þéttbýlisstað, Mýrdalshreppur með Vík, Rangárþing eystra með Hvolsvöll, Rangárþing ytra með Hellu og Ásahreppur. Alls myndu vera um 5.100 íbúar í sameinuðu sveitarfélagi.

Sveitarfélögin fjögur í Austur-Húnavatnssýslu, sem átt hafa í viðræðum undanfarin tvö ár, hafa sömuleiðis ráðið verkefnastjóra til að stýra undirbúningsvinnu.

hdm@mbl.is »14

Fjöldi sveitarfélaga á Íslandi 1992-2022





Mótmæla eignarnámsheimild til nýrrar Þjóðgarðastofnunar

„Þessi grein og hugmyndafræðin sem liggur að baki er óásættanleg,“ segir hreppsnefnd Ásahrepps um ákvæði í drögum að stjórnarfrumvarpi um Þjóðgarðastofnun sem feli í sér heimild til stofnunarinnar til að beita eignarnámi. Algerlega ótækt sé að fela stjórnanda einnar stofnunar slíkt vald, segir Ásahreppur.


STJÓRNSÝSLA Frumvörp frá ríkisstjórninni um Þjóðgarðastofnun annars vegar og hálendisþjóðaer mótmælt harðlega af hreppsnefnd Ásahrepps.

Í umsögn mótmælir hreppsnefndin sérstaklega fyrirhuguðum heimildum um kaup og eignarnám sem eru í frumvarpinu um Þjóðgarðastofnun.

„Þessari grein og hugmyndafræðin sem liggur að baki er óásættanleg. Í þessari grein kemur fram heimild til Þjóðgarðastofnunar, að fengnu leyfi ráðherra, til að taka eignarnámi lönd mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðun,“ segir hreppsnefndin. Þótt vísað sé í ákvæði jarðalaga um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu að gera meg á því undantekningar.

„Hér er verið að veita einstakri stofnun heimild, til dæmis til að kaupa nytjarétt sem hefur meðal annars verið lögvarinn með úrskurði Óbyggðanefndar þegar um er að ræða afrétti á þjóðlendum,“ segir hreppsnefndin. Ljóst sé, með úrskurði Óbyggðanefndar, að óbeinum eignarrétti nytjaréttihafa á afréttum verði ekki hnikað nema með eignarnámi.

„Hér liggur það fyrir, svart á hvítu, að það er hluti af hugmyndafræðinni sem liggur að baki þessum drögum að frumvarpi. Þessum hugmyndum er mótmælt harðlega og þess krafist að verði brott felld úr þessum drögum að frumvarpi. Ásættanlegt gæti talist að Þjóðgarðastofnun mætti kaupa upp slíkar eignir ef handhafi þeirra eigna vildi selja, en að færa slíkt vald til stjórnanda einnar stofnunar, með samþykki ráðherra, er alger-



/// Ásahreppur

Ásahreppur er vestast í Rangárvallasýslu. Áshreppingar hafa atvinnu af landbúnaði, verslun og öðrum þjónustugreinum. Náttúran er mjög fjölbreytt, mýrlent á köflum en ásar og holt á milli þar sem bændabýlin standa 3 til 5 í þyrpingum eða hverfum, sem

lega ótækt,“ segir Áshreppur.

Þá segir hreppsnefndin langt í frá að forvinnu sé lokið. „Með slíku frumhlaupi, að fara fram með þessi frumvörp svo illa undirbúin mun tryggja átök og afar skiptar skoðanir um réttmæti þessarar vegferðar,“ segir í umsögninni. Með

einkenna byggðamynstur sveitarfélagsins. Stærsta varpland grágæsar á Íslandi er við Frakkavatn.

Þjórsá rennur við hreppamörkin og sýslumörkin í vestri. Afréttur Ásahrepps er 4/7 hlutar af Holtamannaafrétti á móti 3/7 hlutar Rangárþings ytra. Holta-

stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu verði skipulagsvald sveitarfélaga skert til mikilla muna og fært til ríkisstofnunar.

„Með þessum frumvörpum er verið að færa stjórn og umráð yfir 40 prósent Íslands til örfárra aðila innan ríkisstofnunar. Þetta

mannaafréttur nær meðal annars yfir austurhluta Þjórsárvera, og vesturhluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Um Holtamannaafrétt liggur Sprengisandsvegur milli Suður- og Norðurlands.

1. janúar 2019 voru íbúar Ásahrepps 248. Heimild: Ásahreppur

er nokkuð sem hreppsnefnd Ásahrepps getur engan veginn sætt sig við,“ segir hreppsnefndin. Það sé æði þreytandi að horfa upp á að til nokkurra áratuga hafi verið vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga með einum eða öðrum hætti. gar@frettabladid.is



Sauðfé jafnfátt og við fjárskipti

- Hröð fækkun sauðfjár allra síðustu árin ● Helmingi færri kindur en þegar þær voru sem flestar
- Forystumenn telja að framleiðslan dragist áfram saman þangað til afurðaverðið hækkar

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Ljóst er að sauðfé hefur fækkað umtalsvert í haust. Fjöldinn er nú kominn niður í 411-412 þúsund, samkvæmt bráðabirgðatölum. Slíkar tölur hafa ekki sést síðan á árunum 1949-1951, eftir fjárskipti vegna sauðfjárjúkdóma í mörgum landshlutum. Fyrir utan þessi þrjú ár um miðja 20. öldina þarf að fara aftur til ársins 1889 og árunna þar á undan til að sjá tölur um svo fátt fé í landinu.

Tölurnar um búfjárnýðningu á árinu 2019 sýna fækkun í öllum búfjártæðingum, hlutfallslega mestum í minkarækt, enda hefur sú grein hrunið á síðustu árum vegna lágs heimsmarkaðsverðs á skinnnum. Tekið skal fram að tölurnar fyrir árið 2019 eru bráðabirgðatölur og eru líkur á að þær hækki frekar en lækki þegar allir hafa skilað skýrslum. Samkvæmt stöðunni snemma í þessum mánuði er útlit fyrir að sauðfé fækki um rúmlega 21 þúsund, eða um 5% frá árinu á undan. Kemur þetta til viðbótar fækkun undanfarinna ára, meðal annars fækkun um 28 þúsund á árinu 2018.


Afurðaverð þarf að hækka

„Ég vona ekki. Við erum að skrapa botninn til að ná að sinna innanlandsmarkaði,“ segir Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjáraðenda, þegar hann er spurður hvort hann eigi von á frekari fækkun í ár. Hann segir þó að búast megi við einhverri fækkun.

„Ef afurðaverðið hækkar ekki munum við sjá frekari samdrátt. Vitað er um bændur sem eru að hætta núna og talsvert um að menn séu að draga saman seglin. Erum kannski í annarri vinnu sem þeir treysta á sem tekjulind fyrir fjölskylduna frekar en búskapinn. Ef staðan er orðin sú að menn líta svo á að það borgi sig ekki að standa í þessu erum við ekki að sjá fyrir endann á fækkuninni,“ segir Unnsteinn og tekur fram að seigt sé í sauðfjáraðendum en baslið sé óneitanlega ljýjandi.

Hann lætur þess getið að afurðaverðið sé 24% lægra en árið 2013, en á sama tíma hafi verðlag hækkað

Fjöldi búfjár 1940-2019



Fjårflestu sveitarfélögin 2019

	2018	2019	Breyting
Húnaþing vestra*	38.074	36.883	-1.191 -3%
Skagafjörður	32.400	30.762	-1.638 -5%
Borgarbyggð	30.719	29.870	-849 -3%
Húnavatnshreppur	27.977	27.968	-9 0%
Dalabyggð	25.779	25.526	-253 -1%
Fljótsdalshérað	26.670	24.674	-1.996 -7%
Pingeyjarsveit	16.535	16.287	-248 -1%
Hornafjörður	15.323	14.468	-855 -6%
Skafthreppur	14.515	14.078	-437 -3%
Norðurþing	15.310	13.791	-1.519 -10%
Rangárþing eystra	12.599	12.011	-588 -5%
Rangárþing ytra	11.356	10.483	-873 -8%

*Bæjarhreppur innifalinn Bráðabirgðatölur Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið

Fjöldi búfjár 2019

	2018	2019	Breyting
Nautgripir	81.636	80.728	-908 -1%
Sauðfé	432.992	411.563	-21.429 -5%
Svín	40.492	34.946	-5.546 -14%
Loöðýr	19.502	13.025	-6.477 -33%
Alifuglar	942.815	805.028	-137.787 -15%
Geitur	1.493	1.450	-43 -3%

SAUÐFJÁREIGN

Fjárskipti vegna pesta

Fjöldi sauðfjár í landinu var á bilinu 300 til 500 þúsund megnið af 19. öldinni. Á 20. öldinni var fjöldinn yfirleitt á bilinu 500 til 900 þúsund fjár, fór hæst í 896 þúsund árið 1977. Öldinni lauk eins og hún hófst með um 500 þúsund fjár. Sauðfjáreign hélst nokkuð stöðug í 450-500 þúsund fjár á þessari öld en eftir 2017 hefur fjöldinn hrapað og er nú kominn í 411-412 þúsund. Svarar það til fjárskiptaáranna á 20. öld. Ráðist var í fjárskiptin vegna mæðiveiki, garnaveiki og fleiri fjárpesta sem bárust með karakúlfé sem flutt var til landsins á árinu 1933. Áður en pestimar fóru að herja á íslenskt fé voru 728 þúsund fjár í landinu.

Fjárskipti hófust á árinu 1937 og stóðu fram yfir 1950. Fæst var féð árið 1949, 402 þúsund, þegar fjárskiptin voru í algleymingi auk þess sem voru í hart.



Morgunblaðið/Eggert

Vatnsnes Húnaþing vestra er nú fjárflesta sveitarfélag landsins.

um 13%. Samkvæmt útreikningum hans hafa sauðfjáraðendur orðið af 6-7 milljarða tekjum á þessum tíma.

200-400 tonna samdráttur

Unnsteinn á von á því að fækkunin verði ekki alveg eins mikil og bráðabirgðatölur benda til. Áætlanir hans gefa þó til kynna að framleiðsla á dillakjöti minnki um 200 til 400 tonn á þessu ári. Framleiðslan verði innan við 8 þúsund tonn í haustslátrun en þegar hún var mest, á árinu 2016, komu 9.300 tonn út úr slátruhúsunum. Hefur framleiðsla á dillakjöti því minnkað um rúm 1300 tonn á þessum tíma.

Minna má á að umræða var um það í sumar að ekki yrði til nóg af hryggjum fyrir innlenda markaðinn og voru fluttir inn lambhryggir, sem ekki hefur gerst áður. Þetta var eitthvað málum blandið því nóg virtist til í heildina þótt einstaka heildsalar gætu ekki útvegað viðskiptavinum sínum vöruna.

Yngra fólk að taka við

Ef litið er til héraðanna sést að flest er féð í Húnaþingi vestra og tekur sveitarfélagið þar með fram úr Skagafirði, sem áður var fjárflesta sveitin. Ekki er þó allt sem sýnist, því breytingin stafar af sameiningu Bæjarhrepps á Ströndum við nágrannasveitarfélagið hinum megin Hrutafjarðar, Húnaþing vestra.

Fé í fjárflestu héruðum fækkar almennt um 3 til 8% á milli ára, samkvæmt bráðabirgðatölum. Mesta fækkunin í þessum hópi virðist ætla að verða í Norðurþingi, þar sem fækkunin er 10%.

„Þetta hefur haldist nokkuð hér. Það er minni fækkun á þessu svæði en víða annars staðar,“ segir Gunnar Þórarinnsson, bóndi á Þóróddsstöðum í Hrutafirði. Spurður um skýringar segir hann að ágætt sé að vera með sauðfjáraðbúskap á þessu svæði.

Hann segir að einhverjir bændur hafi hætta en einnig sé svolítið um að ungt fólk hafi verið að kaupa jarðir og hefja búskap. „Í flestum tilvikum þar sem fólk hefur hætta hefur yngra fólk tekið við. Það er mjög jákvætt,“ segir Gunnar.

Hann telur að þróunin fram undan ráðist nokkuð af því hvernig afurðaverðið þróist. Samdrátturinn haldi áreiðanlega áfram þar til afurðaverðið hækkar.



Morgunblaðið, 18.02.2020, síðu 1
grein stærð: 166.23 sm²
grein hæð: 8.04 sm

Vilja ekki missa Krónuna

● Sátt við Samkeppniseftirlitið í uppnámi vegna afstöðu íbúa á Hellu og Hvolsvelli

Þóroddur Bjarnason
Helgi Bjarnason

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Rangárþings eystra hafa hafnað því að veita Festi, móðurfélagi N1 og Krónunnar, heimild til að framleigja húsnæði verslana sinna á Hellu og Hvolsvelli til annarra verslanakeðja. Þar sem Festi getur hvoruga verslunina selt getur fyrirtækið ekki uppfyllt skilyrði sem sett voru í sátt við Samkeppniseftirlitið vegna samruna Festar og N1.

Átti að opna Nettó-verslun

„Þau vilja ekki missa Krónuna úr bænum. Menn telja sig verr setta með að fá samkeppnisaðila okkar í bæinn í staðinn fyrir okkur,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar, í samtali við Morgunblaðið. Samið hafði verið við Samkaup um framleigu á húsnæðinu á Hvolsvelli og hugðist fyrirtækið opna þar Nettó-verslun. Festi verður áfram með rekstur á Hellu en breytir Kjarvalsversluninni í Kr.-búð.


Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, segir að ákvörðunin um að hafna framleigu húsnæðisins til annarra hafi verið tekin með hagsmuni íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi. Mikil ánægja sé með verslunina og fólkíð vilji ekki breytingar.

Spurður um næstu skref í málinu segir Eggert að nú undirbúi Festi sig fyrir viðræður við Samkeppniseftirlitið um breytingar á sáttinni. Krónan verði áfram á Hvolsvelli enda séu enn sjö ár eftir af leigu-

samningi um húsnæði verslunarinnar en það er í eigu sveitarfélagsins.

„Vonandi komast menn að þeirri niðurstöðu að sáttin sé ekki að virka. Þessi skilyrði eru ekki neinum til hagsbóta hér úti á landi þótt það kunni að eiga við í höfuðborginni þar sem styttra er á milli verslana og meira val. Það besta í stöðunni væri að þetta skilyrði félli niður við endurskoðunina,“ segir Anton Kári Halldórsson.

M Neita að skipta... »6



Tugir útkalla hjá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu

ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hellu



Fimleikadeild Ungmennafélagsins Heklu er með öflugt starf í öllum aldursflokkum og eru um 140 börn og unglingar úr héraðinu sem æfa reglulega. Þau koma frá skólum og leikskólum á Hellu, Hvolsvelli og Laugalandi. Hópur þeirra elstu sem eru frá 12-16 ára hafa náð góðum árangri undanfarið í keppnum og sýningum. Þau fóru til Svíþjóðar sl. haust og dvöldu þar í æfingabúðum í eina viku. Ungmennafélagið Hekla heldur uppi ötulu starfi í mörgum íþróttagreinum.

Flugbjörgunarsveitin á Hellu hefur átt annrkt undanfarna mánuði, líkt og aðrar björgunarsveitir á landinu. Farið hefur verið í nokkra tugi útkalla síðan í október og má nefna að 35 verkbeiðnum var sinnt þann 14. febrúar sl. Þegar veðrið var sem verst hér um slóðir. Í fyrradag var sveitin kölluð út vegna ófærðar og erfðleika austan Þjórsár. Öflugt starf er hjá sveitinni og að sögn Erlu S. Sigurðardóttur formanns eru núna 40-50 manns á útkallslista og um 20 manns í unglingsdeild. Sveitin er vel búin tækjum, á einn snjóbil og vöruflutningabíl sem fylgir honum, fimm snjósléða og Ford 350 sem fylgir þeim, sexhjól og Toyota Tacoma-pallbíl, Unimog-torfæribú og einn öflugan og mikið breyttan GMC, sem er nýttur í sjúkra- og fólksflutninga. Að lokum má nefna stjórnstöðvarbíl sem kom frá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík til varðveislu og notkunar hjá sveitinni á Hellu.

Fjáröflunarstarf hefur verið með svipuðum hætti hjá Flugbjörgunarsveitinni undanfarin ár og er fyrsta torfærukeppni sumarsins sem haldin er í maí sú sem gefur drýgstar tekjur ár hvert. Þar á eftir kemur sala á neyðarkalli og sala á flugeldum auk styrkja frá fyrirtækjum,



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Fimleikahópur Elsti hópurinn í fimleikadeild Ungmennafélagsins Heklu með þjálfara sínum, Erlu S. Sigurðardóttur, en um 140 æfa þar reglulega.

félagasamtökum og einstaklingum. Torfærukeppnin í maí er fyrsta keppnin um Íslandsmeistarátitilinn ár hvert og hefur verið haldin síðan árið 1974. Þá má geta þess að undir lok síðasta árs var skrifað undir samning við sálfræðistofu þar sem félagar geta nýtt sér 1-5 sálfræðitíma í boði FBSH.

Flugbjörgunarsveitin á Hellu er stofnuð rétt upp úr miðri síðustu öld og hefur því starfað í tæp 70 ár. Ákveðið var að stofna sveitina eftir að flugvélin Geysir fórst á Bárðarbungu haustið 1950. Þá kom í ljós þörfin á að ávallt væru til staðar öflugar björgunarsveitir, sem brugðist gætu við í erfiðum neyðartilfellum. Sveitin hét fyrst Flugbjörgunarsveit Rangæinga, en síðar var nafninu breytt. Fyrirmynd að stofnun sveitarinnar var sótt til Reykjavíkur, en þar hafði þá nýlega verið stofnuð flugbjörgunarsveit. Flugbjörgunarsveitirnar voru strax í byrjun sérhæfðar í björgun fólks úr flugslysum, en hafa ávallt unnið jafnhliða að öðrum björgunarsörfum. Sveitin á Hellu leggur sérstaka áherslu á þjálfun félaga í hálendis- og öræfaferðum, enda sinnir hún útköllum á hálendinu oft á ári.

Landsmót hestamanna 2020 fer fram á félagssvæði Geysis á Gaddstaðafloötum við Hellu 6.-11. júlí. Fyrsta landsmótið var haldið á Þingvöllum árið 1950 og þar voru um 10 þúsund manns. Síðan voru mótin haldin á fjögurra ára fresti þar til árið 1998, en þá var reglum breytt og mótin fóru fram á tveggja ára fresti eftir það. Þetta er sjötta landsmótið sem fer fram á Hellu. Aðsóknarmet var slegið á Gaddstaðafloötum árið 2008 þar sem hátt í 14.000 gestir, knapar, starfsmenn og sjálfboda-liðar komu saman. Landsmót hestamanna hefur verið einn stærsti íþróttaviðburður landsins frá upphafi, enda er Landssamband hestamannafélaga þriðja stærsta sersambandið innan ÍSÍ, með rúmlega 11 þúsund félagsmenn.

„Fótfráir Hellubúar“ nefnist gönguhópur á Hellu sem gengur á hverjum morgni um það bil 2,5 km vegalengd á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Lagt er af stað frá mótum Bogatúns og Prúðvangs kl. 10:30 og gengið niður að Ytri-Rangá og meðfram henni og svo til baka. Einn hvatamanna í hópnun, Jón Ragnar Björnsson, segir að yfirleitt sé fjöldi þeirra sem ganga milli 10 og 20 manns, misjafnt eftir dögum. Allir eru hvattir til að mæta í gönguhópinn. Hópurinn efnir til viðburða af og til, t.d. var haldið þorralblót nýlega, þar sem 19 manns gerðu sér glaðan dag.

Dynskálar 49 er stórt iðnaðarhúsnæði sem Bjarni R. Sverrisson byggði. Húsið er 580 fm að stærð og keyptu Brunavarnir Rangárvallasýslu 320 fm til framtíðarnota fyrir slökkvistöð. Stjórn BR kom saman til fundar 20.2.2020 og undirritaði verksamning við Ingólf Rögnavaldsson frá Trésmiðju Ingólfs ehf. um 2. áfanga við byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Hellu. Fyrirtæki Ingólfs átti lægsta tilboð í verkið samtals 32.585.507 kr. en kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upp á 38.331.646 kr. Um er að ræða fullnaðarfrágang við framtíðar-slökkvistöð BR á Hellu. Á neðri hæð hússins verður tækjasalur auk snyrtiaðstöðu en á þeirri efri verður starfsmannarými auk skrifstofuaðstöðu. Heildarverkklok eru 15. maí 2020.

Ekki er fullfrágengið hvaða önnur starfsemi verður í húsinu, en þó hefur fyrirtækið Iceland Igloo Village leigt um 80 fm fyrir ökutækjaleigu sem fyrirtækið hyggst starfrækja. Þess má geta að þetta er sama fyrirtæki og hefur verið umtal- að fyrir uppbyggingu að Leyni í Landsveit. Það fyrirtæki hefur jafnframt fengið úthlutaðar 2 lóðir á Hellu. Bjarni R. Sverrisson hefur fengið úthlutaðar 2 lóðir við hlið Dynskála 49 og er með á teikniborðinu 900-1.000 fermetra iðnaðarhúsnæði þar.



Bændablaðið, 05.03.2020, síðu 35
grein stærð: 352.60 sm²
grein hæð: 22.57 sm



Hreiðar, ásamt Svanhvíti systur sinni og Ísólfu Gyfja Pálmasyri, fyrrverandi sveitarstjóra og alþingismanni, við opnun nýja gangsins og myndlistarsýningar Hrafnhildar Ingu á dögnum. Myndir / MHH

120 metra norðurljósagangur á Stracta hóteli á Helli

Hreiðar Hermannsson og hans starfsfólk á Hótel Stracta á Helli opnuðu nýlega glæsilegan 120 metra langan norðurljósagang á hótelinu þar sem gestir hótelsins geta notið norðurljósa inni í hlýjunni.


„Við köllum ganginn Vetrarbrautina þar sem gestir geta setið undir stjörnuþjórtum himni og notið norðurljósanna innandyra án þess að standa úti á köldum vetrarnóttum. Einnig verður hægt að njóta kvöldhressingar, setjast til borðs með snarl eða tylla sér á gluggasýllur gangsins sem hannaðar



Hrafnhildur Inga, sem er úr Fljótshlíðinni, er fyrsti listamaðurinn sem sýnir verk sín við nýja norðurljósaganginn á Hótel Stracta. Málverkin sýna hamslaust sjólag og dularfullar skýjamyndanir meðfram suðurströndinni.

Hreiðar Hermannsson, eigandi hótelsins, er mjög ánægður með nýja norðurljósaganginn og er viss um að hann eigi eftir að slá í gegn hjá gestum hótelsins.

eru sem setubekkir,“ segir Hreiðar. Við gerð gangsins myndaðist rými, sem verður notað sem sýningarými fyrir myndlistarmenn, en heimamaðurinn Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir er þar með sýningu fram í júní á ótrúlega áhrifaríkum veðurfarsmyndum sem hún hefur málað. /MHH



Fjöldi skála frá víkingaöld

● Þyrping fornra skála við Árbakka í Rangárþingi ytra ● Víða fornir garðar við bæi í Rangárvallasýslu

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Fjöldi af bæjum, líklega frá landnámi fram til um 1000, hefur komið í ljós á myndum, sem teknar voru úr dróna í Holtum og Landsveit í Rangárþingi ytra, milli Þjórsár og Ytri Rangár. Á fyrirlestri á vegum Þjóðminjasafnsins í vikunni greindi Árni Einarsson, fornvistfræðingur og forstöðumaður



Árni Einarsson

Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, frá því að hann teldi sig hafa greint 43 víkingaaldarskála á 35 stöðum á þessu svæði. „Þarna er um forkönnun að ræða, en ef þetta reynist allt rétt þá eru þetta talsverð

tíðindi,“ segir Árni í samtali við Morgunblaðið.

Hann segir að það sem einkenni þessa skála sé að húsin séu einföld, flest um 20 metra löng og þau stærstu 30 metrar að lengd. Þau virðist án viðbygginga sem hafi komi síðar til sögunnar.

„Húsin eru eins og hreinræktaðir víkingaaldarskálur af elstu gerð,“ segir Árni. „Við bæinn Árbakka, sem byggðist út úr Snjallsteinshöfða, eru þrjár stórir fornaldarskálur. Þarna er bæjarstaði með útihúsum og gördum í kring í raun þorp með öllu sem tilheyrir.“ Byggðin hafi á fyrstu öldum verið mun þéttari á þessum slóðum en síðar varð.

Tíminn sefur

Yfirskrift fyrrnefnds fyrirlestrar vegum Þjóðminjasafnsins var „Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi“. Í kynningu kemur fram að Árni hafi stundað rannsóknir á forn-um garðhleðslum undanfarna tvo áratugi og á síðasta ári kom út bók hans um þær.

Í fyrirlestrinum fjallaði Árni m.a. um byggðarmynstrið sem garðlöggin afhjúpa, hvernig garðarnir tengi saman fornminjar sem langt sé á milli og hjálpi til við að uppgötva áður óþekktar minjar, t.d. bæi og grafreiti.

Nýjustu rannsóknir Árna voru gerðar í Rangárvallasýslu og segir hann að á nokkrum bæjum séu merkilegir garðar, bæjatóttir og hugsanlega kuml. Hann segist hafa séð mikið af forn-um gördum í Holt-



Ljósmynd/Árni Einarsson

Rannsóknir Drónamynd sem sýnir þyrpingu húsa við Árbakka í Rangárþingi ytra, en þar er m.a. að finna þrjá stóra skála, útihús og garða í kring.



um, Landsveit, Rangárvöllum og Landeyjum. Formleg fornleifa-skráning er í gangi á nokkrum þessara staða.

Þá sé helst að finna á þurru graslendi, en síður í mýrlendi sem víða sé mikið raskað. Víða séu garðar nálægt bæjum, eins og til að halda búfé í heimahögum, en síður áberandi kerfi landamerkjagarða eins og sé að finna t.d. í Þingeyjarsýslum.

Öll kurl ekki komin til grafar

Árni segist enn ekki hafa talað við marga heimamenn, en þeir sem hann hafi rætt við hafi haft hugmynd um að eitthvað fornt væri að finna á jörð-

unum, án þess að vita hvað það væri og heildarmyndin eigi vonandi eftir að koma í ljós. Sums staðar sé erfitt að greina fornar minjar nema með myndum úr lofti, sem teknar eru við góð birtuskilyrði.

Árni segir að næsta verk sé að mynda betur á svæðinu og fara síðan í aldursgreiningar. Þá þurfi liðsinni fornleifafræðinga að koma til og fjármagn til að standa straum af verkinu. „Hvorki skálarnir né garðarnir eru að fullu kannaðir og því eru öll kurl ekki komin til grafar. Niðurstöður forkönnunar sem nú liggur fyrir eru hins vegar óneitanlega mjög spennandi,“ segir Árni.



Landsmót hestamanna 2020 verður haldið á Rangárbökkum við Hellu 6. til 12. júlí: Undirbúningur gengur vel og miðasalan komin á skrið

Eiríkur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, segir áfram unnið á fullu að undirbúningi landsmótsins í sumar, þrátt fyrir að kórónaveiran og COVID-19 sjúkdómsfaraldurinn hafi stungið sér niður á Íslandi.

Mótið verður að öllu óbreyttu haldið á veglegu mótssvæði á Gaddstaðaflötum á Rangárbökkum við Hellu 6. til 12. júlí á komandi sumri.

„Við keyrum fulla ferð áfram, það er engin spurning. Meðan það koma ekki einhver tilmæli um að viðburðurinn verði ekki haldinn, þá höldum við bara áfram. Auðvitað erum við þó meðvitaðir um viðbúnað gegn útbreiðslu COVID-19, annað væri ábyrgðarleysi. Undirbúningur gengur vel og miðasalan er komin vel á skrið,“ segir Eiríkur.

Engar afbókanir frá erlendum gestum

Eiríkur var starfandi sem markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárbings ytra, en fékk ársleyfi frá störfum til að stjórna framkvæmd Landsmóts hestamanna 2020. Venjan er að á slík mót komi líka fjöldi útlendinga sem þarf að liðsinna.

– Má ekki búast við að það verði færri erlendir gestir á mótinu vegna COVID-19 faraldursins?

„Það er eiginlega ómögulegt að segja. Það hefur enginn afboðað komu sína enn og ég hef ekki fengið neinar fréttir af afbókunum í gistingu. Ég er því bara bjartsýnn á framhaldið.

Þá býst ég við vegna stöðunnar sem uppi er að Íslendingar ferðist meira innanlands í sumar en ella. Þá er Landsmót hestamanna algjörlega „geggaður viðburður“ til að fara á með fjölskylduna. Þar fyrir



Frá setningu síðasta Landsmóts hestamanna sem haldið var á Rangárbökkum á Hellu 2014.

Mynd / HKr.



Eiríkur Sigurðarson.

utan verður flughátíðin Allt sem flýgur“ haldin á sama tíma á Hellu á vegum Flugmálafélagsins. Það er því óhætt að segja að Hella verði miðdepill alheimsins í júlí. Þá held ég að hátíðirnar tvær muni styðja vel hvor aðra og engin spurning að hér á Hellu verður mikið fjör.“

Búist við 8–10 þúsund manns

– Hvað eruð þið að reikna með mörgum á Landsmót hestamanna?

„Ég geri ráð fyrir að átta þúsund manns, en reynslan sýnir að talan geti hæglega farið í tíu þúsund. Metið var sett á mótinu 2008 þegar hingað komu um eða yfir 14.000 manns. Við getum svo sem alveg tekið á móti þeim fjölda inn á svæðið í sumar. Hér eru næg bílastæði og allar akstursleiðir greiðfærar.

Þá má geta þess að áhorfendabrekkurnar á mótssvæðinu eru afskaplega vel gerðar til að mikill fjöldi gesta geti fylgst þar með mótinu. Í góðu veðri er þetta fallegasti staður á landinu,“ segir Eiríkur.

Mikið og gott gistöframboð á svæðinu

– Erud þið vel sett með gistöfrámi á svæðinu til að taka við öllum þessum fjölda?

„Gistöframboðið er mjög gott. Það

er samt auðvitað að verða þéttbókað gistöfrámi í kringum landsmótið. Á Hellu erum við með Stracta hótél, Hótél Hellu og Árhús. Svo erum við með í kringum okkur, Land hótél uppi í Landsveit, Leirubakka og Hótél Rangá. Síðan er Hótél Hvolsvöllur auk margra minni gistiheiminga á svæðinu. Þá er ekki nema hálf tíma akstur í hótél og aðra gistöfrámi á Selfossi.

Fyrir utan gistöfrámið sem til staðar er, munum við byggja upp stórt tjaldstæði á mótssvæðinu. Alla jafna er hægt að taka þar á móti 250 hjólhýsum, en við verðum með aðstöðu fyrir töluvert fleiri vegna mótsins. Þess vegna aukum við salernisaðstöðu og alla þjónustu sem til þarf og allt aðgengi að svæðinu er mjög gott.“

Fjöldi kynbótasýninga á Hellu í sumar

Eiríkur segir að nú sé verið að skipuleggja uppsetningu á

mótssvæðinu sjálfu. Hvaða framkvæmdum þurfi að vera lokið á tilteknum tíma. Þá sé ekki bara verið að horfa til landsmótsins sjálfs, því svæðið sé afskaplega vinsælt fyrir kynbótasýningar og keppni þess utan.

„Fyrir utan landsmót erum við þarna með fyrstu þrjár vikurnar í júní í kynbótasýningum. Síðan erum við með úrtökumót þar sem nokkur félög taka sig saman. Þá erum við með eina viku í kynbótasýningar fyrir utan landsmót í júlí og eina viku í ágúst, auk allavega tveggja móta í hverjum mánuði. Það verður því í nógu að snúast og uppsetning á svæðinu þarf auðvitað að vera skipulögð í kringum alla þessa viðburði,“ segir Eiríkur.

Fyrirtæki sýna vörur sínar í 900 fermetra tjaldi

Á landsmótum hefur verið venjan að fjöldi fyrirtækja sýni þar vörur af ýmsu tagi. Eiríkur segir að gert sé ráð fyrir uppsetningu á 900 fermetra markaðstjaldi á svæðinu.

„Það er einmitt komið töluvert af fyrirsprungnum um bókanir í því tjaldi. Gaman er að finna að það sé engan bilbug að finna á fólki þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu. Menn vilja halda ótrauðir áfram. Þar verða því fjölbreyttar vörur á boðstólum.“

Kvöldskemmtanir þrjá daga í röð

Gleðin spilar líka veglegan sess á landsmótum hestamanna og böllin eru landsfræg.

„Það verða hér kvöldskemmtanir á fimmtudeginum, föstudeginum og á laugardeginum. Það er að verða búíð að staðfesta alla samninga við skemmtikrafta sem munu koma fram á mótinu,“ segir Eiríkur Sigurðarson.

/HKr.

– Meira um landsmótið á síðu 10



Landsmót hestamanna og Flughátíðin á Hellu í sömu vikunni í júlí:

Gestir geta bæði glaðst yfir flugvélum og fljúgandi skeiði

— Allt verður gert til að mótshaldið heppnist vel, segir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri

Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbings ytra segir unnið að krafti að undirbúningi Landsmóts hestamanna 2020 sem fram fer á Hellu dagana 6. til 12. júlí. Þar haldi menn enn fast við upphaflega áætlun í þeirri von að veirusjúkdómurinn COVID-19 setji þar ekki strik í reikninginn.

„Það er samt erfitt að segja til um hvað verður en menn halda sig við óbreytta áætlun varðandi mótshaldið þar til annað kemur í ljós.“

Ágúst segir að þetta sé í sjötta sinn frá 1986 sem Landsmót hestamanna verður haldið á Hellu. Þar sé búið að byggja upp fyrirtaks aðstöðu auk þess sem á Hellu er nú mjög góð gistiástaða og með Stracta hótél rétt við hliðina á mótssvæðinu. Síðan er mótssvæðið sjálft á Rangárbökkum með stórt tjaldsvæði, sem að öllu jöfnu er nýtt fyrir ferðamenn, en tjaldsvæðið er rekið af einkaaðilum. Í samningi sveitarfélagsins við rekstaraðila tjaldsvæðis er það frátekið fyrir mótsgesti á meðan landsmótið stendur yfir.

„Munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að mótshaldið heppnist vel“

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að mótshaldið heppnist vel og lánum í þetta okkar besta fólk. Það hefur alltaf verið góð aðsókn að móttinu á Hellu og fjölsóttasta mótið var að mig minnir 2008 þegar gestir voru um 14.500. Menn eru hóflega bjartsýnir með aðsókn í sumar enda stöðugt meiri samkeppni við aðra mannfagnaði en áður var. Menn eru samt að búast við 8–10 þúsund gestum.“

Miklar líkur á góðu veðri

— Nú vilja sumir tengja mótshald á




Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri í Rangárbingi ytra, ásamt tengdadóttur sinni, Hönnu Rún Ingibergsdóttur, á Rangárbökkum við Hellu síðasta sumar. Hún situr hryssuna Ísrúnu frá Kirkjubæ.

Hellu við rok og rigningu, er það ekki tóm vitleysa?

„Ef menn skoða sögu mótshalds á Hellu, þá hefur oftast verið sól og blíða. Sumir muna þó meira eftir rigningunni. Hér var t.d. einmuna blíða á landsmóti 1994 og 2004. Ef menn skoða veðurmælingar á Hellu þá skorum við frekar hátt hvað

varðar hita og blíðu. Þá er ekki verra að mótið nú er um viku seinna á sumrinu en áður og líkurnar því mun meiri á að hreppa gott veður. Annars erum við mjög bjartsýn á að vel takist til. Enda er gríðarlega mikið líf í hestamennsku á þessu svæði og bæði mjög margir áhugamenn og atvinnumenn í hestamennsku sem



Afstöðumynd af Hellu. Sunnan þjóðveggar eru Gaddstaðaflatir og svæði Landsmóts hestamanna 2020, en norðan þjóðveggar er flugvöllurinn og mótssvæði Flughátíðarinnar Allt sem flýgur.

búa hér og starfa. Jarðvegurinn fyrir svona mót er því mjög góður.“

Tvö stórmót á sama tíma

„Reyndar er líka lítil flugvöllur við Hellu sem er afar vinsæll af áhugaflugfólki. Það vill svo til að sömu vikuna og Landsmót hestamanna fer fram á Hellu dagana 6.–12. júlí í sumar fer þar líka fram hin árlega flughátíð „Allt sem flýgur“. Hún stendur yfir dagana 10.–12. júlí. Það er eins konar árshátíð flugáhugafólks á Íslandi. Það er Flugmálafélag Íslands sem stendur fyrir þeirri hátíð. Það verður því margt um manninn þessa daga á Hellu og glaðst bæði yfir flugvélum og fljúgandi skeiði og allt fullt af fólki bæði ofan og neðan þjóðveggar,“ segir Ágúst.

Flughátíðin allt sem flýgur


Flughátíðin „Allt sem flýgur“ hefur vaxið með hverju ári og nú er það svo að hátíðin er talin

ómissandi hluti af sumrinu hjá mörgum, að því er segir í kynningu Flugmálafélags Íslands. — „Allt sem flýgur er í loftinu og félagskapurinn frábær.“

Á hátíðinni gefst tækifæri á að kynnast fluginu með einstökum hætti. Svæðið er ein samfelld flugsýning frá föstudegi til sunnudags þar sem hægt er að skoða vélarnar og fylgjast með við flugbrautina. Alls konar loftför verða á svæðinu og leika listir sínar. Það verða vélar í lofti og fólk á ferli alla helgina.

Hápunktur krakkanna er karamellukastið á laugardeginum [11. júlí] þar sem sælgæti verður látið rigna yfir svæðið. Fjölskyldan mætir svo í grillveislu um kvöldið og fullorðnir bregða sér síðan á ekta íslenska kvöldvöku í flugskýlinu á Hellu síðar um kvöldið. Auk þessa verður á svæðinu fjölbreytt flugtengd skemmtun svo sem flugdrekur, flugvélar til þess að skoða, litli flugturninn, o.fl.

/HKr.



Reykjavík er ekki endilega nafli alheimsins þegar hugað er að flugsamgöngum við útlönd og innanlandssamgöngum: Mörg svæði gætu verið álitlegri fyrir millilandaflugvöll en Hvassahraunið

— Í Árnes- og Rangárvallasýslum eru áhugaverðir kostir fyrir stóran varaflugvöll sem m.a. Bretar og Bandaríkjamenn höfðu augastað á

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Mikið hefur verið rætt um að byggja upp varaflugvöll fyrir millilandaflugið í Hvassahrauni sunnan við Hafnarfjörð sem taki þá við því hlutverki af Reykjavíkflugvelli. Nú er hins vegar orðið ljóst að Hvassahraun er á miklu áhættusvæði vegna mögulegra eldsgosa á Reykjanesi sem jafnvel má búast við í næstu framtíð.

Jarðfræðingar telja nú að allar eldstöðvar á Reykjaneskaganum séu komnar á tíma. Ef gos fer þar í gang á næstu misserum, eða árum, má búast við áratuga atburðarás með mismikilli eldgosavirkni og hraunflæði á því svæði.

Bygging flugvallar fyrir hundruð milljarða króna á slíku svæði hlýtur því að teljast afar áhættusöm framkvæmd svo ekki sé meira sagt. Að þeim sökum er ekki óeðlilegt að menn hugsi til flatneskjunnar í Árnes- eða Rangárvallasýslum fyrir millilandaflugvöll þar sem nægt hindranalaust rými virðist vera fyrir stórar flugvélar að athafna sig á við aðflug og flugtak. Þar er landrými ekki heldur vandamál við að koma fyrir slíkum flugvelli með tilheyrandi flugvélastæðum og annarri aðstöðu. Efnisflutningar eru líklega hvergi hagkvæmari og flugvallagerðin ætti þar af leiðandi að vera ódýrari en víðast hvar annars staðar á landinu.


Er Reykjavík nafli alheimsins?

Mönnum er afar gjarn á að hugsa allt millilandaflug út frá beintengingu við Reykjavík þar sem öll helsta opinbera þjónustan er í dag. Keflavíkflugvöllur er þar augljósasti kosturinn og hann má örugglega stækka og efla, ef ekki verður reynt að koma í veg fyrir það af umhverfispólítískum samþökum. Ef hann ætti líka að virka sem miðstöð innanlandsflugs þyrfti að meta staðsetningu opinberrar þjónustu upp á nýtt. Einnig skilgreiningu á heilbrigðisþjónustu eins og hún er hugsuð í dag með uppbyggingu háskólasjúkrahúss í miðborginni með allri þeirri grófar kostnaðarsömu rannsóknaraðstöðu sem slíku sjúkrahúsi fylgir. Staðsetning landssjúkrahúss með neyðarþjónustu gæti því allt eins hent að betur í Keflavík, eða jafnvel á Suðurlandi. Það er heldur ekkert náttúrulegt mál að allar helstu stjórnsýslustofnanir landsins séu staðsettar í Reykjavík og nær örugglega ekki rekstrarlega hagkvæmast.

Varaflugvöllur er nauðsynlegur

Það er ljóst að varaflugvöllur er nauðsynlegur fyrir millilandaflug til og frá Íslandi af öryggisástæðum. Þar hefur Egilsstaðaflugvöllur verið nefndur sem fyrsti valkostur af flugmálafyrirvöldum og Akureyrarvöllur númer tvö. Líka mætti nefna Alexandersflugvöll í Skagafirði sem álitlegan þriðja valkost, enda aðflug þar ágætt.

Flugvöll í Hvassahrauni verður seint hægt að líta á sem varaflugvöll ef Keflavíkflugvöllur yrði ófær vegna veðurs eða annarra náttúruhamfara, þar sem hann er aðeins



Mögulega eru þetta frumdrög af flugvöllum á Kaldáarnesi við Ölfusá sem var í raun fyrsti millilandaflugvöllurinn á Íslandi. Mynd / Axis History Forum



Flugvél breska flughersins RAF af gerðinni L5343. Svona vél var fyrst til að lenda á Kaldáarnesflugvelli þann 27. ágúst 1940, eftir fimm klukkustunda og tuttugu mínútna flug frá Wick í Skotlandi. Það var jafnframt fyrsta breska herflugvélin til að lenda á Íslandi í stríðinu. Heimild: Axis History Forum



Tvær af fjórum Lockheed Hudsons vélum Royal Air Force úr flugsveit 269 sem höfðu aðsetur á flugvöllum í Kaldáarnesi við Selfoss. Fyrstu þrjár Hudson vélarnar lentu þar 12. apríl 1941. Sex dögum seinna brotlendi fjórða Hudson vélin á flugvöllum í Kaldáarnesi. Mynd / Historic Wings



Ekki er alveg ljóst hvort þessi mynd var tekin á Kaldáarnesflugvelli.

í nokkurra kílómetra fjarlægð. Reykjavíkflugvöllur hefur verið talinn mun álitlegri af fjölmörgum reyndum flugmönnum sem hafa tjáð sig um málið. Líklega er sama hvað menn skipa margar opinberar nefndir og skrifa margar margar finar og dýrar skýrslur um það mál, jafnvel færustu sérfræðingar munu aldrei geta breytt þjóðhagslegum, eðlisfræðilegum, landfræðilegum og jarðfræðilegum staðreyndum í þeim efnum.

Af hverju ekki Suðurlandsundirlendið?

Ef til álita kæmi að byggja nýjan millilandaflugvöll á suðvesturhluta

landsins, þá hljóta menn að þurfa að veita og meta hlutina út frá nýjum forsendum. Þá yrði væntanlega ekki sjálfgefið að horfa á Reykjavík sem nafli alheimsins.

Stór millilandaflugvöllur á Suðurlandi hefði t.d. þann kost að geta breytt samgöngum milli landshluta.

Gæti gjörbreytt bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu

Góður sumarvegur með varanlegu slitlagi yfir Kjöl gæti þar gjörbreytt stöðu ferðaþjónustunnar og létt á álagi og umferð af vegum í kringum Reykjavík og í borginni sjálfri.

Trausti Valsson prófessor hefur



Verkefni breska flughersins á Kaldáarnesi sem og flughers Bandaríkjamanna sem kom í kjölfar Bretanna var að fylgjast með ferðum þýskra kaþbáta í nágrenni Íslands. Hér er einn þeirra, U-570, í fjörunni við Þorlákshöfn 30. ágúst 1941. Áhöfnin hafði siglt honum upp í fjöru þar sem skipverjar óttuðust að hann sykkji. Hann var þó lítt skemmdur og var dreginn til Hvalfjarðar þar sem gert var við hann og síðan siglt til Skotlands. Fékk hann þar nafnið HMS Graf og var notaður af breska sjóhernum við háleynilegar aðgerðir.



Millilandaflugvöllur á Suðurlandsundirlendingu gæti ýtt undir nýja ferðamöguleika og lagfæringar á Kjalvegi með góðri sumartengingu við Norðurland. Trausti Valsson prófessor hefur margsinis bent á hagræðið af því að lagfæra Kjalveg. Það myndi auk þess léttu verulega umferðarálagi af höfuðborgarsvæðinu.

einmitt lengi viðrað slíkar hugmyndir. Í því sambandi má benda á að minni bílaumferð í og við borgina er einmitt sú óskastaða sem borgaryfirvöld hafa verið að kalla eftir í mörg ár. Stjóðningur höfuðborgaryfirvalda við hugmyndir sem gætu gert þetta að veruleika ætti því að vera nokkuð borðleggjandi.

Náttúra landsins er mesta aðráttaraflíð

Mjög stór hluti ferðamanna sem til landsins koma eru ekki að sækjast eftir götumeningunni í Reykjavík. Borgarlíf af svipuðum toga má finna úti um allan heim. Þeir eru miklu frekar að sækja í náttúruyrirbæri á Suðurlandi og víðar um land. Með því að fljúga beint inn á Suðurland væri væntanlega hægt að opna þeim ákjósanlega möguleika með tiltölulega stuttri tengingu yfir á Norðurland um Kjalveg. Bent hefur verið á að bættur vegur með bundnu slitlagi yfir Kjöl myndi upp-ræta mikla rykmengun af umferð á svæðinu og draga úr jarðvegsrofi vegna utanvegaksturs.

Bygging flugvallar á Suðurlandi býður upp á nýja hugsun á mörgum sviðum. Allt veltur það þó á rannsóknunum á veðurfarsaðstæðum fyrir flug og að sjálfsögðu fjármagni.

Flugvallarmöguleikar við Selfoss og Hellu

Hópur áhugafólks hefur lengi haft áhuga á að skoðaður yrði mögulegur millilandaflugvöllur í nágrenni við Selfoss, en á því svæði var breski herinn með flugvöll á stríðsárunum, eða nánar tiltekið í Kaldáarnesi. Á því svæði og þar fyrir austan

er væntanlega mun hentugra og ódýrara land frá náttúrunnar hendi til flugvallagerðar en í Hvassahrauni.

Í seinni heimsstyrjöldinni byggði breski flugherinn (RAF) flugvöll í Kaldáarnesi. Þangað kom fyrst Cameron Highlanders hersveit frá Ottawa í Kanada þann 9. júlí 1940, en þar hafði verið skilgreindur mögulegur lendarastaður fyrir breskar herflugvélar. Í snatri var hafist handa við að opna þar nothæfar flugbrautir.

Lenti fyrsta L5343 vél breska flughersins þar þann 27. ágúst 1940 eftir fimm klukkustunda og tuttugu mínútna flug frá Wick í Skotlandi. Var þetta jafnframt fyrsta lending herflugvélar breska flughersins RAF á Íslandi í stríðinu og vélin undir stjórn W/Cdr. G.R. Ashton.

Þrátt fyrir að Bretum þættu aðstæður ekki góðar var haldið áfram að byggja upp flugvöllinn. Var þar síðan rekin aðstaða fyrir flugherinn allt þar til Ölfusá flæddi yfir bakka sína 6. mars 1943 og olli miklum skemmdum á flugvöllum.

Árið 1999 var reistur minnisvarði við Selfossflugvöll um veru breska flughersins í Kaldáarnesi.

Bandaríkjamenn skoðuðu möguleika á stórum herflugvelli við Hellu

Þegar heimsstyrjöldin síðari stóð sem hæst höfðu Bandaríkjamenn uppi áform um að byggja upp stóran millilandaflugvöll á Geitasandi við Hellu á Rangárvöllum fyrir sprengjuflugvélar á leið til Evrópu. Tengt flugvellinum var áformað að grafa höfn fyrir birgða- og olíuskip inn í Rangárnar, eða öllu heldur inn í ósa Hólsár sem Ytri- og Eystri-





Á þessu korti eru teiknaðir inn tveir flugvelli, annar á Helluvaðssandi við Hella og hinn á Geitasandi töluvert fyrir austan Hella.



Flugvöllurinn á Helluvaðssandi við Hella. Tekist var á um það á Alþingi árið 1944 hvort byggja ætti upp flugvöll á Helluvaðssandi eða á Geitasandi. Nægt landrými er á báðum stöðum undir stóran flugvöll.



Á Geitasandi unnu Bretar að gerð flugvallar á stríðsárunum og það virðist hafa snúist um eitthvað meira en bara að tína grjót. Enda vallarsvæðið risastórt og með lengstu braut upp á 2,3 kílómetra.

Rangá renna í.

Keflavíkurlugvöllur var afar mikilvægur hernaðarlega á stríðsárunum og þá um leið álitlegt skotmark Þjóðverja. Þá komu upp hugmyndir með að byggja annan flugvöll og kom Geitasandur á Rangárvöllum einkum til greina.

Kannski ekkert of seint að skoða það mál aftur

„Það var nokkuð langt komið að hanna þetta hér á Geitasandi og kannski ekkert of seint að skoða það mál aftur.“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Enn má sjá merktan flugvöll á því svæði á kortum þótt hann sé ekki á skrá.

Það flugvallarstæði sem Bandaríkjamenn virðast hafa haft í huga er einmitt Geitasandur austan við Hella. Var hann hugsaður með tengingu við mögulega stórskipahöfn sem grafinn yrði inn í ósa Hólsár. Í dag gæti höfnin í Þorlákshöfn hæglega þjónað þeim tilgangi.

Má sjá á gervihnattamynd móta fyrir flugbrautum á Geitasandi sem breski herinn ruddi á stríðsárunum. Á myndum virðist lengsta brautin geta verið um 2.300 metrar. Önnur virðist vera um 2.000 metrar, þriðja um 1.400 metrar og fjórða í stefnu norður/suður um 800 metrar og gæti verið mun lengri (miðað við mælikvarða á vef Google). Virðist næsta einfalt að koma þar upp flugvelli ef áhugi væri á því. Astædan fyrir því að þarna var ekki byggður upp fullkominn flugvöllur á þessum tíma er án efa erfðir aðflutningar sökum hafnleysis á Suðurströndinni.

Nú hefur Þorlákshöfn verið að sanna gildi sitt fyrir fragtflutninga svo aðflutningar á rekstrarvörum eins og eldsneyti fyrir flugvélar ættu ekki lengur að vera vandamál.

17 flugvellir nefndir í Rangárvallasýslu

Í bókinni Saga flugvalla og flugleiðsögu er getið 17 flugvalla í Rangárvallasýslu. Það eru flugvellir á Skógarsandi, í Þórsmörk, við Stóru-Mörk, í Múlakoti, á Bakka, á Berjanesfitjum

í Vestur-Landeyjum, í Gunnars-holti [Ketilhúshaga], á Hella [Helluvaðssandur], í Þykkvabæ, á Skarði, við Tröllkonuhlaup, við Hrauneyjafoss, við Skálavatn, við Þórisós, á Sprengisandi [Innra-Hreysi] og í Nýjadal.

11 flugvellir í Árnessýslu

Í Árnessýslu eru 11 flugvellir nefndir. Það eru auk Selfoss-flugvallar, flugvöllur við bæinn Forsæti, Vatnsnes, Kaldaðarnes, Búrfell, Hólakot, Flúðir, Einholtsmela, Geysi, Sandármela og í Kerlingarfjöllum. Margir þessara flugvalla eru ekki lengur á skrá og flestum hefur ekki verið við haldið.

Rætt um flugvallargerð á Rangárvöllum á Alþingi 1944

Flugvallarhugmyndir á Rangárvöllum voru til umræðu á Alþingi þann 5. desember 1944 í tengslum við umræður um uppbyggingu flugvalla víðs vegar um land eins og í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Helgi Jónasson vildi flugvöll á Geitasandi

Helgi Jónasson alþingismaður sagði þá meðal annars að þingmenn gætu búist við að þurfa að bíða í allmörg ár eftir því að fá flugvélar til sín.

„Þess vegna álit ég áriðandi að velja þá staði til flugvallargerðar, þar sem lítið kostar að geta haft lendarstaði fyrir flugvélar. En slíkir staðir eru til, að lítið þarf þar að gera, til þess að þar séu sæmlega góðir lendarstaðir fyrir léttar flugvélar.“

Ég er þakklátur háttvirtri samgöngumálanefnd fyrir það, að hún hefur fjölgað stöðum í mínu héraði, þar sem gert er ráð fyrir lendarstöðum fyrir flugvélar, enda er þar nokkuð af söndum, þar sem tiltölulega ódýrt er að koma upp lendarstöðum fyrir flugvélar.“

Sagðist hann sjá að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar væri gert ráð fyrir því, að flugvöllur komi á Geitasandi í Rangárvallasýslu. Bendir hann á að strax árið 1940 hafi breska setuliðið á sínu fyrsta

okkur Íslendingum. Bretar lögðu mikla vinnu í það að tína grjót af sandinum á þessum stað og að þjappa völinn til þess að undirbúa hann til lendarstaði fyrir flugvélar. Og þarna hafa flugvélar lent þangað til fyrir nokkrum dögum, þegar breska setuliðið flutti burt af staðnum. Þess vegna legg ég til, að þessi staður verði tekinn upp í frumvarpinu og þar standi: Á Geitasandi í Rangárvallasýslu, --- en ekki: Á Rangárvöllum.“

Ingólfur vildi frekar velja Helluvaðssand

Ingólfur Jónsson alþingismaður lagði líka orð í belg og sagði Englendinga, sem höfðust við á eystri staðnum [Geitasandi], einkum hafa notað flugvölinn þar og tínt úr honum grjót, en um flugvallargerð hafi alls ekki verið að ræða hjá þeim.

„Á Hellusandi virðist flugvallargerð mundu verða þeim mun auðveldari, að þar þarf ekkert grjót að hreinsa burt. Þar er líka að verða komin þétt byggð, og bílar koma þar jafnan við, en Geitasandur er eyðisandur, þar þyrftu farþegar að ganga allanga leið frá bæjum á flugvölinn.“

Ingólfur lýsir því jafnframt að hann hafi komið að máli við formann flugfélagsins og flugmálaráðunaut ríkisins.

„Við förum í reynsluför austur í flugvél og lentum á Helluvaðssandi. Flugmálaráðunauturinn fullyrti, að lokinni athugun, að þarna ætti flugvöllurinn að vera, og veit ég, að hann mun staðfesta þau orð, þegar til hans verður leitað.“ Þess má geta að Helluflugvöllur sem flugáhugamenn nota í dag er á Helluvaðssandi.



Bændablaðið, 02.04.2020, síðu 26
grein stærð: 199.83 sm²
grein hæð: 12.83 sm



Ársæll Jónsson, bóndi á Eystra-Fróðholti (t.v.), og Stefán Ólafsson, bóndi á Hóli, klipptu á borðann. Ekki er ólíklegt að blásið verði til annarrar borðaklippingar á vegum Rangárþings ytra og ríkisvaldsins þegar kórónuveiruástandið er yfirstaðið. Brúin er 92 metrar að lengd.

Mynd / Ragnheiður Sumarliðadóttir

Ný brú á Þverá við Odda á Rangárvöllum

Ársæll Jónsson, bóndi á Eystra-Fróðholti á Rangárvöllum, og Stefán Ólafsson, bóndi á Hóli í Vestur-Landeyjum, mættu nýlega vopnaðir skærum og rúningsklippum og klipptu á borða og vígðu þar með nýja og glæsilega brú á Þverá við Odda á Rangárvöllum.

Peir félagar ýttu verkefninu úr vör í byrjun árs 2011. Þá var farið á milli bæja og safnað undirskriftum fjölda íbúa á Rangárvöllum og vestanverðum Landeyjum um brú á þessum stað. Áskorun ásamt listanum var send á alla þingmenn Suðurkjördæmis, ásamt ráðherra

og fjölda embættismanna. Á endanum áttuðu yfirvöld sig á því að skynsamlegt væri að fara í þessa framkvæmd og veittu fé til verkefnisins. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur síðan haft verkið á sinni könnu.

/MHH



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Brú Leiðin er greið frá Odda og yfir nýju brúna á Þverá sem verður opnuð formlega þegar samkomubanni lýkur.

Oddabrúin nýja er nú opin fyrir umferð bíla

● Samgöngubót ● Bakkabæir tengjast við Rangárvellina

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Ný 93 metra brú yfir Þverá í Rangárvallasýslu hefur nú verið opnuð fyrir umferð. Brúin tengir saman Oddahverfi á Rangárvöllum og svonefnda Bakkabæi sem eru um tíu talsins og sunnan við Þverá. Bæir þessir eru í Rangárþingi ytra og brúin því innansveitarvegur og tenging innan sveitarfélags. Landfræðilega eru Bakkabæirnir þó í Landeyjunum sem eru hluti af Rangárþingi eystra. Hugsanleg skýring á tengslum Bakkabæja við Rangárvelli og Rangárþing ytra en ekki Landeyjar er að Þverá hafi fyrrum runnið sunnan við bæina en svo leitað í nýjan farveg.

Samstarf sveitarfélags og Vegagerðar

Um þrjú ár eru síðan brúargerðin hófst, en verkið var tekið í áföngum og allra leiða til hagkvæmni leitað.




Ágúst Sigurðsson

Heildarkostnaður við verkið er 170 milljónir króna. Þar greiðir sveitarfélagið 50 milljónir en Vegagerðin 120 milljónir. Brúin er með timburgólfi og er einbreið í sparnaðarskyni. Er þó þannig hönnuð að lítið mál verður að breikka hana til dæmis ef umferð eykst eða aðrar aðstæður kalla.

„Samstarf sveitarfélags og ríkisins í svona verkefnum er óvenjulegt en þó ekki einsdæmi. Við töldum verkefnið hins vegar mikilvægt, þannig að sveitarfélagið yrði ein heild, og í öryggisskyni var mikilvægt að bæta tengingar Bakkabæja við Rangárvelli,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Aformað er að opna Oddabrú formlega þegar samkomubanni lýkur.



Rætt um Sveitarfélagið Suðurland í könnunarviðræðum 5 sveitarfélaga: **Nýtt sveitarfélag með 5.300 íbúa myndi ná yfir 16% landsins**

Sveitarstjórnir Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps hafa skipað fimmtán manna verkefnahóp um könnunarviðræður um sameiningu sveitarfélaganna.

Verkefnið hefur hlotið vinnuheitid „Sveitarfélagið Suðurland“, en markmið þess er að vinna mat á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna og leggja fyrir sveitarstjórnir til mats á því hvort hefja skuli formlegar viðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

„Stöðumat verkefnisins byggir á kortlagningu áherslna og sýnar hvernar sveitarstjórnar og íbúa til þeirra tækifæra og hindrana sem liggja í mögulegri sameiningu sveitarfélaganna. Byggt verður á vinnu starfshópa, niðurstöðum íbúafunda og greiningu ráðgjafa á stefnuskjölum, áætlunum, fjárhagsgögnum og öðrum fyrirbyggjandi upplýsingum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, sem fer fyrir verkefnahópnum.

Starfshópar teknir til starfa

Myndaðir hafa verið starfshópar um tiltekin málefna svið sveitarfélaganna. Í þeim hópum starfa lykilhagsmunaaðilar og starfsfólk. Markmið vinnu starfshópanna er að fá fram upplýsingar og sjónarmið við stöðugreiningu og fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum milli aðila. Um 60 manns eiga sæti í starfshópnum en þeir hafa unnið á fjárfundum í ljósi aðstæðna í landinu.


Íbúafundir í hverju sveitarfélagi

Anton Kári segir að haldnir verði íbúafundir í hverju sveitarfélagi



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, sem fer fyrir sameiningarhópi sveitarfélaganna fimm sem ræða nú um sameiningu.

Mynd / Úr einkasafni



að fylgjast með fundum gegnum streymi og senda inn ábendingar með rafrænum hætti. Í framhaldi af kynningu stöðumats og framtíðarsýnar á íbúafundum er áætlað að leggja viðhorfskönnun fyrir íbúa. Markmið könnunarinnar er að kanna hug íbúa til þess hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður sem enda með kosningu,“ segir Anton Kári.

Kosið um sameiningu 2021

Gagnaöflun og stöðumat vegna sameiningarinnar fer fram þessar vikurnar og á að vera lokið í maí. Þá fara íbúafundirnir líka fram og er áætlað að sveitarstjórnir taki í júní ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður. Verði ákveðið að halda áfram viðræðum er áætlað að sameiningarkosningar fari fram í nóvember 2021.

„Ákvörðun um að hefja könnunarviðræður er tekin í framhaldi af viðræðum fulltrúa sveitarfélaganna og byggir á farsælu samstarfi þeirra undanfarin ár. Ef íbúar sveitarfélaganna fallast á sameiningu verður til langstærsta sveitarfélag landsins, sem nær yfir um 16% landsins, með um 5.300 íbúa,“ segir Anton Kári. /MHH

til að kynna kosti og galla sameiningar. „Á þeim verður sjónarmiða íbúa leitað með skipulögðum hætti með þjóðfundarfyrirkomulagi. Íbúum verður boðið upp á



Dýrahrae af Suðurlandi brennd í ofni

● Ekki lengur mögulegt að senda hraein til förgunar hjá Kölku eða Sorpu

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur í hyggju að koma upp brennsluofni á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra fyrir dýrahrae og aðrar dýraleifar frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi. Afkastageta ofnsins verður allt að 4.000 tonn á ári.

Áformin eru til kynningar hjá Skípulagsstofnun. Í matskynningu kemur fram að undanfarin ár hafi dýrahrae á Suðurlandi farið til brennslu í Kölku í Reykjanesbæ eða til urðunar í Álfsnesi. Með ákvörðun stjórnar Sorpu bs. um að hætta að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi og með breyttum áherslum hjá Kölku sé ljóst að þessar förgunarleiðir séu ekki lengur fyrir hendi. Aukinheldur uppfylli urðun dýrahraeja ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum.

Lausn á bráðum vanda

„Fyrirhuguð uppsetning á brennsluofni á Strönd er liður í lausn á þeim bráða vanda sem skapast hefur af þessum sökum,“ segir í matskynningunni.

Brennsluofninn sem um ræðir kemur frá framleiðandanum Inciner8 í Bretlandi. Sami framleiðandi hefur selt minni brennsluofna til sláturleyfishafa á Íslandi. Ofninn er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu.

Hámarksafköst brennsluofnsins eru um 700 kg/klst. og hægt er að hlaða í hann allt að 2.000 kg af dýrahraejum fyrir hverja brennslulotu. Brennslan í ofninum á sér stað við



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Álfsnes Sorpa mun framvegis ekki taka við úrgangi frá Suðurlandi.

allt að 850°C hita og við það breytist lífræna efnið í ösku, útblástur og hita. Askan sem myndast er að mestu gerð úr ólífrænum hluta úrgangsins og endar annaðhvort sem harðir kögglar eða duft. Magn óskunnar svarar til um 3% af heildarmassa úrgangsins. Öskunni verður fargað í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs.

Mögulegt er að nýta hitann sem frá ofninum kemur með einum eða öðrum hætti, m.a. til rafmagnsframleiðslu. Olía er notuð til að halda uppi hita í brennslunni og er gert ráð fyrir að olíunotkunin nemi u.þ.b. 50 l/klst. á þeim tímum sem brennsla er í gangi

Tillögu að matsáætlun er að finna á vef Skípulagsstofnunar. Allir geta kynnt sér tillöguna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu berast eigi síðar en 8. maí 2020.



Bændablaðið, 07.05.2020, síðu 8
grein stærð: 60.53 sm2
grein hæð: 5.51 sm

Sorpstöðin Strönd á Rangárvöllum:

Engar athugasemdir við tillögur um brennsluofn fyrir dýrahæ


— Sótt verður um undanþágu fyrir urðun þar til ofninn kemst í gagnið

Á fundi í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu nýverið var lögð fram tillaga um að sækja um undanþágu til að urða dýrahæ þar til brennsluofn verður settur upp.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu kom nýlega saman þar sem Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice mætti á fundinn. Fór

hann yfir stöðu mála vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum og tillögu að matsáætlun um brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á starfsstöð sorpstöðvarinnar á Strönd á Rangárvöllum. Hefur tillagan verið kynnt almenningi og umsagnaraðilum. Engar athugasemdir bárust og hefur matsáætlunin verið send til Skipulagsstofnunar. Á fundinum

kom einnig fram að ekki er lengur hægt að fara með dýrahæ og leifar í Fíflholt í Borgarfirði. Var því lögð fram tillaga um að sækja um undanþágu til að urða slíkan úrgang þar til brennsluofninn verður kominn í gagnið. Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra, var falið að hafa samband við forstjóra Umhverfisstofnunar. /MHH



Þórdís Þórarinsdóttir fyrir framan Minjasafnið á Bustarfelli í Vopnafirði þar sem hún hefur unnið sem safnvörður síðastliðin þrjú sumur. Myndir / Úr einkasafni

Meistaravörn Þórdísar Þórarinsdóttur í búvísindum við LBhÍ fór fram í gegnum Zoom fjarfundabúnað:

Er að taka við búinu á Bustarfelli í Vopnafirði með unnusta sínum

Þórdís Þórarinsdóttir varði meistararitgerð sína í búvísindum við ræktun og fæðudeild Landbúnaðarháskóla Íslands mánudaginn 27. apríl síðastliðinn. Í ljósi aðstæðna fór vörmin fram á netinu, í gegnum Zoom fjarfundabúnað, og gekk vel. Nafnið á ritgerð Þórdísar er: „Erfðastuðlar og erfðaþróun frjósemiseiginleika í íslenska kúastofninum“, og á ensku er titillinn „Genetic Parameters and Genetic Trends of Female Fertility in Icelandic Dairy Cattle“.

Leiðbeinendur Þórdísar voru dr. Elsa Albertsdóttir hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og dr. Susanne Eriksson hjá Sænska landbúnaðarháskólanum (SLU). Emma Eyþórsdóttir, dósent við LBhÍ var ábyrgðarmaður háskólans með verkefni. Prófdómari var dr. Ágúst Sigurðsson, kynbótafræðingur og sveitarstjóri Rangárbíngs ytra. En hver er Þórdís Þórarinsdóttir og hvað ætlar hún sér í framtíðinni?

Ólst upp á bænum Keldudal í Skagafirði

„Ég er fædd árið 1995 og ólst upp á kúabúinu Keldudal í Skagafirði þar sem foreldrar mínir, Guðrún Lárúsdóttir og Þórarinn Leifsson, eru bændur. En ég er reyndar hálf skafftellsk af því mamma er frá Kirkjubæjarklaustri. Ég á tvö yngri systkini, þau Sunnu og Þorra. Ég var í grunn- og framhaldsskóla á Sauðárkróki, síðan lá leiðin í BSc nám í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands og núna er ég að ljúka MSc námi í búvísindum við LBhÍ. Í MSc náminu tók ég eina önn í skiptinámi við Sænska Landbúnaðarháskólann í Uppsöllum.“ segir Þórdís, sem hefur unnið í sveitinni sinni heima í Keldudal frá því að það varð



Þórdís og Eyþór, unnusti hennar, á fallegu vopnfirsku sumarkvöldi 2019. Mynd / Einkasafni



Fjölskyldumynd frá síðustu áramótum, Þórdís ásamt foreldrum sínum, þórnarni Leifssyni og Guðrúnu Lárúsdóttur, og systkinum, þeim Þorra og Sunnu.

eitthvert gagn í henni eins og hún segir sjálf. „Síðastliðin þrjú sumur hef ég hins vegar unnið

sem safnvörður við Minjasafnið á Bustarfelli í Vopnafirði ásamt því að sinna ýmsum sveitastörfum.

Ég og unnusti minn, Eyþór Bragi, erum að taka við sauðfjárbúi foreldra hans á Bustarfelli.“

Elskar náttúruna og dýrin

Þegar Þórdís er spurð af hverju hún hafi svona mikinn áhuga á landbúnaði og sveitinni er hún fljót til svars. „Ég hef alltaf verið mikil sveitakona og elska náttúruna og dýrin, enda elst ég upp í því umhverfi. Það var alltaf planið hjá mér að fara í LBhÍ og afla mér þekkingar um landbúnað.“

Vörmin gekk vel

Vörmin á meistararitgerð Þórdísar gekk ljómandi vel þrátt fyrir skrítnar aðstæður vegna COVID-19. „Já, já, hún gekk mjög vel, þó það hafi auðvitað verið svolítið sérstakt að ég og allir gestir varnarinnar sátum heima hjá okkur við tölvuna. Ég var hóflega stressuð enda gat ég bara verið heima í rölegheitum. Ég reyndi eftir bestu getu að svara spurningum prófdómarans og spurningum frá áhorfendum og vona að það hafi tekist vel. Ég fékk margar áhugaverðar spurningar, bæði um viðfangsefni ritgerðarinnar og einnig spurningar út fyrir efni hennar.“

Kýr og sæðingar úr Huppu

Þórdís er þvínæst spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa meistararitgerð um „Erfðastuðla og erfðaþróun frjósemiseiginleika í íslenska kúastofninum“ en ekki eitthvað allt annað.

Þórdís hlær og segir: „BSc verkefnið mitt fjallaði einnig um kýr og ég vildi endilega halda áfram á því áhugasviði. Pabbi er í fagráði nautgriparæktarinnar og sýndi mér lista yfir möguleg verkefni sem væri æskilegt að koma í gagnið hérlandis. Verkefni um nýtt frjósemismat fyrir íslenskar kýr var efst á listanum og mér leist bara ljómandi vel á það. Ritgerðin er mjög hefðbundin en rannsóknarvinnan sjálf var öll fyrir





framan tölvuskjá með gögn um kýr og sæðingar úr Huppu.“

Niðurstæða ritgerðarinnar

Það leikur eflaust mörgum forvitni á að vita að hverju Þórdís komst í ritgerð sinni og hver niðurstæða hennar er eftir svona stórt verkefni.

„Já, þegar stórt er spurt en helstu niðurstöður eru að ekki ætti að skilgreina frjósemi óborinna kvígna og frjósemi mjólkandi kúa sem sama eiginleikann. Einnig að fylgni frjósemi og afurða er óhagstæð og jafnframt er óhagstæð erfðapróun í getu kúa til að festa fang eftir að sæðingar hefjast. Í lok ritgerðarinnar legg ég til að núverandi frjósemiseiginleika, „Bil á milli burða“, verði skipt út fyrir þrjá eiginleika í nýju frjósemiskynbótamati: 1) Fanghlutfall við fyrstu sæðingu fyrir kvígur, 2) Bil á milli burðar og fyrstu sæðingar (dagar), 3) Bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar (dagar).“

Úrelt kynbótamat fyrir frjósemi

– En munu niðurstöðurnar koma íslenskum kúabændum vel að notum?

„Já, vegna þess að núverandi kynbótamat fyrir frjósemi er orðið úrelt og löngu kominn tími á að breyta til hins betra. Frjósemi í íslenskum kúm hefur dalað undanfarin ár og ekki seinna vænna að koma í veg fyrir frekari neikvæða þróun. Ef tilögur ritgerðarinnar komast í gagnið ætti að fást betra mat á frjósemi dætra sæðingarnauta fyrir en við núverandi mat.“

2,9 kálfar á kú

Þegar Þórdís fékk spurninguna um hvað íslenska kýrin eigi að jafnaði marga kálfa á sínu æviskeiði kemur fram hjá henni að í niðurstöðum skýrsluhalds hjá RML fyrir 2019 kemur fram að meðalfjöldi burða við förgun er 2,9. „Það er dýrt að ala upp kvígur í 2+ ár fyrir fyrsta burð, svo því fleiri kálfum sem kýrnar bera, því betra. Svo lengi sem heilsufar og annað slíkt sé í lagi. Frjósemi og ending eru mikilvægir þættir í hagkvæmri nautgripærkt,“ segir Þórdís.

Stærri bú og fleiri mjaltapjónar

– Að lokum er Þórdís spurð hvornig hún sjái kúabúskap á Íslandi þróast næstu árin og hvornig henni lístist á stöðu greinarinnar í dag.

„Ég sé fram á áframhaldandi þróun síðustu ára, stærri bú, fleiri mjaltapjóna og frekari framfarir í afurðum. Ég vona að íslenskir kúabændur verði jákvæðir gagnvart framtíðaráskorunum og geri sér grein fyrir að þeir eru að taka þátt í því að vernda verðmætan kúastarf sem er einstakur á heimsvísu. Ég vil hvetja bændur til að vera duglegir að sæða kvígur og kýr og taka þannig virkan þátt í mikilvægu kynbótastarfi sem stuðlar að erfðaframförum í kúastofninum og er okkur öllum í hag. Hvað sjálfa mig varðar þá er ég harðákvæðin að starfa við landbúnað á einn eða annan hátt í framtíðinni.“

/MHH

Hraðaspurningar á Þórdísi

Fallegasti staður á Íslandi?

– Sunna systir verður mjög móðguð ef ég segi eitthvað annað en Skagafjörður.

Upphalds bíla- tegund? – Veit ekkert um bíla, annars Massey Ferguson.

Hvað finnst þér best að drekka? – Ískalda mjólk úr mjólkurtanknum í Keldudal.

Fallegasta kúanafnið? – Huppa er voða klassískt.



Upphaldstala? – Pass.

Hvað er það besta sem þú færð að borða? – Grillaðir ærvöðvar.

Landbúnaðarháskóli Íslands, hvað er best við skólann?

– Lítið samfélag af fólki sem hefur sömu áhugamál og ég.


Hvaða íslenski tónlistarmaður er í mestu upphaldi hjá þér?

– GDRN

Undanrenna, léttmjólk eða nýmjólk? – Ísköld mjólk úr mjólkurtanknum í Keldudal.

Fyrirmyndin þín í lífinu?

– Foreldrar mínir og ömmur og afar.



Jóhanna Þuríður Þorsteinsdóttir kennari – 75 ára

Alltaf farið eigin leiðir í lífinu

Jóhanna Þuríður Þorsteinsdóttir fæddist í Ásgarði á Þórshöfn 13. maí 1945 á afmælisdegi móður sinnar. Þá átti einnig afmæli Ásgeir Ásgeirsson, þáverandi forseti landsins, og man Jóhanna eftir því í bernskunni að alltaf var flaggað á afmælinu hennar og taldi hún það vera sér til heiðurs. Hún er af Læknisstaðaætt sem er dagnaðarfólk, sagnamenn og húmoristar og þrjúskan þeim í blóð borin. Jóhanna hefur alltaf farið eigin leiðir í lífinu, verið hugrökk að prófa nýja hluti og fátt sem getur stöðvað hana.

Jóhanna eða Lilla eins og hún er oft kölluð ólst upp í Ásgarði ásamt systkinum sínum. Faðir þeirra lést aðeins 53 ára, um það leyti sem Lilla fermdist. Ásgarðssystkinin urðu að spjara sig á eigin spýtur, samhentur hópur, og var einstaklega náð og kærleiksríkt samband milli systrana þriggja. Lilla fór í Húsmæðraskóla á Laugalandi í Eyjafirði árið 1962 og eignaðist þar vinkonur sem enn halda hópinn. Þar lærði hún að strauja, steikja pönnukökur, gera sína frægu hrísgrjónarönd með karamellusósu og reykjja. Hún er þó ekki mikið fyrir að dunda sér í eldhúsinu heldur meira fyrir að búa í hagin til að hægt sé að gera eitthvað skemmtilegra.

Ung giftist hún Óttari Einarssyni, kennara og skólastjóra, og eignuðust þau þrjár dætur á fimm árum. Fjölskyldan bjó fyrst á Húsabakka í Svarfaðardal þar sem Óttar var skólastjóri, en síðan lengst af á Akureyri. Jóhanna hóf þar sjúkraliðanám og lauk því 1972 og vann síðan vaktavinnu á Fjórðungssjúkrahúsinu. Hún fór í öldungadeild Menntaskólans á Akureyri og lauk þaðan stúdentsprófi með fullri vinnu vorið 1985 og vann eftir það skrifstofustörf hjá KEA, lærði svæðanudd og rak um tíma blómabjónustu og bókabúð með manni sínum.

Árið 1994 tók Jóhanna kennaraþróf frá Kennaraháskóla Íslands og kenndi meðal annars í Lundi í Öxarfirði, Svalbarðsskóla í Þistilfirði, á Eiðum og Reykhólum. Hún var skapandi og nýjungjagjarn kennari, hafði



Störfjölskyldan Jóhanna ásamt öllum tólf afkomendum sínum og Óttars og hundinum Krú árið 2014.



Mæðgurnar Þuríður, Steinunn Inga, Jóhanna og Guðrún Arnbjörg.

t.d. kennaraborðið ávallt í miðju skólastofunnar og hikaði ekki við að taka í hnakkadrambið á óþægum nemendum sem hún lét sér samt afar annt um. Hún var skólastjóri Heimilisiðnaðarskólans í Reykjavík frá 1995-1998, forstöðumaður heimilissviðs á Sólheimum í Grímsnesi frá 1998-2004 og skólastjóri Finnbogastaðaskóla í Trékyllisvík frá 2004-2007.

Eftir starfslök gerði Jóhanna m.a. upp gamalt timburhús á Siglufirði

og var um tíma búsett í Danmörku en hún hefur dálæti á öllu sem danskt er. Hún hefur verið búsett víða um land, kynnst mörgum og eignast stóran vinahóp, alltaf búið sér fallett heimili en aldrei látið fjötra sig við eitt eða neitt. Jóhanna átti sæti sem varaþingmaður Kvennalistas á Alþingi árið 1989 og hefur alltaf verið kvenréttindakona sem hefur stutt og hvatt dætur sínar og frændfólk óspart til að mennta sig og standa á eigin fótum. Hún



Kvenréttindakona Jóhanna.

hefur aldrei vílað fyrir sér að keyra um landið þvert og endilangt til að reka sín erindi og lætur hvorki illa hannaða brúarstólpa né vegrið stoppa sig.


Jóhanna er nú búsett í Hveragerði með kisu og kærasta og verður að heiman á 75 ára afmælinu sem hún fagnar með dætrum sínum.

Fjölskylda

Fyrirverandi eiginmaður Jóhönnu var Óttar Einarsson, f. 3.10. 1940, d.



Úr frændgarði Jóhönnu Þuríðar Þorsteinsdóttur



7.2. 2013, kennari og skólustjóri. Þau skildu 2006. Foreldrar hans voru Einar Kristjánsson, f. 26.10. 1911, d. 6.7. 1996, húsvörður og rithöfundur frá Hermundarfelli, og Guðrún Kristjánsdóttir, f. 16.8. 1917, d. 5.7. 2017, húsfreyja frá Holti í Pistilfirði.

Dætur Jóhönnu og Óttars eru: 1) Steinunn Inga, f. 7.10. 1963, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, búsett í Kópavogi. Maki: Brynjar Ágústsson ljósmyndari. Barnabörn: Óttar, f. 1987, og Inga, f. 1995. Börn Brynjars eru Sandra Dögg, f. 1980, og Arnþór, f. 1981. 2) Guðrún Arnþjórg, f. 21.9. 1964, skrifstofustjóri hjá RARIK ohf., búsett í Rangárbíngi ytra. Maki: Haraldur Eiríksson, fjármálastjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands. Barnabörn: Eiríkur, f. 1992, Óttar, f. 1999, og Jóhanna Sigrún, f. 2001. 3) Þuríður, f. 22.8. 1968, skólustjóri Vættaskóla, búsett í Hafnarfirði.

Maki: Hannes Steinar Guðmundsson, forstöðumaður hjá Póstinum. Barnabörn: Aðalsteinn, f. 1994, Jóhann, f. 1997, Óttar Páll, f. 2001, og Guðmundur Högni, f. 2004.

Systkini Jóhönnu: Skúli Þór Þorsteinsson, f. 3.8. 1936, d. 25.1. 2020, kennari á Laugum í Reykjadal; Þórunn Marín Þorsteinsdóttir, f. 22.11. 1937, d. 16.12. 2011, stöðvarstjóri Pósts og síma á Þórshöfn; Jóna Matthildur Þorsteinsdóttir, f. 8.9. 1940, bókari hjá Þórshafnarhreppi og verslunareigandi, búsett í Kópavogi; Óli Ægir Þorsteinsson, f. 1.12. 1941, útgerðarmaður á Þórshöfn.

Foreldrar Jóhönnu voru hjónin Þorsteinn Ólason, f. 15.5. 1907, d: 5.11. 1960, sjómaður og útvegsbóndi, og Þuríður Jónsdóttir, f. 13.5. 1914, d. 6.8. 1993, húsfreyja og verkakona. Þau bjuggu fyrst á Skálum á Langanesi en lengst af í Ásgarði á Þórshöfn.



Fréttablaðið, 14.05.2020, síðu 6
grein stærð: 165.62 sm²
grein hæð: 6.44 sm

Nýr brennsluofn annar fjögur þúsund tonnnum af dýrahraejum

UMHVERFISMÁL Sorpstöð Rangárvallasýslu hyggst koma upp brennsluofni á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra fyrir dýrahrae og aðrar dýraleifar.

Í ofninum verður hægt að brenna allt að fjögur þúsund tonn af dýrahraejum á ári að því er segir í tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina.

„Með ákvörðun stjórnar Sorpu bs. um að hætta að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi og með breyttum áherslum hjá



Brennsluofn leysir bráðan vanda.

Kölku er ljóst að þessar förgunarleiðir eru ekki lengur til staðar. Auk heldur uppfillir urðun dýrahraeja ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa,“ segir í matsáætluninni.

Þá segir að brennsluofninn á Strönd verði liður í lausn á bráðum vanda sem skapast hafi af þessum sökum. Ofninn afkasti allt að sjö hundruð kílóum á klukkustund.

„Brennslan í brennsluofninum á sér stað við allt að 850°C hita og við það breytist lífræna efnið í ösku,

» Meðal annars má nýta hitann frá brennsluofninum til rafmagnsframleiðslu.

útblastur og hita. Askan sem myndast er að mestu gerð úr ólífrænum hluta úrgangsins og endar annaðhvort sem harðir kögglar eða duft,“ segir í matsáætluninni. Meðal annars megi nýta hitann frá ofninum til rafmagnsframleiðslu.

Strönd á Rangárvöllum er norðan Suðurlandsvegjar, miðja vega milli Hellu og Hvolsvallar og er jörðin nú í eigu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Á svæðinu eru þegar gámar fyrir mismunandi úrgangsflokka, stórt aðstöðuhús og minna móttökuhús, auk annarra mannvirkja.

„Ekki er gert ráð fyrir að umrædd starfsemi hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið umfram það sem fylgir þeirri starfsemi sem fyrir er,“ segir í matsáætluninni. – gar




Bændablaðið, 20.05.2020, síðu 14
grein stærð: 41.67 sm²
grein hæð: 4.11 sm

Mikið byggt á Hellu

Miklar byggingaframkvæmdir eiga sér stað á Hellu um þessar mundir, eða í Rangárþingi ytra eins og sveitarfélagið heitir.

Sveitarfélagið hefur fest kaup á 6 nýjum íbúðum í jafnmörgum raðhúsum í Ölduhverfinu

og hefur þannig tekist að örva nýbyggingar á hagkvæmum minni íbúðum, sem mikill skortur var á á Hellu. Þannig hafa risið 7 raðhúsalengjur og eru 5 þeirra komnar í notkun en samtals eru það 29 íbúðir. /MHH



Hótel Lækur hefur misst viðskiptavinum sína og sækir nú á mið Íslendinga:

Eru með margar perlar Suðurlands innan seilingar

Ferðaðþjónustubændur á Íslandi eru nú sem óðast að undirbúa þá einstöku tíma sem fram undan eru í ferðaðþjónustunni. Flestir þurfa að breyta algjörlega um kúrs og ná í viðskiptavinum meðal landa sinna í sumar. Hótel Lækur á Rangárvöllum, rétt ofan við Gunnarsholt, hefur frá stofnun árið 2011 sótt viðskiptavinum sína að nánast öllu leyti út fyrir landsteinana, en til að halda sjó í sumar á tímum kórónuveirufaraldurs er lagt á ráðin með markaðssetningu á svæðinu fyrir Íslendinga. Margar af einstökum náttúruperlum landsins eru innan seilingar frá Hróarslæk, sem hótelið kennir sig við.

„Ég var sjálfur í námi, var að vinna sem bókarari og í ýmsu öðru áður, en svo fyrir rúmum tveimur árum síðan þá ákveðum við Sif, kona mín, að flytja í sveitina og koma inn í reksturinn,“ segir Sturla Norðdahl. „Núna sjáum við að mestu um daglegan rekstur á hótelinu.“

Hefðbundnum bóndabæ breytt í hótél

Hótelið hefur byggst upp í nokkrum áföngum, en áður var þar hefðbundinn bóndabær og blandaður búskapur. „Foreldra mína, þau Gunnar Norðdahl og Emilíu Sturludóttur, langaði til að flytja í sveitina en þau



Sauðburður á Hróarslæk, hér er horft yfir sveitahótelið og Hekla er í baksýn.



Hótel Lækur á Rangárvöllum.

Mynd / Úr einkasafni



Sturla Norðdahl og Sif Ólafsdóttir í hlaðinu á Hótel Læk.

áttu sumarbústað hér í nágrenninu og þekktu til staðarins. Þau voru í verslunarrekstri í borginni og langaði til að söðla um,“ segir Sturla um forsögu þess að fjölskyldan sest að þarna á bökkum Hróarslækjar.

„Pabbi ólst upp í sveit og mamma er mikil hestakona, þannig að þetta var ekkert óeðlileg ákvörðun hjá þeim, að taka sig upp úr borginni,“ bætir hann við.

Fyrst var tekið til við að breyta

bæjarhúsinu og útihúsi í það sem núna er aðalbygging hótelsins. Það var árið 2011. Í upphafi átti þetta bara að vera lítið gistiheimili með fáein herbergi, en síðan uxu hugmyndirnar á framkvæmdastigunum. Síðar komu svo gulu gistihúsin. „Já, herbergjunum fjölgaði jafnt og þétt og nú eru herbergin 21 og gulu húsin fjögur að auki. Þá bættist veitingastaður líka við á leiðinni. Við erum með svolitinn hobbí-búskap með kindur og hesta og notum lambakjötið okkar fyrir veitingastaðinn.

Hér eru 24 ær sem gefa okkur um 40 lömb á ári. Við höfum ekki lagt í að bjóða upp á hrossakjöt enn þá, enda er fólk frá ákveðnum löndum mjög viðkvæmt fyrir hrossakjötsáti og því betra að fara varlega í þeim efnum. Þetta eru mikilvægir viðskiptavinahópar.

Við leggjum mikið upp úr því að fá hráefni úr nágrenninu, notum mikið lax og silung til dæmis líka, auk okkar eigin afurða.“

Heppileg tímasetning að opna hótél

„Já, það má segja að það gat ekki verið heppilegri tími – það þurfti bara að opna dýrnar og ferðamennirnir streymdu inn,“ segir Sturla um tímasetningu foreldra hans á því að opna hótél á stað þar sem háttar til eins og við Hróarslæk. „Þau voru eitthvað að vandræðast með markaðssetninguna á hótelinu – hvað ætti að leggja áherslu á – en það reyndust óþarfa áhyggjur og þetta hefur nánast selt sig sjálft. Við höfum frá upphafi verið nánast eingöngu með erlenda ferðamenn – kannski nálægt 99 prósentum,“ segir hann.

Reksturinn á Hótel Læk hefur gengið vel síðustu ár sem þau þakka


ekki síst góðum umsögnum og einkunnum á ýmsum ferðaðþjónustuvefjum. Til dæmis eru þau með 9,6 í einkun

á hotels.com og eru afar vel metin á Tripadvisor meðal sambærilegra sveitahótela.

Skipulagðar ferðir

Auk þess að vera með hótélreksturinn er boðið upp á skipulagðar ferðir út frá Hróarslæk. „Já, við erum í samvinnu við leiðsögumenn og ferðaskrifstofur – og bjóðum upp á ferðir héðan í samvinnu við þá aðila. Hóparnir eru frekar litlir, þannig séð, og ferðirnar eru mest jöklaferðir, snjósleðar, ofurjeppar og hellar. Við leggjum talsvert upp úr norðurljósaferðum fyrir ákveðna hópa, enda hentar þetta svæði vel til að skoða þau með víðernin hér og fjarri ljósmenguninni. Svo myndar fjallgarðurinn fallega umfjörð, en það er kostur að vera ekki alveg ofan í þeim.“

„Í byrjun maí setti Sturla tilboð á gistingu á Hótel Læk inn á Facebook-síðu hótelsins, í því markmiði að kynna Íslendingum fyrir þessum ferðaðþjónustumöguleika á Suðurlandi. „Já, það liggur fyrir að



Á Keldum er einstök torfhúsaheild, í um sex kílómetra fjarlægð frá Hróarslæk.

Náttúruperlur í næsta nágrenni

Hótel Lækur er á Rangárvöllum í Rangárþingi Ytra og vel í sveit sett fyrir Íslendinga sem vilja kynnast áhugaverðum stöðum á Suðurlandinu; hvort heldur í sögulegu samhengi eða vegna náttúrufegurðar.


Að sögn Sturlu hafa erlendir gestir hótelsins mest sótt í eftirfarandi ferðir út frá hótelinu:

- Gullni hringurinn
- Suðurstrandavegur
- Landmannalaugar
- Þórsmörk
- Vestmannaeyjar
- Þjórsárdalur
- Fjallabaksleið syðri

Annað sem gæti vakið áhuga Íslendinga:

- Njáluslóðir og sögusetrið á Hvolsvelli
- Seljalandsfoss
- Skógafoss og Skógasafn
- Seljavallalaug
- Hekla
- Keldur





Útíhúsunum á Hróarslæk var breytt í hótél árið 2011.

Mynd / Úr einkasafni

við þurfum að reyna að fá fólkið í landinu til okkar að einhverju leyti í stað útlendinganna sem munu ekki koma. Við vitum að tilboðin eru kannski ekki alveg við allra hæfi en flestir ættu að ráða vel við þau verðtilboð sem við kynntum. Þetta er talsverð lækkun hjá okkur og við hugsum þetta í raun bara einungis til að geta haldið sjó í gegnum sumarið í það minnsta. Við höfum fengið frábærar viðtökur við tilboðunum og tilkynning okkar virðist hafa farið víða,“ segir Sturla um það hvort til standi að fara í eitthvert markaðsátak fyrir Íslendingana.

„Um leið settum við af stað Facebook-leik, happdrætti þar sem þátttakendur geta unnið gistingu með morgunverðarhlaðborði og við ætlum vafalaust að gera þetta oftari til að vekja athygli á okkur.“

Rafhjólaferðir um náttúruperlur

„Við erum svo að skipuleggja svölítið skemmtilegt verkefni með lítilli ferðaskrifstofu, sem eru hjólaferðir hér um helstu náttúruperlur á

svæðinu á rafhjólum. Stefnan verður á að fara inn í Þórsmörk og eftir Fjallabaksleið syðri til dæmis, en leiðsögumennirnir verða á trukkum og taka hjól og fólk upp í þegar fara þarf yfir ár og yfir lengri kafla. Slíkar ferðir geta hentað öllum sem geta eitthvað hjólað, því rafmagnshjólið hjálpar þér erfiðustu hjallana. Þessar ferðir verða sérstaklega auglýstar á Facebook-síðu hótelsins og verðar settar í samhengi við einhverja pakka sem við munum bjóða upp á. Þá ætlum við að vera með nýbreytni í sumar á viðburðardagatalinu okkar, sem verður svona kvöldstund úti við varðeld – bara hérna niðri við læk. Þar ætlum við að reyna að búa til stemningu, enda viljum við bjóða upp á eitthvað umfram gistinguuna hérna á hótelinu – til dæmis líka sérstaka upplifun með dýrunum,“ segir Sturla.

Búið var að bóka nokkur herbergi fyrir síðustu helgi og því má segja að hið óvenjulega ferðasumar 2020 á Hótel Læk hafi þá formlega hafist, en hótelið hafði verið lokað alveg frá miðjum mars.

/smh



Bændablaðið, 04.06.2020, síðu 12
grein stærð: 48.70 sm²
grein hæð: 4.81 sm

Rangárþing ytra og Ásahreppur: **Lán vegna vatnsveitumála**

Stjórn vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa óskað eftir því við aðildarsveitarfélög vatnsveitunnar að þau ábyrgist lántöku Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Um er að ræða 110 milljónir króna sem teknar yrðu að láni

hjá Lánasjóði sveitarfélaga, í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020. Lýtur þetta að fjármögnun á framkvæmdum við stækkun Lækjarbotnaveitu, sem er hluti af endurnýjun veitukerfisins.

/MHH



Sækja styrk til bandamanna í næstu sveit

BAKSVIÐ

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is



Sveitarfélögin standa mörg frammi fyrir miklum áskorunum og erfiðleikum í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Mörg þau minni eiga erfitt með að mæta mögulegu tekjufalli og auknum útgjöldum sem fylgja því að áætlanir fyrir árið eru fagnar út í veður og vind. Þá er víða uppi óvissa um að hægt verði að sinna nauðsynlegri grunnþjónustu. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er atvinnuleysi á mörgum stöðum í hæstu hæðum.

Framkvæmdastjórnar sveitarfélaga og landshlutasamtaka hafa fundað að undanförunu vegna ástandsins. Á þeim fundum hefur komið í ljós að mörg sveitarfélög sem hafa sameinast öðrum eða eru í viðræðum um það finna styrk í bandamönnum sínum í þeim ólgusjú sem þau róa nú í. Eins og kunnugt er hafa stjórnvöld boðað þá stefnu að fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 verði sveitarfélög með 250 íbúa og færri þvinguð til að sameinast öðrum og fjórum árum seinna verði lágmarkstala íbúa 1.000 manns.

Meiri sérfræðipekking

„Mönnum hefur fundist styrkur að því sambandi sem þó er komið á, þótt sameiningar hafi ekki gengið formlega í gegn. Maður finnur að maður hefur annað bakland,“ segir Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi.

Djúpavogshreppur hefur samþykkt að sameinast þremur öðrum sveitarfélögum á Austurlandi; Borgarfjarðarhreppi, Fljótisdalshéraði og Seyðisfjarðarkaupstað. Kosid verður um nafn á nýju sveitarfélagi samhliða forsetakosningum hinn 27. júní næstkomandi.

Gauti segir að innan stjórnsýslu umræddra sveitarfélaga hafi fólk getað borið saman bækur sínar á jafningjagrundvelli. Hægt hafi verið að fá fleiri sjónarhorn til að takast á við vandamálin. „Þar kemur saman fólk með ólíka reynslu og sjónarhorn og það hefur reynst styrkur. Menn standa ekki einir,“ segir sveitarstjóriinn sem leggur þó áherslu á að íbúar hefðu ekki bugast ef þeir hefðu ekki verið komnir af stað í sameiningarferli.

Íbúar Djúpavogs eru ekki



Morgunblaðið/RAX

Veröld sem var Ferðamenn sóttu Jökulsárlón á Breiðamerkursandi heim í stórum hópum. Bið verður á að þeir komi aftur í sama mæli og áður.

ókunnugir því að takast á við áföll því fyrir nokkrum árum fluttist nær öll fiskvinnsla þaðan til Grindavíkur. Nú er samdráttur í ferðaþjónustu og fiskeldi.

„Við búum að því að vera með stærri og öflugri stjórnsýslu. Það er aðgengi að meiri sérfræðipekkingu en er að finna hjá litlum sveitarfélögum. Að sama skapi búum við að þeirri reynslu að hafa tekist á við áfall áður. Við getum miðlað með hvaða hætti við teljum að best væri að gera,“ segir Gauti.

Viðkvæm fyrir sveiflum

„Við horfum til þess að stærri stjórnsýslur eiga eflaust betra með að taka á áföllum eins og þessum. Það er meðal annars það sem verið er að skoða hjá okkur í sveitarfélaginu Suðurlandi, hvar munurinn myndi liggja ef þetta hefði lent á sameinuðu sveitarfélagi en ekki á einstökum sveitarfélögum,“ segir Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri í Skaftárhreppi.

Skaftárhreppur á nú í viðræðum við fjögur önnur sveitarfélög á Suðurlandi um sameiningu. Hin fjögur eru Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Mýrdalshreppur.

Sandra segir að litil sveitarfélög séu viðkvæm fyrir sveiflum í rekstri. Lítið þurfi til að hafa áhrif á reksturinn. „Ég held að það séu allir meðvitaðir um það og þessi áföll styðja okkur í áframhaldandi samtali.“

TÖLUR UM ÍBÚAFJÖLDA

Fjölgun í Reykjavík

Íbúum í Reykjavík fjölgaði um 1.132 síðasta hálfu árið, eða á tímabilinu frá 1. desember 2019 til 1. júní síðastliðins. Næstmesta fjölgunin var í Garðabæ en þar fjölgaði íbúum um 256 á sama tímabili. Þetta kemur fram í nýbirtum tölum á vef Þjóðskrár Íslands. Þegar horft er til alls landsins þá hefur íbúum Mýrdalshrepps fjölgað hlutfallslega mest síðastliðna sex mánuði, eða um 7,4%. Aðeins bættust þó 53 við íbúafjöldann þar.

Íbúum fækkaði hlutfallslega mest í Svalbarðsstrandarhreppi eða um 5,6%.

Fækkun varð í 26 sveitarfélögum af 72 á ofangreindu tímabili. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 1.723 og á Suðurlandi um 357 en íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 19 íbúa. Íbúum á Norðurlandi eystra fækkaði um 43, að því er Þjóðskrár Íslands greinir frá.



Kristborg Þórsdóttir fornleifafraeðingur afhendir hér Ágústi sveitarstjóra áfangaskýrsluna, sem er í tveimur bindum. Hægt er að lesa skýrslurnar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.ry.is Mynd / Aðsend

Fornminjar í Rangárþingi ytra:

Aðalskráningu lokið

Á dögunum kom Kristborg Þórsdóttir fornleifafraeðingur færandi hendi í stjórnsluhúsið á Helli með tveggja binda áfangaskýrslu um næst-síðasta áfanga fornleifaskráningu í Rangárþingi ytra.

Í henni er fjallað um minjar á jörðum í efri hluta Landsveitar á um 700 síðum. Meðal þess sem komið hefur í ljós í þeirri skráningu er fjöldi áður óþekktra bæjarstæða frá víkingaöld, má sem dæmi nefna tóftabyrpinguna í landi Árbakka, auk víkingaaldarbæjarstæða í landi

Lunansholts og Holtsmúla (nú Skeiðvalla).

Þessar fornu minjar eru hluti af mörgum þúsundum minja sem skráðar voru í sveitarfélaginu af Fornleifastofnun Íslands á árunum 2006–2015. „Það er frábært og við getum verið mjög stolt af því að hafa lokið þessari fyrstu umferð fornleifaskráningar sem er undirstaða þess að hægt sé að vinna frekari rannsóknir á menningararfi svæðisins og stuðlað að varðveislu hans fyrir komandi kynslóðir,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri. /MHH



Bændablaðið, 18.06.2020, síðu 15
grein stærð: 47.66 sm²
grein hæð: 8.92 sm

Brennsluofn til að leysa bráðavanda

Nefndarmenn í skipulagsnefnd Rangárþings ytra telja ljóst að með ákvörðun stjórnar Sorpu um að hætta að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi og með breyttum áherslum hjá Kólku séu áður viðurkenndar förgunarleiðir ekki lengur til staðar.

Auk þess uppfyllir urðun dýrahræja ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa. Nefndin hefur því samþykkt fyrirhugaða uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrahræ á Strönd í Rangárvallasýslu en uppsetningin á ofninum er liður í lausn á þeim bráðavanda sem skapast hefur á svæðinu.

/MHH



800 milljónir til sameininga í ár

● Jöfnunarsjóður styrkir verkefni

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sameiningar sveitarfélaga í ár nema 800 milljónum króna. Framlög sjóðsins til verkefna af því tagi hafa margfaldast á undanförunum árum, eins og sést á meðfylgjandi línuriti.

Stjórnvöld stefna að því að gera átak í sameiningu sveitarfélaga á næstu sex árum með því að lögbinda lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélagi. Jöfnunarsjóði er ætlað hlutverk í því verki.


Tvö verkefni studd í ár

Unnið hefur verið að sameiningum á nokkrum stöðum, óháð nýrri stefnu stjórnvalda og einhver af þeim sveitarfélögum sem reiknað er með að þurfi að sameinast öðrum eru byrjuð að undirbúa sig. Dæmi um það er Dalabyggð sem fengið hefur 4,4 milljóna króna styrk úr Jöfnunarsjóði til að gera athugun á því hvert er vænlegast að snúa sér.

Preifingar um sameiningu fimm


Framlög v. sameininga sveitarfélaga

M.kr. 2013-2020



sveitarfélaga á Suðurlandi hafa staðið lengur yfir en þau hafa fengið 23,8 milljón króna styrk á þessu ári til sinnar vinnu. Að þeim viðræðum standa Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Stuðningur við sameiningu sveitarfélaga, bæði vegna undirbúnings sameiningar og verkefna að loknu því ferli, er hluti af lögbundnu hlutverki sjóðsins, samkvæmt upplýsingum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.



Byggja þarf nýsköpun á auðlindum svæðisins, segir nýr sveitarstjóri í Rangárþingi eystra

Sköpum tækifæri

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Í störfum fyrir samfélagið er mér metnaðarmál að skapa tækifæri fyrir unga fólkið. Þar er margt undir, til dæmis nýsköpun byggð á auðlindum svæðisins og að fjölga möguleikum þeirra sem vilja afla sér menntunar í heimabyggð,“ segir Lilja Einarsdóttir, nýr sveitarstjóri í Rangárþingi eystra. „Búa þarf svo um hnúta að sveitarfélagið hafi möguleika til vaxtar og sóknar. Til þess að svo megi verða er margt undir og eitt af því er til dæmis að hafa alltaf tiltækt nægt framboð lóða fyrir fjölbreytta búsetu og atvinnustarfsemi. Nú er á lokametrum hjá okkur vinna við deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttasvæði hér á Hvolsvelli, miðbæjarskipulag sem gerir ráð fyrir fjölbreyttri þjónustu og samkomusvæði auk byggðar með vel á annað hundrad íbúðir.“

Nýta styrkleikana

Rangárþing eystra nær frá Jökulsá á Sólheimasandi í austri að Eystri-Rangá. Þarna á milli eru Eyjafjöll, Landeyjar, Fljótshlíð og slétturarnar í kringum Hvolsvöll. Þar í bæ búa í dag tæplega 1.000 manns eða um helmingur íbúa sveitarfélagsins alls. Í sveitarstjórn er meirihlutasamstarf með D-lista Sjálfstæðismanna og B-lista Framsóknar. Skv. samkomulagi var Anton Kári Halldórsson frá D-lista sveitarstjóri á fyrri hluta kjörtímabilsins en Lilja sem er oddviti B-listans á þeim síðari og tók hún við keflinu nú um miðjan júní. Verkefnið síðan þá hafa verið mörg og ólík.

„Með sveitarstjórnarskiptum sáum við tækifæri til að nýta styrkleika fólks sem best á kjörtímabilinu,“ segir Lilja. „Við sem sitjum í sveitarstjórn erum ólík, en samstarfið síðustu tvö ár hefur verið með eindæmum gott og samstaða um flest mál og verkefni. Þetta kom sérstaklega vel í ljós í þeim verkefnum sem við fengum í fangið í Covid-19-faraldrinum. Ferðapjónustan hér hefur verið snar þáttur í atvinnulífinu svo bakslagið að undanförunu er mikið, sbr. að atvinnuleysi hér er nú 15% og samdráttur í tekjum sveitarfélagsins er svipuð hlutfallstala. Nú hafa vel flest fyrirtækin hins vegar verið opnuð aftur og tímann hefur fólk nýtt meðal annars til



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hvolsvöllur Þar býr um það bil helmingur 2.000 íbúa í Rangárþingi eystra.

Hver er hún?

- Lilja Einarsdóttir er fædd 1973 og uppalin á Hvolsvelli. Er hjúkrunarfræðingur með B.Sc.-gráðu frá Háskólanum á Akureyri, með diplómagráðu í opinberri stjórn-sýslu frá Háskóla Íslands. Samhliða hjúkrunarstörfum hefur Lilja starfað að sveitarstjórnarmálum í alllangan tíma og setið í meirihluta sveitarstjórn Rangárþings eystra frá árinu 2010, sl. 6 ár sem oddviti og nú sveitarstjóri.
- Lilja er gift Sveini Kristjáni Rúnarssyni yfirlöggeflupjóni á Suðurlandi og eiga þau þrjú börn á aldrinum 16-24 ára.

vöruþróunar- og nýsköpunarstarfs.“

Bakslagið vegna kórónuveirufaraldursins segir Lilja koma verulega við sveitarsjóð. Reksturinn sé þó í jafnvægi og skuldastaðan sömuleiðis sem sé bót í máli. Boðuð lækkan á framlægum ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kunnir þó að hafa veruleg áhrif, en hlutverk sjóðsins er að gera sveitarfélögin jafnsett um að veita íbúum lögbundna þjónustu. „Þó úr minni fjármunum verði kannski að spila um stundarsakir verður ekkert gefið eftir í þjónustu við okkar viðkvæmstu hópa. Því má treysta,“ segir Lilja.

Ný ferðamálastefna

Rangárþing eystra er hluti af jarðvanginum *Katla UNESCO Global Geopark* hvar



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Sveitarstjóri Berum ábyrgð og höfum skyldur til að skapa atvinnutækifæri þegar kreppir að eins og nú, segir Lilja Einarsdóttir í viðtalinu um áskoranir í rekstri sveitarfélagsins.

nú er í gangi margþætt stefnumótunarvinna. Þá er nú unnið við innleiðingu nýrrar ferðamálastefnu sveitarfélagsins, hvar áherslumál er að laða innlenda ferðamenn á svæðið. Upplýsingar eru gerðar aðgengilegar, heimasíðan *visithvolsvollur.is* fór í loftið nýlega og mælist vel fyrir. „Mörg verkefni ferðamálastefnumnar lúta að því að bæta aðgengi og fegra áfangastaði hér; svo sem í Tunguskógi í Fljótshlíð, í Þórsörk og við Seljalands- og Skógafoss undir Eyjafjöllum. Stuðningur stjórnvalda gerði okkur kleift að ráða fleiri ungmenni en nokkurn tíma áður til sumarvinnu. Svigrúm var til að ráða alla sem sóttu um enda bera sveitarfélög ákveðna ábyrgð og hafa skyldur til að skapa atvinnutækifæri þegar kreppir að eins og nú.“

Sameining í skoðun

Á síðasta ári fór af stað, að frumkvæði Mýrdalshrepps, umræða um sameiningu allra sveitarfélaganna fimm í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu. Þar eru undir Ása-hreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur með samtals um 5.400 íbúa. Svæðið er víðfeðmt og aðstæður ólíkar milli byggða svo að mörgu þarf að hyggja áður en til formlegra viðræðna um sameiningu kemur „Verkefnið var komið vel af stað í vetur

en fór í biðstöðu vegna kórónuveirufaraldursins. Að undanförunu hefur tíminn verið nýttur til margvíslegrar greiningarvinnu og nýlega var vefsetrið *svsudurland.is* sett í loftið, þar sem íbúum gefst kostur á að kynna sér alla málavöxtu. Í haust stendur til að efna til kynningarfundu um málið meðal íbúa, en hvernig landið liggur þar og hver meintur ávinningur af sameiningu verður ræður framhaldinu,“ segir sveitarstjórnin.

Stuðla að heilbrigði

Heilsuefning hefur verið hluti af stefnu sveitarstjórnar í Rangárþingi eystra og sér þess stað m.a. í skólastarfi og stuðningi við íþróttafélög. Á Hvolsvelli er góð íþróttastæða, svo sem sundlaug, íþróttahús, líkamsræktarsalur, heilsustígur, golfvöllur og fleira. Í sl. viku var svo stigið það framfaraskref að formgera heilsuefndi aðgerðir með því að undirrita samning við Embætti landlæknis um *Heilsuefndi samfélag*.

„Undir þeim formerkjum er tekið mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum. Þar er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísu og fleiri gögn og staðan metin reglulega. Allt á þetta að stuðla að heilbrigðum lífnáðarháttum, heilsu og vellíðan íbúa – og ég veit að árangurinn verður góður,“ segir Lilja að síðustu.



Morgunblaðið, 30.06.2020, síðu 2
grein stærð: 161.53 sm²
grein hæð: 10.38 sm

Loo byggir 40 herbergja hótél

● Athafnamaður frá Malasíu lætur ekki kórónuveiruna stöðva áform sín ● Þriggja hæða hótél við bakka Rangár

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Sveitarstjórnin vildi vera með í ráðum frá upphafi um það hverslags bygging risi þarna. Fyrstu drög frá Loo samrýmast stefnu sveitarstjórnar og fólkí list almennt vel á þessi áform,“ segir Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra.

Áform malasíska athafnamannsins Loo Eng Wah um uppbyggingu ferðahjónustu á Hellu eru nú farin að taka á sig mynd. Morgunblaðið hefur greint frá uppbyggingu sem hann hefur staðið fyrir á Leyni 2 og 3 í Landsveit. Áform hans þar hafa verið umdeild og hefur Loo þurft að breyta þeim vegna andstöðu hagsmunaaðila



Loo Eng Wah


á svæðinu. Í byrjun þessa árs fékk hann úthlutaðar tvær atvinnulóðir á besta stað á Hellu. Annars vegar er um að ræða lóð við bakka Rangár og hins vegar við Miðvang, gegnt skrifstofu sveitarfélagsins og miðstöð hjónustu þar. Þeirri lóð hefur verið lýst sem „andliti Hellu“.

Loo hefur ekki látið kórónuveirufaraldurinn stöðva sig. Hann hefur að sögn Haraldar Birgis fjarlæggt umdeild hjólhýsi sem voru á Leyni. Þeðid er afgreiðslu Skipulagsstofnunar til að hægt sé að auglýsa breytingu á að-

alskipulagi á því svæði. Loo hefur þess í stað lagt drög að hótélbyggingu á lóð við bakka Rangár á Hellu.

„Þetta verður að megninu til hótél en hann er þó enn með hugmyndir um að tengja húsið við einhverja þjónustu, mögulega verslun. Fjöldi herbergja liggur ekki endanlega fyrir en húsið verður á þremur hæðum svo þetta gætu verið allt að 40 herbergi. Hann lagði þessar hugmyndir fram í miðjum Covid-faraldri svo hann er ekki af baki dottinn.“

Haraldur Birgir upplýsir jafnframt að lóðin við Miðvang sé í biðstöðu vegna þess að verið sé að yfirfara skipulag miðbæjar Hellu. Ekki liggur fyrir hversu stór lóðin verður á endanum. „Loo bíður spenntur eins og við hin,“ segir Haraldur Birgir.



Morgunblaðið, 13.07.2020, síðu 6
grein stærð: 269.54 sm²
grein hæð: 26.56 sm



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Fljótshlíð Þétt raðað á tjaldsvæði á Hellishólum í Fljótshlíð á laugardag.

Fjölmenni á tjaldsvæðum

● Sumarblíða á Suðurlandi um helgina

Tjaldsvæði á Suðurlandi voru vinsæl um helgina, enda veður gott og margir komnir í sumarleyfi. Á Laugalandi í Holtum í Rangárþingi ytra var fólk í á annað hundrað farhýsum og tjöldum og gestir vel á fimmta hundrað. „Íslendingar eru duglegir að ferðast. Fólk lætur ekki slá sig út af laginu, margir hefðu væntanlega verið í útlöndum á þessum tíma en nú þegar hindranir eru uppi er landinn á landinu,“ segir Engilbert Olgeirsson, sem ásamt Rán Jósepsdóttur konu sinni rekur tjaldsvæðið að Laugalandi.

Vinsælt er meðal fjölskyldufólks að dveljast að Laugalandi og um helgina var þar hópur vinnufélaga í sumarferð, stórfjölskylda hélt lítið ættarmót. Á tjaldsvæðinu voru einnig nýbökud brúðhjón sem efndu til veislu fyrir vini og vandamenn í íþróttahúsi á staðnum. Þá segir Engilbert að fólk sé sér vel meðvitað um fjarlægðarmörk og sóttvarnir og sýni skynsemi í því sambandi.

Rafmagn og þægindi

„Margir spyrja hvaða afþreying sé í boði og vissulega er heilmargt hér í kring, en svo velja margir líka bara að vera á tjaldsvæðunum í sólinni og leikaðstaðan hér fyrir krakkaana er mjög fín,“ segir Engilbert og enn fremur:

„Margir velta fyrir sér hversu margir megi vera í hverjum reit á tjaldsvæðunum með tilliti til sóttvarna. Að fólk hafa slíkt í huga er mjög gott. Svo spyr fólk líka hvort nægt rafmagn sé fyrir ferðavagna, sem oftast er. Fólk vill þægindi og góða aðstöðu í útilegunni.“

Fljótshlíðin var fjölsótt um helgina og í flugferð blaðamanns



Laugaland Engilbert Olgeirsson og dóttirin Eldey Eva á tjaldsvæðinu.

sást að margir dvöldust á tjaldsvæðunum þar í sveit. Svipaða sögu má segja frá öðrum ferðamannastöðum á Suðurlandi,

Varúð á Flúðum

„Yfir sumarið vilja Íslendingar fara í útilegur og gista á tjaldsvæðum. Því finnst mér skjóta svolítið skökku við að ferðagjöf stjórnvalda gildi ekki á stöðum eins og hér,“ segir Birgir Guðjónsson, sem rekur tjaldsvæðið á Flúðum. Því hefur verið skipt upp í nokkra reiti með tilliti til gestafjölda og varúðar vegna kórónuveirunnar. Sá viðbúnaður hefur virkað vel og allt gengið eins og í sögu. Ljóst er þó að takmarka þarf fjölda gesta á tjaldsvæðunum um verslunarmannahelgina og hátíðahöld á Flúðum þar og þá verða með öðru og lágstemmdara móti en undanfarin ár. sbs@mbl.is



Morgunblaðið, 14.07.2020, síðu 6
grein stærð: 156.12 sm²
grein hæð: 15.19 sm



Tölvuteikning/Landsvirkjun

Þjórsá Nýja brúin er yfir hinn gamla farveg Þjórsár, ofan við Þjófafoss og á milli Bjarnalóns og Búrfellsstöðvar. Opnast betra aðgengi að Búrfellsskógi.

Bættur aðgangur að Búrfellsskógi

Landsvirkjun hyggst láta gera göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá, ofan við Þjófafoss, í haust og vetur. Auglýst hefur verið útboð fyrir framkvæmdina sem áætlað er að kosti 250-300 milljónir kr.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðgengi að Búrfellsskógi en hann hefur losnað aðeins úr tengslum við umhverfið eftir framkvæmdir við Búrfellsstöð 2. Þá mun brúin tengja saman kerfi reiðvega og göngustíga sem eru

fyrir beggja vegna Þjórsár, það er að segja í sveitarfélögunum Rang-árþingi ytra að austan og Skeiða- og Gnúperjahreppi að vestanverðu.

Verkið sem Landsvirkjun hefur auglýst felst í byggingu 102 metra langrar stálbitabruar með timburdekki. Verktími er skilgreindur frá 1. september og er áætlað að meginþungi framkvæmda verði í haust. Skila á verkinu fyrir 31. maí á næsta ári. helgi@mbl.is



Morgunblaðið, 06.08.2020, síðu 16
grein stærð: 48.43 sm²
grein hæð: 9.21 sm

Landnámsþænan varð gjaldþrota



Íslenska landnámsþænan ehf.

Dísukoti,
Rangárfingi
ytra, var tekin til
gjaldþrotaskipta
í lok apríl sl. og
er skiptum lokið,
að því er fram
kemur í tilkynn-

ingu í Lögbirtingablaðinu.

Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 4.750.649 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta en engum forgangskröfum var lýst.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.



Morgunblaðið, 19.08.2020, síðu 6
grein stærð: 248.40 sm²
grein hæð: 9.66 sm

Hvammsvirkjun í undirbúningi

● Fer á ný í skipulagsgerð ● Enn ekki ákveðið hvenær framkvæmdir hefjast

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is

Nú stendur yfir lokaundirbúningur Hvammsvirkjunar í Þjórsá, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær framkvæmdir hefjast. Verði ákveðið að hefjast handa um útboð og framkvæmdir munu líða um þrjú og hálf ár þar til hægt verður að gangsetja virkjunina. Gert er ráð fyrir að Hvammsvirkjun verði 93 MW og geti framleitt um 729 GWh árlega.

Þetta segir Ragnhildur Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Málefni virkjunarinnar

voru til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í vikunni sem leið. Samþykkt var með meirihluta atkvæða að veita heimild til skipulagsgerðar að nýju með þeim breytingum sem orðið hafa á aðalskipulagi sveitarfélagsins frá því síðasta tillaga var kynnt fyrir nokkrum árum.

Nýju mati hafnað

Fulltrúi Gróskulistans í sveitarstjórninni taldi að forsendur hefðu breyst og ekki væri lengur hægt að byggja á matsskýrslu frá 2003. Tillaga um að hefja ný rannsóknir á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda



Hvammsvirkjun Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri virkjun í Þjórsá.

hlaut hins vegar ekki hljómgrunn. Ragnhildur Sverrisdóttir segir að Hvammsvirkjun sé í orkunýtingarflokki rammaáætlunar og hafi verið frá 2015 þegar þingsályktunartillaga um það var samþykkt. Sveitarfélögin beggja vegna Þjórsár, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, hafi unnið að skipulagi undanfarid.

Lokaundirbúningurinn felst m.a. í vandaðri útlitshönnun mannvirkja, landslagshönnun, rýni á veigamiklum þáttum hönnunar og útfærslu á mótvægisáðgerðum til að lágmarka umhverfisáhrif.

Fyrirhuguð Hvammsvirkjun mun nýta fall Þjórsár neðan Búrfellsvirkjunar, frá svokölluðu Yrjaskeri rétt ofan við bæinn Haga og niður fyrir Ölmóðsey austan við Þjórsárholt.



Fréttablaðið, 26.08.2020, síðu 4
grein stærð: 107.69 sm²
grein hæð: 20.95 sm



Skólamáltíðir eru mun ódýrari á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Munurinn á skólamáltíðum er margfaldur


FÉLAGSMÁL Mikill munur er á hæstu og lægstu gjöldum fyrir skólamáltíðir grunnskólabarna. Seltjarnarnesbær tilkynnti nýverið um hækkunarir á skólamáltíðum sem kosta nú 655 krónur hver í áskrift. Mikil hagræðing hefur verið á Seltjarnarnesi og halli verið á rekstrinum undanfarin ár.

Seltjarnarnes er með samning við Skólamat sem sinnir máltíðum fyrir ýmis sveitarfélög og niðurgreiðslurnar eru misháar. Gjaldið er þó langhæst á Seltjarnarnesi en þar á eftir kemur Kópavogur með 493 krónur, Garðabær með 485 og Hafnarfjörður 475 krónur.

Skólamatur sinnir einnig Suðurnesjunum og er verðið þar umtalsvert lægra, 413 kónur í Grindavík, 408 í Reykjanesbæ og 310 krónur í Suðurnesjabæ.

Í Reykjavík greiða foreldrar 10.050 króna jafnaðargjald. Sem dæmi þýðir það að hver máltíð í september kostar 528 krónur, en verð á hverri máltíð rokkar þó milli mánaða.

Stikkprufa Fréttablaðsins af ýmsum sveitarfélögum á landsbyggðinni sýnir að þar eru skólamáltíðir umtalsvert ódýrari fyrir foreldra. Á Akranesi kosta þær 379 krónur, 315 á Hornafirði og aðeins 150 krónur í Fjarðabyggð. Sums staðar eru þær algerlega gjaldfrjálsar, til dæmis í Rangárþingi ytra. Akureyri er þó með svipað verð og á höfuðborgarsvæðinu, eða 446 krónur. – khg



Nagandi óvissa um rekstur hjúkrunarheimila

Eftir Ragnar Sigurðsson, Guðrúnu Döddu Ásmundardóttur og Margrétu Ýri Sigurgeirsdóttur

Mikil óvissa ríkir um rekstur hjúkrunarheimila á vegum sveitarfélaga á landsvisu. Fjöldmörg sveitarfélög hafa ýmist tilkynnt uppsögn á samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), lýst yfir áformum um uppsögn á samningnum eða óskað eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um breytingar á framlagi til reksturs hjúkrunarheimilanna en þau eru rekin á daggjöldum frá SÍ. Þrátt fyrir mismunandi stærðir og aðstæður heimilanna er ástæðan alls staðar sú sama – vaxandi hallarekstur sem ekki sér fyrir endann á.

Pá hefur Akureyrarbær þegar sagt upp samningi sínum um öldrunarþjónustu Akureyrarbæjar og hefur heilbrigðisráðuneytið tilkynnt um yfirtöku Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á rekstri þess. Ef fram fer sem horfir munu vafalaust flest hjúkrunarheimili sem rekin eru af sveitarfélögum enda undir hatti heilbrigðisstofnana um allt land.

Skortur á fjármagni

Hallarekstur hjúkrunarheimila er ekki nýr af nálinni og ítrekað á undanförunum árum hafa Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) bent á vaxandi erfiðleika í rekstri heimilanna. Að sama skapi hafa sveitarfélögin vítt og breitt lýst yfir áhyggjum af þessari þróun. Í góðri trú hafa aðilar talið að röðin kæmi brátt að þeim og að horft yrði á raunkostnað heimilanna og framlög til þeirra leiðrétt í samræmi við það. Það hefur síður en svo raungerst. Staðan hefur versnað ár frá ári með skertu fjárframlagi til hjúkrunarheimila á sama tíma og rekstrararkostnaðurinn eykst í takt við vísitöluhækkunar, hækkun hráefnis, hærri lyfjakostnaðar og hjúkrunarvara ásamt kostnaðarsamari kjarasamningi. Þá bætist einnig stöðugt í þær kröfur sem gerðar eru til ýmissa þjónustuþátta bæði af hendi samfélagsins og hins opinbera. Hjúkrunarþyngd íbúa heimilanna og umönnunin þeirra orðin flóknari og fjölbreyttari en áður, einkum eftir að aldurstakmörk inn í hjúkrunarrými voru afnumin úr lögum.

Skilningur á afstöðu sveitarfélaganna

Öllum fyrirheitum stjórnvalda



Ragnar Sigurðsson



Guðrún Dadda Ásmundardóttir



Margrét Ýri Sigurgeirsdóttir

» Nú virðist komið að tímamótum, eftir árarada hallarekstur og skort á samtali stjórnvalda hafa sveitarfélögin mörg hver fengið nóg.

um styrkingu á rekstrargrundvelli hjúkrunarheimila hefur ítrekað verið slegið á frest og engar vísendingar eru um að það sé að fara að breytast. Sveitarfélög hafa flest hver lýst ítrekað yfir áhyggjum af þróun mála, óskað eftir samtölum við stjórnvöld og nú síðast hótad og eða sagt upp samningi við Sjúkratryggingar án þess að stjórnvöld sporni við með virku samtali. Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að rekstur heilbrigðisþjónustu, sem hjúkrunarheimilin sannarlega eru, er á ábyrgð ríkisins og ósanngjarnt að sum sveitarfélög búi við rekstrarbagga vegna hjúkrunarheimila á meðan að t.a.m. nágrannasveitarfélög njóti þess að hafa hjúkrunarheimili rekin af fullu af hinu opinbera. Það ríkir því almennur skilningur forstöðumanna viðkomandi hjúkrunarheimila á afstöðu sveitarfélaganna og að þolinmæðin þar sé á þrotum.

Hvað er í húfi?

Á undanförunum árum hafa fjöldmörg hjúkrunarheimili á vegum sveitarfélaganna starfað skv. ramma-samningi þeirra og Sjúkratrygginga Íslands. Stöðugt hefur verið leitað leiða til að breikka tekjuginn þeirra, hagræða í rekstri og finna hagkvæmustu leiðirnar til að uppfylla kröfulýsingar heilbrigðisráðuneytisins og mönnunarmódel landlæknis. Allar óháðar úttektir á rekstri hjúkrunarheimila og viðvarandi hallareksturs allra miðlungs og smærri hjúkrunarheimila á vegum sveitar-

félaga staðfesta, að það er ógerningur að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila skv. samningi við sjúkratryggingar Íslands með hallalausum hætti. Þrátt fyrir það hafa sveitarfélögin með ábyrgum hætti sinnt málaflöknum af metnaði og horft til framtíðar í stefnumótun á sviði velferðartækni, húsnæðismála og þjónustu- og búsetumálum aldraðra. Nú virðist komið að tímamótum, eftir árarada hallarekstur og skort á samtali stjórnvalda, hafa sveitarfélögin mörg hver fengið nóg. Svör stjórnvalda virðast vera engin eða í formi þess að vera of lítil, óáreiðanleg eða of sein.

Með tilflutningi hjúkrunarheimilanna yfir á hendur ríkisins er sú vinna sem unnin hefur verið í rekstrarhagræðingum, stefnumótun gagnvart áskorunum framtíðarinnar, samþættingu heimaþjónustu landsbyggðanna og því öfluga starfi sem unnið hefur verið í málaflöknum á vegum sveitarfélaga stefnt í voða og óvissu.

Virðingarleysi

Óvissan um hvað komandi mánuðir bera í skauti sér er eðli málsins samkvæmt skaðleg og setur það góða starf sem unnið er á hjúkrunarheimilum í uppnám gagnvart þeim krefjandi verkefnum sem framtíðin hefur í för með sér með ört fjölgandi þjónustuþegum. Skortur á samráði stjórnvalda og samtali við hjúkrunarheimilin sem í hlut eiga er nagandi og ber vott af virðingarleysi gagnvart því starfi sem unnið er á heimilunum.

Ragnar er framkvæmdastjóri hjúkrunarheimila Fjarðabyggðar og stjórnarmaður í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Guðrún Dadda er framkvæmdastjóri Skjól-garðs – hjúkrunarsviðs Hornafjarðar. Margrét Ýri er hjúkrunarforstjóri á Hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu.



Morgunblaðið, 05.09.2020, síðu 8
grein stærð: 154.52 sm²
grein hæð: 15.07 sm



Framfarir Nýja slökkvistöðin er í húsi sem keypt var á Hellu og innréttað fyrir slökkvilið. Aðstaða slökkviliðsins stórbatnar við flutning þangað.

Ný slökkvistöð í notkun á Hellu

Brunavarnir Rangárvallasýslu hafa fært sig í nýtt og glæsilegt húsnæði í Dynskálum 49 á Hellu. Húsið er 400 fermetrar að stærð og leysir af hólmi 120 fermetra húsnæði sem Brunavarnir hafa haft til afnota frá árinu 1969.

„Þetta er bylting í aðstöðu fyrir slökkviliðið. Starfsemin var fyrir löngu búin að sprengja utan af sér gamla húsnæðið. Það var auk þess í íbúðargötu sem er alls ekki gott þegar farið er í útköll,“ segir Hjalti Tómasson sem sæti á í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu. Brunavarnir eru í eigu þriggja sveitarfélaga og

eru með aðra slökkvistöð á Hvals-velli.


Nýja aðstaðan uppfyllir allar kröfur sem nú eru gerðar til slökkvistöðvar. Þar er meðal annars góð búningsaðstaða, salur til námskeiðahalds og stórt útisvæði sem notað verður við umfangsminni æfingar.

Nýja slökkvistöðin er í útjaðri Hellu. Hjalti segir að hún auki mjög öryggi íbúa og gesta Rangárvallasýslu. Þá telur hann að hún verði lyftistöng fyrir slökkviliðið.

Húsið hefur verið tekið í notkun en formleg opnun verður látin bíða betri tíma. helgi@mbl.is



Hella 1947 Eldfjallið Hekla er nágrenni Hellu og lífa íbúarnir til hennar með stolti en um leið ákveðnum ótta.



Ljósmynd/Stolzenwald

Ingólfur og virkjanir örlagavaldar

● Út er komin saga Hellu á Rangárvöllum ● Sagan hefst fyrir 93 árum þegar verslunin Hella var stofnuð við gömlu brúna á Ytri-Rangá ● Gamlar myndir úr safni Stolzenwald-feðga gefa verkinu gildi

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

„Ég náði viðtali við býsna marga af frumbyggjunum og reyndi að láta persónurnar koma sjálfar fram og lesendur finna fyrir nærveru þeirra með því að hafa beinar tilvitnanir í fólkið. Einnig fékk ég lýsingar fólks á ákveðnum þáttum, til dæmis úr sláturhúsinu, sem ég notaði beint enda er ég aðeins skrásetjarinn,“ segir Ingibjörg Ólafsdóttir sagnfræðingur sem ritað hefur sögu Hellu og Rangárþing ytra hefur gefið út í tveggja binda riti.

Gamlir og nýir Hellubúar fögnuðu útkomu bókarinnar 15. september en þá voru liðin 93 ár frá því Þorsteinn Björnsson fékk fyrstur verslunarréttindi á staðnum.

Þorsteinn var bóndi úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu sem leitaði sér að betri bújörð á Suðurlandi en gerðist verslunarmaður. Hann verslaði fyrst á Rauðalæk en fékk keyptan smáskíka úr landi jarðarinnar Helluvaðs árið 1927, við brúna sem þá var yfir Ytri-Rangá, og hóf rekstur hefðbundinnar „brúarverslunar“. Hann gaf versluninni nafnið Hella sem er stytting úr Helluvaði og færðist það nafn á þorpíð sem þar byggðist upp.

Skörp pólitísk skil

Ingibjörg segir að heimskreppan á fjórða áratugnum hafi gert út af við verslunina. Eftir það vaknaði áhugi manna á að stofna kaupfélag á Hellu, að sögn Ingibjargar annaðhvort



Útgáfuteiti Ritið Hella – þorp í þjóðbraut kynnt, f.v. Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri, Sólveig Stolzenwald, Unnur Þórðardóttir, Gunnar Guðmundsson, Ólafur Egill Stolzenwald, Bogi Thorarensen, Ingibjörg Ólafsdóttir, höfundur bókarinnar, og Harpa Rún Kristjánsdóttir.

af því að þeim fannst vanta samkeppni í verslun eða af pólitískum ástæðum, og tók það til starfa 1935. Fyrir voru kaupfélög á Rauðalæk og Hvolsvelli. Einhverjir þeirra sem komu að stofnun Kaupfélagsins Þórs á Hellu höfðu hætt vegna ósættis í stjórn Kaupfélags Holtamanna á Rauðalæk. En hver sem upphafleg ástæða var urðu skörp pólitísk skil á milli kaupfélaganna. Sjálfstæðismenn stóðu að Kaupfélaginu Þór á Hellu og skiptu við það en framsóknarmenn stóðu að hinum félögunum sem sameinuðust árið 1948 í Kaupfélag Rangæinga. „Þeir sem tilheyrðu austurhlutanum

horfðu til suðurs þegar þeir óku í gegnum Hellu en þeir sem tilheyrðu Kaupfélaginu Þór litu í átt til sjávar þegar þeir óku í gegnum Hvolsvöll,“ segir Ingibjörg.

Ingólfur Jónsson, ungur og efnilegur innanbúðarmaður á Rauðalæk, var fenginn til að vera kaupfélagsstjóri. Hann var vakinn og sofinn yfir kaupfélaginu, þorpinu og hagsmunum bænda innan og utan sýslunnar. Hann tók sæti á Alþingi árið 1942 og var meðal annars landbúnaðar- og samgönguráðherra allan starfstíma Viðreisnarstjórnarinnar.

Hella byggðist upp hægt og rólega á landi úr

jörðunum Helluvaði og Gaddstöðum. Ingibjörg segir að mikill kippur hafi komið í þróun kaupsins þegar virkjanaframkvæmdir hófust á hálendinu. Þar gat ungt fólk sem annars hefði þurft að leita að vinnu á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar aflað góðra tekna og byggt sér íbúðarhús á Hellu. Þorpið þandist út.

Hella var í Rangárvallahreppi og er nú stjórnsýslu- og þjónustumiðstöð Rangárþings ytra eftir sameiningu nokkurra sveitarfélaga í vesturhluta Rangárvallasýslu árið 2002. Á Hellu eru nú rúmlega 880 íbúar og 1.680 í sveitarfélaginu öllu.

Byggðasöguhringur lokað

Ingibjörg ólst upp á Hellu. Henni var falið að annast söguritunina fyrir tólf árum. Hún segist hafa lokið stórum hluta verksins fyrir sjö árum. Síðan hafi orðið hlé fram að endaspjettinum sem fólst í uppsetningu bókarinnar og frágangi verksins en það hafi verið ærin vinna enda sé verkið ríkulega myndskreytt. Þar munar mest um gamlar myndir úr safni Helmuths Stolzenwald og Rúdólfs sonar hans en Helmuth var þýskur klæðskeri sem ráðinn var til starfa hjá Kaupfélaginu Þór árið 1942. Gefa myndirnar bókinni sérstakt gildi.

Í Hellubókinni eru merkri sögu Rangárvalla gerð nokkur skil. Með henni er byggðasöguhringnum í Rangárþingi ytra lokað því áður hafa verið gefin út jarða- og ábúendatöl allra hreppanna í vesturhluta sýslunnar.

BREYTTAR FORSENDUR



Jólainnkaupin Viðskiptavinir úr sveitinni flykkjast í kaupfélagið. Bændur voru ekkert áfjádír í það að bakka og nýttu bílastæðin því öðruvísi en nú er gert.

Kaupfélagið fékk bætur vegna brúar og nýs Suðurlandsvegur

Þegar umræður urðu um byggingu nýrrar brúar á Ytri-Rangá komust samgönguyfirvöld að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast væri að byggja nýja brú 500 metrum sunnan við gömlu brúna. Við það færðist Suðurlandsvegur suður fyrir þorpið.

Þessi áform komu illa við hagsmuni Kaupfélagsins Þórs sem byggt hafði starfsemi sína upp við Suðurlandsveg, samkvæmt gildandi skipulagi. Meðal annars hafði nýtt verslunarhús verið byggt þar og kaupfélagið starfrækti sóluskála við veginn. Ingólfur Jónsson kaupfélagsstjóri gerði strax grein

fyrir þessum sjónarmiðum og að krafist yrði bóta ef vegurinn yrði færður.

Í Hellubókinni kemur fram að kaupfélagsmenn hafi fallist á að flutningur brúarinnar væri skynsamleg lausn en eðlilegt væri að félagið fengi bætur vegna þess tjóns sem það yrði fyrir. Niðurstaða gerðardóms var að ríkið skyldi greiða bætur. Framkvæmdir við brúargerð á nýjum stað hófust haustið 1959 og var að mestu lokið við brúna, sem enn stendur, á árinu 1960. Síðar byggði kaupfélagið nýtt verslunarhús við nýjan Suðurlandsveg.



Sveitarfélög- um gæti fækkað um tólf

- Stefnt er að kosningum um sameiningu á tveimur svæðum í júnímánuði
- Fjárhagslegir hvatar til sameiningar

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Ef þær viðræður og kannanir á sameiningu sveitarfélaga sem nú eru í gangi leiða til sameiningar mun sveitarfélögum í landinu fækka úr 69 í um 60 fram til næstu kosninga. Við nýafstaðna sameiningu á Austurlandi fækkaði sveitarfélögum um þrjú og þeim gæti því fækkað um 12 á kjörtímabilinu.

Formlegar viðræður eru aðeins á einum stað, um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Þeim hefur aðeins seinkað vegna kórónuveirufaraldursins en stefnt er að íbúakosningu um tillögu að sameiningu í júní á næsta ári.

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri í Mývatnssveit, segir að mikil óvissa sé í fjármálum allra sveitarfélaga, ekki síst hjá sveitarfélögum sem


hafa reitt sig á innkomu vegna ferðaþjónustu. Búast megi við að það hafi áhrif á málefna- og vöðuvöll sameiningar. „Hjá báðum sveitarstjórnunum er sterkur vilji til að fjárfesta í góðum verkefnum sem koma samfélaginu áfram til framtíðar,“ segir Sveinn.

Enn verið að ræða málin

Sameiningarnefnd Blönduósþingar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur samþykkt að leggja til við sveitarstjórnir að þau hefji formlegar sameiningarviðræður sem endi með íbúakosningu í júní á næsta ári. Kom þetta fram í frétt í Morgunblaðinu í vikunni. Ekki er að sjá á fundargerðum að erindið hafi verið afgreitt.

Fimm sveitarfélög í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu eru enn að undirbúa kynningu á stöðu

Viðræður og athuganir á sameiningu sveitarfélaga



sveitarfélaganna og áhrifum sameiningar fyrir íbúum. Það verður gert á rafrænum fundum síðar í mánuðinum. Að því búnu verður gerð könnun á afstöðu íbúa og síðan þurfa sveitarstjórnirnar að ákveða, hver fyrir sig, hvort þær vilji taka þátt í formlegum sameiningarviðræðum. Kemur þar til greina að þær ræði allar

saman eða skiptist upp í tvo hópa. Líkur eru taldar á að vilji sé til að láta reyna á heildarsameiningu. Verði ákveðið að fara í formlegar sameiningarviðræður verður sameiningartillaga lögð fyrir íbúa að vori eða hausti 2021.

RR ráðgjöf, sem unnið hefur með flestum sameiningarnefndum síð-

ustu ár, vinnur einnig að valkostagreiningu fyrir nokkur sveitarfélög. Dalabyggð og Kjósarhreppur eru að kanna í hvaða átt er best að leita samstarfsaðila. Þá eru Svalbarðsstrandarhreppur og Eyjafjarðarsveit að kanna landið og möguleika til sameiningar sveitarfélaga á svæðinu.






Morgunblaðið, 08.10.2020, síðu 10
grein stærð: 77.93 sm2
grein hæð: 15.48 sm

Fleiri tilraunir hafa verið gerðar en lognast út af vegna kórónuveirufaraldursins og annars staðar er verið að reyna að hefja formlega vinnu við undirbúning sameiningar.

Ekki verið sett lágmark

Ráðherra sveitarstjórnarmála hefur markað þá stefnu að sveitarfélög með 250 íbúa eða færri þurfi að sameinast öðrum fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar og sveitarfélög með 1.000 íbúa og færri þurfi að sameinast eigi síðar en við kosningar 2026. Frumvarp um að lögfesta lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga hefur hins vegar ekki enn verið samþykkt á Alþingi. Fram kom á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á dögunum að Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra er ekki fallinn frá þessum áformum.

Það ýtir hins vegar á sveitarstjórnir að láta reyna á sameiningu að ríkið styður slíkt ferli með rausnarlegum hætti, að því er virðist, í gegn um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til að jafna stöðu sveitarfélaganna eru veitt svokölluð skuldajöfnunarframlög og þátttaka í greiðslu kostnaðar við sameiningu. Þetta eru umtalsverðir fjármunir. Nýja sveitarfélagið á Austurlandi fær þannig 1,3 milljarða til slíkra verkefna og nýtt sveitarfélag á Suðurlandi gæti átt von á mörg hundruð milljónum ef af sameiningu verður. Þetta hjálpar sveitarfélögum við að greiða niður skuldir og byggja upp stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags. Þar fyrir utan eykst slagkraftur svæðisins til að fylgja eftir kröfum um framgang ýmissa framfaramála, til dæmis í samgöngum, eins og Austurland er skýrt dæmi um.



Blússandi gangur og bjartsýni á bænum Lambhaga á Rangárvöllum:

Landgræðsluverðlaunin komin í hús og hugað að frekari stækkun búans

Það er einstaklega gaman að heimsækja ábúendur á bænum Lambhaga á Rangárvöllum í Rangárbíngi ytra því þar er allt svo snyrtilegt, vel hugsað um skepnurnar og mikill hugur í bændunum á bænum þrátt fyrir að það séu blikur á lofti í landbúnaði með auknum innflutningi og lækkunum á afurðaverði. Þá eru mörg börn á hlaðinu, sem eru dugleg að taka þátt í búrekstrinum og stunda ýmsar tómstundir samhliða því að vera í skóla.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Ómar Helgason settust niður með blaðamanni og svöruðu nokkrum laufflétum spurningum.

– En byrjum á byrjuninni, hver er saga þessarar, hvernig jörð er þetta, hverjir búa þar í dag og hvers konar búskapur er stundaður á bænum?

„Já, þú segir nokkuð,“ segir Ómar. Helgi Jónsson (f. 6. júlí 1943, d. 7. apríl 1993) og Sjöfn Guðmundsdóttir keyptu Lambhaga vorið 1970 og hófu þar búskap með 21 nautgrip og 28 ær við bágborinn húsakost. Helgi og Sjöfn eignuðust 6 börn og búa nú tveir synir þeirra í Lambhaga ásamt fjölskyldum okkar og móður og rekur við í sameiningu Lambhagabúð ehf. Í Lambhaga eru þrjú íbúðarhús og gripahús fyrir bústofninn,“ segir Ómar. Í Lambhaga er rekið blandað bú með áherslu á mjólkurframleiðslu og nautakjötsframleiðslu. Bústofn telur nú um 530 nautgrip, þar af 110 mjólkurkúr og 75 holdakúr, 85 ær, 10 hænur, hundana Týru og Perlu og nokkra ketti. Ómar segir að jörðin sé um 450 hektarar, þar af um 280 hektarar ræktað land og er hluti af því nýttur til beit. „Um 1970 var jörðin nánast öll sandur og ræktað land aðeins um 20 hektarar. Við höfum verið iðin í landgræðslu og er nú nánast öll jörðin upprædd. Við höfum einnig ræktað um 60 hektara af sandi frá Landgræðslu ríkisins og nýtum nú sem tún,“ segir Ómar. Ábúendur á jörðinni eru Sjöfn Guðmundsdóttir (mamma strákanna), Ómar Helgason og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir. Börn þeirra eru: Kolfinna Sjöfn, Hafdís Laufey, Hrafkell Frosti og Helgi Tómas. Í hinna fjölskyldunni eru Björgvin Reynir Helgason og Dóra Steinsdóttir. Börn þeirra eru: Ásberg Ævarr, Þorbjörg Helga, Steinn Skúli, Pétur Freyr og Óli Þórir. Bræðurnir Ómar og Björgvin eru fæddir og uppaldir í Lambhaga og eru Rangæingar í húð og hár. Margrét Harpa er úr Flóanum og Dóra úr Reykjavík.

Hugur bræðranna hefur alltaf verið við búskap

– Hvað kom til að þið ákváðuð á sínum tíma að gerast bændur á Lambhaga?

„Hugur bræðranna hefur alltaf verið við búskap og kom lítið annað til greina hjá þeim annað en að verða bændur. Ég og Dóra fluttum á svæðið með þeim formerkjum að vinna að mestu annars staðar en við búð, en við höfum þó verið ansi uppteknar síðustu ár við að koma nýjum einstaklingum í heiminn og sinna þeim,“ segir Margrét Harpa og hlær.

– Hvernig hefur búskapurinn verið að þróast eftir að þið tókuð við og hvernig er staðan í dag á búskapnum, og hvernig gengur að reka félagsbú, eru margir kostir við það, eða er það flókið?

Ómar er snöggur og svarar hér. „Já, búð hefur stækkað mjög mikið síðustu 20 árin og það sem þótti mikið fyrir nokkrum árum þykir



Flott fjölskylda, Margrét Harpa og Ómar ásamt börnunum sínum en þau heita Kolfinna Sjöfn, Hafdís Laufey, Hrafkell Frosti og Helgi Tómas. Myndir / Úr einkasafni



Árni Bragason landgræðslustjóri afhendir hér Sjöfn í Lambhaga Landgræðsluverðlaunin 2020, strákarnir hennar, þeir Ómar og Björgvin Reynir, fylgjast spenntir með. Mynd / Áskell Þórisson

það ekki í dag. Samstarfið gengur mjög vel og erum við bræðurnir mjög góðir í að lesa hugsanir hvor annars. Svona bú er erfitt að reka nema með aðkomu fleiri en eins er mikilvægt að samkomulagi sé gott. Við höfum alla tíð notast mikið við verktaka fyrir alls konar verk. Það er nauðsynlegt í nútímasamfélagi að geta komist í fri og veislu án þess að þurfa að kalla til afleysingafólk og teljum við það vera helsta kostinn við að búa í félagsbú. Þegar fleiri

en einn kemur að rekstri koma oft góðar hugmyndir og aðferðir til að vinna hlutina og þá vinnast verkin líka betur.“ Margrét Harpa skýtur hér inn í og segir að samkomulagi á hlaðinu sé býsna gott. „Já, bræðurnir eru með ákveðna verkaskiptingu sem enginn skilur en gengur afskaplega vel upp. Krakkarnir okkar eru dugleg að leika saman og eins er ómetanlegt að hafa ömmu í næsta húsi til að spjalla við um lífið og tilveruna.“

Nýtt og myndarlegt fjós

– Þið eruð nýbúin að byggja stórt og myndarlegt fjós, hvað getið þið sagt mér um þá byggingu og er þetta allt annað líf að vera komin með mjaltahjóna og þurfa ekki að setja tækin sjálf á kýrnar?

„Fjósíð er frá Landstólpa og sáu þeir um uppsetningu á því. Um steypuvinnu sá nágranni okkar, Birkir á Móeiðarhvoli, sem er líka bóndi. Það skiptir máli að fjós sé

byggt og hannað af mönnum sem hafa komið og unnið í fjósi. Fjósíð er tæpir 1.700 fermetrar, með kanakerfi í haughúsi, er með sjálfvirku gjafakerfi og tveimur Merlin-róbótum. Það var byggt á 360 dögum sem er í sjálfu sér ótrúlegt og gekk samstarfið við Landstólpa og Birki mjög vel. Vinnan er öðruvísi í svona tækni fjósi, velferð kúnna er til fyrirmyndar og skilar það sér í auknum afurðum. Við förum enn í fjósíð kvölds og morgna en bindingin er ekki eins mikil og áður var, vinnan er öðruvísi. Nú þarf að gefa kálfum, fylgjast með kúnum, þrifa, setja í fóðurkerfið og svo er tölvuvinna orðin ansi stór þáttur í daglegum störfum,“ segir Ómar.

– Þið eruð líka með mikið af holdanautum, hvað getið þið sagt mér um þann búskap?

„Það er þannig að kálfarnir fæðast flestir frá maí til september og ganga undir kúnum fram yfir áramót og eru þá teknir inn. Holdanautin eru yfirleitt róleg og þægileg í umgengni en nýborin holdakúr er yfirleitt varasöm eða stórhættuleg, þær gera allt til að verja kálfana sína. Holdagripir gefa mun meira og betra kjöt en íslenska kynið gerir, það er bara staðreyndir,“ segir Margrét Harpa.

– Íslenska sauðkindin á líka heima í Lambhaga, hvað eruð þið með margar kindur og hvernig gengur sú ræktun?


„Já, við erum með um 85 kindur, aðallega til gamans. Húsakostur er til staðar fyrir þær og reynum við að gera alla vinnu við þær sem auðveldasta, enda er afkoma af þeim frekar lítil og skiptir afskaplega litlu máli í heildarafkomu búans. Kindastofninn er ágætur en við leggjum mikið upp úr að eiga alla liti, má segja að markmiðið sé að rækta bæði gerð og liti. Það verða nú að vera til lömb í Lambhaga,“ segir Ómar og hlær.

– Það eru margir krakkar á hlaðinu á Lambhaga, eru þau dugleg að taka þátt í búskapnum og hafa dhuga á honum?



Margir krakkar eru oft á hlaðinu í Lambhaga. Þau ná vel saman og eru alltaf til í að leika, ekki síst þegar það er snjór úti og hægt að fara á snjöpöturmar.





Ómar staddur í fallegum kornakri í Lambhaga.

Mynd / MHH.



Hin fjölskyldan á bænum. Björgvin Reynir Helgason og Dóra Steinsdóttir með börnum sínum, þeim Ásbergi, Evvari, Þorbjörgu Helgu, Steini Skúla, Péttri Frey og Óla Þóri.

Margrét Harpa verður til svars. „Krakkarnir hafa mismikinn áhuga en eru alla jafna áhugasöm um að hjálpa til við störfin. Með aukinni tæknivæðingu fækkar þó störfunum sem lítil börn ráða við. Svo á bara eftir að koma í ljós hvort eitt-hvert þeirra hafi áhuga á að leggja búskap fyrir sig en við teljum að það velti á því hvernig framtíð íslensks landbúnaðar verður, kannski verður bara allt flutt inn eða of lítið upp úr búskapnum að hafa.“

Erum hjartsýn að eðlisfari

– Ef við horfum til íslensks landbúnaðar í dag, hvernig líst ykkur á stöðuna og framtíðina?

„Við erum hjartsýn að eðlisfari og sjáum óteljandi tækifæri í íslenskum landbúnaði. Við erum með leyfi til að selja kjöt og teljum vera sóknarfæri í að selja vörur beint frá býli. Okkar kúnnar kunna að meta að vita hvaðan varan kemur, það virðist vera í tísku að versla beint og því fer þessi hluti búrekstrarins ört stækkandi. Við erum að skoða að byggja nautaeldishús en ætlum aðeins að sjá til hvort íslensk stjórnvöld átti sig ekki á mikilvægi íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og hætti að hleypa hverju sem er inn í landið, því allt er hægt að fá ódýrara í útlöndum enda verkamannalaun þar lág borið saman við Ísland,“ segir Ómar.

Einkennileg stefna að leyfa aukinn innflutning á landbúnaðarvörum

– Hvað segið þið um innflutning á landbúnaðarvörum, hver er afstaða ykkar til þess máls?

Nú setur Ómar í brýrnar og svarar:

„Okkur þykir einkennileg sú stefna stjórnvalda að leyfa aukinn innflutning á landbúnaðarvörum sem hægt er að framleiða hér á landi. Á sama tíma og verið er að hvetja fólk til að ferðast innanlands og settur stórpeningur í að halda í störf þá auka stjórnvöld innflutning á landbúnaðarvörum með því að hafa lága tolla á þeim.“

– Merkingar á matvælum, þið hafið skoðanir á því, hvað viljið þið segja um það?

„Já, upprunamerkingar matvæla í verslunum þurfa að vera meira áberandi og eins þarf að sérmerkja

íslenskar vörur sem íslenskar, ekki ganga út frá því að neytendur viti að varan sé íslensk. Eins ætti að vera ríkari skylda að veitingastaðir og mötuneyti greini frá upprunalandi hráefna sem þar eru notuð, því við teljum að langflestir neytendur vilji íslenskar vörur. Það mætti stundum halda að þeir sem selja innflutta landbúnaðarvöru þori ekki að segja hvaðan varan kemur, eru stundum að líkja eftir íslenskum umbúðum og hafa oft texta á íslensku á þeim og mætti halda að það sé stundum verið að villa um fyrir neytendum. Láta þá halda að þeir séu að kaupa íslenska vöru,“ segir Margrét Harpa.

Landgræðsluverðlaunin 2020

– Þið fenguð Landgræðsluverðlaunin 2020, hvernig tilfinning var að fá þessi verðlaun og hvaða þýðingu hafa þau?

„Það var mikill heiður og hvatning að fá þessi verðlaun. Við höfum unnið markvisst að landgræðslu í 50 ár og teljum að landgræðsla og stýrð búfjárbætt geti farið ágætlega saman eins og raun ber vitni í Lambhaga. Við höfum aðallega breytt söndum í tún og nýtt kúamykju og heymod sem áburð, ásamt tilbúnum áburði,“ segir Ómar.

– Hvernig sjáið þið framtíð landbúnaðar og búans hjá ykkur næstu 20 til 30 árin?

„Vonandi hjálpast allir að sem standa að íslenskum landbúnaði eins og stjórnvöld, bændur, afurðastöðvar, verslanir og neytendur, til að gera þessa atvinnugrein enn þá öflugri. Við þurfum að hugsa um fæðuöryggi þjóðarinnar og eins öll þau störf sem skapast af landbúnaði. Við alla vega stefnum að því að halda ótraud áfram að framleiða góða og hreina matvöru,“ segir Ómar hvergi banginn.

– Þegar þið eruð ekki að hugsa um sveitina og skepnurnar, hvað gerið þið ykkur til ánægju og afbreytingar, fjölskyldan, til að brjóta upp hversdaginn?

„Það er ýmislegt, við höfum t.d. gaman af útiveru og samveru við vini og fjölskyldu. Veiði, leikhús, bíltúrar og þess háttar. Það er þó lítið um löng frí enda má segja að búskapurinn sé að vissu leyti bæði vinna og áhugamál, það er ákveðinn lífsstíll að vera bóndi,“ segir Margrét Harpa og Ómar tekur undir með henni. /MHH



„Hella – þorp í þjóðbraut“

Bókin „Hella - þorp í þjóðbraut“ sem Ingibjörg Ólafsdóttir hefur tekið saman er nú í lokafrágangi og gert er ráð fyrir að hún fari í sölu síðar í mánuðinum.

Í bókinni er rakin saga þeirra er fyrstir þjuggu í þorpinu, fyrstu húsum gerð nokkur skil sem og sögu jarðanna er Hella byggist úr. Að auki er nokkuð fjallað um sögu Rangárvallahrepps en Hella tilheyrði honum allt til ársins 2002.

„Auk sagnfræðilegrar yfirferðar byggir bókin um margt á frásögnum heimamanna, sem ljá henni litbrigði. Bókina prýða meira en tvö þúsund myndir sem safnað hefur verið úr ýmsum áttum, jafn frá einstaklingum og úr stærri söfnum. Um tvö hundruð myndir koma úr safni þeirra Stolzenwald-fedga sem tóku mikið af myndum á Hellu á sinni tíð“, segir



m.a. í tilkynningu vegna útgáfu bók-
arinnar. Hægt er að panta bókina á
heimasíðu Rangárþings ytra og eru
allir áhugasamir hvattir til að tryggja
sér eintak. /MHH



Morgunblaðið, 09.10.2020, síðu 11
grein stærð: 239.77 sm²
grein hæð: 22.89 sm



Ljósmynd/Helgi S. Gunnarsson

Dæmi Vélhjólbrautin liggur víða um land Hellna og inn á land Múla.

Landskemmdir af vélhjólbraut

● **Sveitarfélagið með málið í athugun**

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Umhverfisspjöll hafa verið unnin á landi Múla, vekur athygli á málinu í Landsveit við lagningu mótorkrossbrautar. Brautin er lögð af eigendum fyrrnefndu jarðarinnar en er hvorki á skipulagi né hefur verið sótt um framkvæmdaleyfi fyrir henni.

Helgi S. Gunnarsson, sem á hús í landi Múla, vekur athygli á málinu í færslu á fésbókarsíðu sinni. Hann segir að umfang framkvæmda hafi komið sér á óvart, sérstaklega í ljósi umræðna um landvernd á undanförmum árum.

Helgi segir að mótorkrossbrautin hafi verið lögð í ósnortnu landi, aðallega Hellna, en nái einnig inn í land Múla. „Búið er að aka á mótorkrosshjólum um gríðarlega stórt svæði, meðal annars í náttúruperlum eins og Fjártanga við Þjórsá sem og yfir ævafora slóða og reiðstíga eins og Skógargötturnar,“ skrifar Helgi. Í samtali við Morgunblaðið metur hann það svo að brautirnar nái yfir tugi hektara lands.

Eigendur Hellna lögðu brautirnar fyrir mót á svokölluðum enduro-mótorhjólum sem haldið var 12. september. Segir Helgi að lítið sé hægt að gera þegar búið er að leggja braut, þá sækir fólk í hana. Vitaskuld



Ljósmynd/Rangárþing ytra

Upphaf Keppni á enduro-hjólum fór fram fyrir mánuði.


þurfi að vera til brautir fyrir áhuga-fólk um þessar íþróttir en þær þurfi að skipuleggja þannig að þær fari ekki inn á ósnortið land, eins og þarna hafi gerst.

Ekki á skipulagi

Helgi lét skrifstofu Rangárþings ytra vita af þessum framkvæmdum. Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, segir að málið sé í skoðun. Hann staðfestir að mótorkrossbrautin sé ekki á skipulagi og ekki hafi verið veitt framkvæmdaleyfi. Hann vill þó ekki fullyrða um viðbrögð sveitarfélagsins fyrir en málið hafi verið athugað þur. Hann bendir einnig á að leyfi heilbrigðiseftirlits þurfi til reksturs slíkrar brautar.



Aðsetur Framúrskarandi fyrirtækja 2020




Höfuðborgarsvæðið

Reykjavík	371
Kópavogur	109
Hafnarfjörður	77
Garðabær	30
Mosfellsbær	15
Seltjarnarnes	3
Álftanes	2

Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi						
Reykjavík	371	Reykjanesbær	20	Egilsstaðir	11	Borgarnes	6	Ísafjörður	4	Bolungarvík	3
Kópavogur	109	Selfoss	16	Vestmannaeyjar	9	Dalvík	6	Neskaupsstaður	4	Garður	3
Hafnarfjörður	77	Akranes	15	Höfn í Hornafirði	8	Grindavík	5	Ólafsvík	4	Kirkjubæjarklaustur	3
Akureyri	40	Mosfellsbær	15	Hellissandur	7	Grenivík	4	Sandgerði	4	Mývatn	3
Garðabær	30	Sauðárkrókur	12	Húsavík	7	Hella	4	Þorlákshöfn	4		





Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi					
Seltjarnarnes	3	Eskifjörður	2	Pórshöfn	2	Hólmavík	1	Raufarhöfn	1
Stykkishólmur	3	Fáskrúðsfjörður	2	Blönduós	1	Hvammstangi	1	Stöðvarfjörður	1
Vík	3	Grundarfjörður	2	Borgarfjörður (eystri)	1	Hveragerði	1	Stokkseyri	1
Álftanes	2	Reyðarfjörður	2	Flúðir	1	Hvolsvöllur	1	Súðavík	1
Djúpivogur	2	Siglufjörður	2			Patreksfjörður	1	Vogar	1


Samtals:
842





Hversu lengi hafa Framúrskarandi fyrirtæki verið á lista?

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna



Fyrirtæki sem hafa alltaf verið Framúrskarandi

Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjárhlutfall	Arðsemi eigin fjár
Iðnmark ehf	Vinnsla á kartöflum	Dagbjartur Björnsson	940.944	93,7%	11,1%
Bráð ehf.	Smásala á íþrótt- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Ólafur Vígfússon	189.505	68,0%	21,1%
Melabúðin ehf.	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Pétur Alan Guðmundsson	313.288	72,5%	8,7%
Baader Ísland ehf.	Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu	Jochum Marth Ulriksson	430.883	33,7%	3,7%
Grant Thornton endurskoðun ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Theodór Siemsen Sigurbergsson	386.199	36,4%	68,4%
Rafeyri ehf.	Raflagnir	Kristinn Hreinsson	503.562	67,3%	29,2%
Kælismiðjan Frost ehf.	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota	Gunnar Larsen	1.480.311	57,5%	12,1%
Já hf.	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	Vilborg Helga Harðardóttir	1.143.159	53,1%	44,8%
Jónar Transport hf.	Þjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatni	Kristján Pálsson	980.739	35,3%	54,1%
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	Gunnþór Björn Ingvason	875.573	71,5%	20,0%
Málning hf	Framleiðsla á málinu, lökkum og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum	Baldvin Valdimarsson	1.177.061	77,8%	10,0%
Netorka hf.	Önnur þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	Torfi Helgi Leifsson	133.486	82,2%	4,2%
Steinbock-þjónustan ehf.	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota	Gísli Viðar Guðlaugsson	444.234	75,2%	26,0%
Barki ehf	Framleiðsla á öðrum gúmmivörum	Kristinn Valdimarsson	916.545	93,3%	5,0%

Framhald á bls 81.





Fyrirtæki sem hafa alltaf verið framúrskarandi (framhald)

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjárhúlfall	Arðsemi eigin fjár
Miracle ehf.	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	Gunnar Bjarnason	293.793	54,2%	98,1%
Danfoss hf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Sigurður Geirsson	373.523	31,0%	29,2%
Sensa ehf.	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	Valgerður Hrund Skúladóttir	1.962.603	42,6%	12,7%
Örninn Hjól ehf.	Smásala á íþrótt- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Jón Pétur Jónsson	656.889	78,0%	10,6%
Linde Gas ehf.	Framleiðsla á iðnaðargasi	Therese Anna Amelie Johansson	4.363.828	81,2%	18,8%
Rafvirki ehf	Raflagnir	Sigurður Svavarsson	297.258	73,4%	16,9%
Ólafur Gíslason og Co hf.	Blönduð heildverslun	Benedikt Einar Gunnarsson	497.371	72,0%	13,5%
PFAFF hf.	Smásala á heimilistækjum í sérverslunum	Margrét Kaldal Kristmannsdóttir	383.636	84,2%	16,6%
GoPro ehf	Önnur hugbúnaðarútgáfa	Ólafur Daðason	1.159.197	75,6%	13,8%
Danica sjávarafurðir ehf.	Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	Jan Bernstorff Thomsen	1.543.893	72,0%	24,8%
Dekkjahöllin ehf	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Porgeir Jóhannesson	266.697	71,0%	16,3%
Ernst & Young ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Margrét Pétursdóttir	391.011	27,5%	65,3%
Viking Life-Saving Equipment á Íslandi ehf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Einar Gylfi Haraldsson	238.206	77,2%	17,8%
Banar ehf.	Heildverslun með ávexti og grænmeti	Kjartan Már Friðsteinsson	2.200.585	56,3%	66,9%
Fossvélar ehf	Malar-, sand- og leirnám	Kári Jónsson	542.169	52,2%	31,5%
Brim hf.	Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra	Ægir Páll Friðbertsson	95.176.081	45,3%	10,7%
Tréttak ehf.	Uppsetning innréttinga	Jóhann Ólafur Þórðarson	672.317	62,2%	24,3%
Inter ehf	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Þorvaldur Sigurðsson	631.699	65,3%	28,6%
Össur hf.	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Jón Sigurðsson	132.080.621	52,2%	12,1%
Sæplast Iceland ehf.	Framleiðsla á plastvörum til nota í sjávarútvegi	Daði Valdimarsson	1.673.773	66,9%	10,4%
Globus hf.	Blönduð heildverslun	Börkur Árnason	1.056.194	59,2%	18,8%
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.	Ræktun á aldirgrænmeti og papriku	Páll Ólafsson	314.869	73,4%	9,9%
Lofleiðir-Icelandic ehf.	Farþegaflutningar með leiguflugi	Árni Hermannsson	9.130.940	25,6%	12,7%
Hitastýring hf	Viðgerðir á rafbúnaði	Helgi Sverrisson	182.056	81,3%	25,9%
Steinull hf.	Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmausum steinefnum	Stefán Logi Haraldsson	1.114.424	61,6%	26,0%
KPMG ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Jón Sigurður Helgason	2.060.181	27,2%	56,1%
Bjarnar ehf	Smásala á blómum, plöntum, fræjum og áburði í sérverslunum	Ingimar Magnússon	291.644	46,6%	8,1%
Héðinn Schindler lyftur ehf.	Önnur uppsetning í mannvirki	Eyjólfur Ingimarsson	281.756	44,8%	42,3%
Icepharma hf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Hörður Þórhallsson	2.588.937	26,3%	67,4%
Tandur hf.	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingeringar- og fægiefnum	Guðmundur Gylfi Guðmundsson	568.104	57,0%	52,0%
Efla hf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Guðmundur Þorbjörnsson	2.528.310	50,9%	15,9%
Axis-húsgögn ehf	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum í eldhús	Eyjólfur Eyjólfsson	400.858	50,5%	3,1%
G. Skúlason vélaverkstæði ehf.	Vélinnsla málma	Guðmundur Jónas Skúlason	486.331	84,4%	7,7%
Vistor hf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Gunnur Helgadóttir	3.141.178	43,6%	24,9%
Kjarnavörur hf.	Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis	Guðjón Rúnarsson	1.786.606	48,1%	27,5%
TVG-Zimsen ehf.	Önnur þjónusta tengd flutningum	Elísa Dögg Björnsdóttir	1.047.484	58,9%	39,4%
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Brynjólfur Stefán Guðmundsson	159.013	72,6%	41,6%
GG optic ehf.	Smásala á gleraugum og sjóntækjum í sérverslunum	Gunnar Henrik B Gunnarsson	219.552	63,4%	13,8%
Sigurður Ólafsson ehf.	Útgerð fiskiskipa	Ólafur Björn Þorbjörnsson	226.256	82,3%	27,4%
Ísfugl ehf.	Slátrun og vinnsla á alifuglakjöti	Jón Magnús Jónsson	554.471	51,2%	5,5%
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðisþjónusta	Helena Erlingsdóttir	292.150	21,4%	89,4%
Hegas ehf.	Heildverslun með járnvöru, búnað til pípu- og hitalagna og hluti til þeirra	Axel Eyjólfsson	488.955	83,3%	2,7%
Umslag ehf.	Önnur prentun	Sölvi Sveinbjörnsson	116.373	56,1%	1,7%
Kauphöll Íslands hf.	Stjórnun fjármálamarkaða	Magnús Harðarson	677.507	56,8%	18,4%
Vélar og verkfæri ehf.	Heildverslun með járnvöru, búnað til pípu- og hitalagna og hluti til þeirra	Björn Valdimar Sveinsson	822.640	80,8%	3,2%
Vátryggingafélag Íslands hf.	Skaðatryggingar	Helgi Bjarnason	50.354.013	30,2%	16,6%
Trésmiðjan Rein ehf.	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Sigmar Stefánsson	543.158	67,2%	7,2%
Vinnuföt, heildverslun ehf	Heildverslun með fatnað og skófatnað	Árni Arnarson	334.269	39,2%	56,3%
Creditinfo Lánstraust hf.	Innheimtuþjónusta og upplýsingar um lánstraust	Brynja Baldursdóttir	1.285.642	57,5%	60,4%







Þróun ársreikningsstærða hjá Framúrskarandi fyrirtækjum 2020

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna


Rekstrartekjur alls – meðaltal




Ársniðurstaða – meðaltal



Eignir alls – meðaltal



Eiginfjárhlutfall – vegið meðaltal








Hlutfall kvenna í stjórn

Framúrskarandi fyrirtækja

Karlar Konur



Topp 10 Framúrskarandi fyrirtæki með konu sem framkvæmdastjóra eftir ársniðurstöðu

Nr.	Nafn	Framkvæmdastjóri	Ársniðurstaða
1	Eyfir Invest hf.	Margrét Jónsdóttir	44.398.888
2	Félagsbústaðir hf.	Sigrún Árnadóttir	4.496.812
3	Hagar verslanir ehf.	Guðrún Eva Gunnarsdóttir	2.010.000
4	Norvik hf.	Brynja Halldórsdóttir	1.443.601
5	Nova hf.	Margrét Björk Tryggvadóttir	990.760
6	Byko ehf.	Brynja Halldórsdóttir	967.629
7	Knatthöllin ehf.	Sunna Hrönn Sigmarsdóttir	674.742
8	Linde Gas ehf.	Therese Anna Amelie Johansson	666.324
9	Veritas Capital ehf.	Hrund Rudolfsdóttir	659.135
10	Silfurberg ehf.	Ingibjörg Jónsdóttir	525.711

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna




Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn og stjórn Framúrskarandi fyrirtækja 2009-2019



Hlutfall kvenna í stjórn
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn

Rekstrarárin 2009-2019






Lykiltölur nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja


Velta rekstrarárið 2019

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



Ársniðurstaða rekstrarárin 2017-2019


Allar fjárhæðir eru í milljónum króna





Ástæður fyrir brottfalli Framúrskarandi fyrirtækja af lista 2019-2020


Brottfall í þeirri **röð sem skilyrði eru skoðuð**



Fjöldi
0


Fyrst eru skoðuð skilyrði um ársniðurstöðu, svo rekstrarhagnað og **svo koll af kolli**


Hér fellur hvert fyrirtæki því **bara á einu skilyrði**



Hlutfall brottfalls ef **öll skilyrði eru skoðuð**


Hér getur hvert fyrirtæki fallið á **fleiri en einu skilyrði**






Kynjahlutföll

framkvæmdastjóra Framúrskarandi fyrirtækja



Karl **733**


Kona **106**




Framkvæmdastjórar Framúrskarandi fyrirtækja eftir aldurshópum

Hér búa flestir framkvæmdastjórar Framúrskarandi fyrirtækja

Fjöldi framkvæmdastjóra






Lykiltölur nokkurra ferðapjónustufyrirtækja

Velta 2019


Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



Ársniðurstaða 2017-2019


Allar fjárhæðir eru í milljónum króna







Hlutfall Framúrskarandi fyrirtækja af heildarfjölda ársreikninga rekstrarárin **2009-2019**

Heildarfjöldi ársreikninga, þúsundir



Hlutfall Framúrskarandi fyrirtækja





Jákvæðir fyrir áframhaldandi viðræðum

● Sameining fimm sveitarfélaga á Suðurlandi rædd á rafrænum fundum

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Þátttakendur á rafrænum íbúafundum verkefnishóps um sameiningu fimm sveitarfélaga á Suðurlandi virðast almennt fylgjandi því að verkefnishópurinn ljúki undirbúningsvinnu og beri tillögu um sameiningu undir íbúana í fyllingu tímans.

Verkefnishópurinn hefur haldið fjóra fundi, með íbúum Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Mýrdalshrepps og í næstu viku verður fundað með íbúum Skaftárhrepps. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu varð að nota fjarfundabúnað til að funda.

Fyrst kynnis verkefnishópurinn vinnu sína og síðan er þátttakendum skipt niður í smærri hópa til að ræða einstök mál. „Fjallað er um málin á breiðum grunni og reynt að fá sýn íbúa á þessa hluti. Þetta hefur verið

virkilega skemmtilegt og gengið vonum framar,“ segir Anton.


Stóra spurningin sem lögð er fyrir íbúana á þessum fundum er hvort sveitarfélögin fimm eigi að halda áfram viðræðum og leyfa íbúum að kjósa um sameiningu þeirra. Þátttakendur í fundunum virðast velja þá leið, samkvæmt mati Antons, eins og fram kemur í upphafi greinar.

Sveitarstjórnir ákveða

Næsta skrefið í ferlinu er að gera skoðanakannanir meðal íbúa og leggja málið fyrir sveitarstjórnir sem þurfa að ákveða hver fyrir sig hvort hefja eigi formlegar sameiningarviðræður sem lýkur með því að tillaga um sameiningu verður lögð fyrir íbúana á næsta ári.

Listakonurnar Rán Flygenring og Elín Elísabet voru fengnar til að lýsa á sinn hátt sjónarmiðum sem fram hafa komið á fundunum og eru nokkur dæmi sýnd hér til hliðar.





Morgunblaðið, 28.10.2020, síðu 4
grein stærð: 173.22 sm²
grein hæð: 17.09 sm



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Vegavinna Unnið er að lagningu vegar að Oddabrúnni nýju á Þverá.

Enn unnið að vegi

● Vegurinn að nýju Oddabrúnni verður tilbúinn til notkunar á næstunni

Enn er unnið að lagningu vegarins á milli Odda á Rangárvöllum og Bakkabæja. Langt er síðan brúin á Þverá, Oddabrúin, var tilbúin. Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, segir að þeirri vinnu sem nú stendur yfir verði lokið eftir um það bil hálfan mánuð og þá verði vegurinn vel fær.

Þá verður samt sem áður eftir að leggja burðarlag og klæða veginn. Vonast Ágúst til að Vegagerðin muni gera það á næsta ári. Vegurinn og brúin eru annars framkvæmd á vegum Rangárþings ytra með stuðningi Vegagerðarinnar.

Unnið á hagkvæman hátt


Allmargir mánuðir eru liðnir frá því brúin sjálf var tilbúin. Þá var eftir að leggja vegi að henni, sér-

staklega tengingu við Oddaveg en einnig þarf að gera nýja tengingu við Bakkabæi. Að þessu hefur verið unnið undanfarna mánuði, með hléum, enda reynt að vinna verkið á sem hagvæmasta hátt að sögn Ágústs. Hefur meðal annars þurft að láta veginn síga nokkrum sinnum en nú sér fyrir endann á þessum áfanga framkvæmdarinnar.

Opið þegar aðstæður leyfa

Þótt unnið hafi verið að vegagerð hefur vegurinn verið hafður opin fyrir umferð, eftir því sem aðstæður hafa leyft, enda segir Ágúst að heimamenn á bæjunum noti hann mikið.

Eftir verður til formlegrar opunar þegar framkvæmdum verður lokið að fullu. helgi@mbl.is



Hafin bygging göngu- brúar yfir Þjórsá

● Opnar Búrfellsskóg og tengir sama stígakerfi við ána

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Framkvæmdir við byggingu göngu- og reiðbrúar yfir Þjórsá fyrir ofan Þjófafoss eru hafnar. Lágmarksrennsli er nú í ánni og er sá tími notaður til að steypa stöpla brúarinnar í farvegi árinna.

Landsvirkjun byggir brúna. Framkvæmdin er liður í mótvægis- aðgerðum vegna Búrfellsstöðvar 2 sem gangsett var fyrir rúmum tveimur árum. Tilgangurinn er meðal annars að bæta aðgengi að Búrfellsskógi en hann hefur losnað aðeins úr tengslum við umhverfið eftir framkvæmdirnar við stækkun Búrfellsstöðvar. Þá mun brúin tengja saman kerfi reiðvega og göngustíga sem eru beggja vegna Þjórsár, í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Öllum tilboðum hafnað

Landsvirkjun bauð í sumar út byggingu 102 metra langrar stálbitabrúar í þremur höfum og með timburdekkí. Þrjú tilboð bárust og voru þau á bilinu 190 til 243 milljónir en kostnaðaráætlun Landsvirkjunar hljóðaði upp á tæpar 126 milljónir kr.

Öllum tilboðum var hafnað og ákveðið að skipta verkinu upp. Samið var við Ístak sem átti lægsta tilboð í útboðinu um að byggja undirstöður brúarinnar. Björn Halldórsson, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, segir að það sé flóknasti hluti verkefnsins og sá sem mest óvissa ríki um.

Framkvæmdir hófust fyrir rúmum hálfum mánuði og er nú verið að undirbúa það að steypa undirstöður. Þær eru fjórar, ein við hvorn enda brúar og tveir stöplar ofan í ánni. Stefnt er að því að ljúka þessum áfanga fyrir lok ársins. Þá segir Björn að farið verði yfir hvernig staðið verður að framhaldinu en stefnt sé að því að brúin verði tilbúin um miðjan ágúst á næsta ári.

Íslenskt timbur notað

Áhersla hefur frá upphafi verið á að reyna að nýta innlent timbur sem




Ljósmynd/Björn Halldórsson

Traust Byrjað er að steypa undirstöður göngubrúar yfir Þjórsá við Búrfell.

mest við gerð brúarinnar og var gert samkomulag við Skógrækt ríkisins um að afla timbers til framkvæmdanna. Límtré Vínnet sér síðan um að vinna efnið frekar og gera á því nauðsynlegar prófanir. Þver-

bitar í brúargólfi verða límtrésbitar. Fyrir utan tímrið í brúna sjálfa verður lerki og greni notað í girðingarstaura en einnig verður gerð tilraun með innlendan við í handlista brúarinnar.



Hafa sloppið við kórónuveiruna

ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hellu



Dvalar- og hjúkrunarheimilið

Lundur á Hellu, þar sem dveljast 33 heimilismenn og starfsfólk er um 60 talsins, hefur sloppið algerlega við kórónuveirusmit hingað til og verður það vonandi þannig áfram. Takmarkanir eru á aðgengi aðstandenda heimilisfólks og má aðeins einn gestur koma tvisvar í viku til hvers heimilismanns. Opnað var nýlega á þessar reglur, en áður var stofnunin lokuð að mestu fyrir heimsóknunum. Samstarf er með hjúkrunarheimilunum á Hellu og Hvolsvelli um þessar heimsóknarreglur.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson

hefur verið valinn úr hópi tilnefndra sem íþróttamaður Rangárþings ytra 2019 en það er heilsu-, íþrótt- og tómstundaneftir sem ákveður hver það er sem hlýtur titilinn eftir tilnefningu frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu. Sindri Freyr er 17 ára, einn efnilegasti frjálsíþróttamaður landsins og er hann í úrvalshópi Frjálsíþróttasambands Íslands. Sindri Freyr hefur á árinu 2019 keppt á 19 mótum og sett á þeim 10 HSK-met. Metin setti hann í 200 metra hlaupi, 4x200 metra hlaupi og svo 4x100 m hlaupi. Innanhússmótin voru alls 8 og utanhússmótin 11.

Helsta afrek Sindra á árinu 2019 var að hlaupa 200 metra hlaup á Gautaborgarleikunum þar sem keppendur koma alls staðar að innan Evrópu. Þar hljóp Sindri á 22,97 sek. í mótvinði upp á -1,6 sem er mikill mótvinur, þar varð hann í sjötta sæti af 61 keppanda. Þar bætti hann 32 ára gamalt HSK-met Ólafs Guðmundssonar í flokki 18-19 ára. Sindri Freyr hefur sett sér háleitt markmið og það verður svo sannarlega áhugavert að fylgjast með honum í framtíðinni og honum eru sendar hamingju-óskir með útnefninguna.

Nú er orðið ljóst með endanlegar veiðitölur þessa árs í Rangánum, eystri og ytri. Flest undanfarin ár hefur verið meiri veiði í



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Lundur Kórónuveirusmit hafa ekki plagað íbúana á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi fram að þessu.

Ytri-Rangá, en nú síðustu tvö ár hefur þetta snúist við. Árið 2020 eru lokatölur í Eystri-Rangá 9.070 veiddir laxar en 2.642 í Ytri-Rangá. Þetta er þreföld veiði frá fyrra ári í Eystri-Rangá.

Þessar ár eru báðar hafbeitarár og þar eru stundaðar seiðasleppingar að vori. Formenn veiðifélaganna, Birkir Tómasson á Móeiðarhvoli og Guðmundur Einarsson á Ægissíðu, kunna engar viðhlítandi skýringar á þessum mun milli ára. Í Eystri-Rangá eru takmarkanir á hvað má hirða af fiski og geta því sleppingar verið þannig að hugsanlega 10% séu lax sem er veiddur tvisvar.

Faghópur um þróun skóla-svæðis á Hellu fundar stíft þessa dagana en verið er að undirbúa hönnu á viðbyggingu við grunnskólann og byggingu á nýjum leikskóla. Raf-rænn íbúafundur var haldinn á dögunum um þetta málefni sem heppnadið mjög vel og er kannski eitt fyrsta dæmið um íbúafund á Zoom, hér um slóðir a.m.k., og kannski fyrsti rafræni íbúafundurinn á landinu.

Frumkvöðlar geta verið af ýmsum toga og ekki óalgengt nú um stundir að fólk stígi fram í matvæla-


geiranum víðs vegar um landið. Tvö slík fyrirtæki hafa skotið upp kollinum í Þykkvabænum. Annað þeirra er 1000 ára sveitaborp ehf. sem framleiðir skræður og pakkar kartöflum í umhverfisvænar umbúðir. Skræður eru yfir 100 ára gömul matarhefð í Þykkvabænum, eru unnar úr hrossakjöti og má nota sem snakk. Hitt fyrirtækið er Hlöðueldhúsið sem býður hópum af ýmsum stærðum að koma á staðinn og taka þátt í eldamenskunni fyrir hópana. Einnig er rekið kennslueldhús og veisluþjónusta í tengslum við aðra sarfsemi.

Unnið er að því að finna stað undir akstursíþróttir og slíkt jaðarsport og hefur svæðið norðan við núverandi matjurtagarða sveitarfélagsins komist í umræður. Vinna þarf að skipulagi og auglýsa ef slíkur staður á að fara undir þessa starfsemi. Atli Már Guðnason á Lyngási og fleiri hafa verið í samstarfi við ungmennafélagið Heklu að þrýsta á sveitarstjórnina að finna stað þar sem unglíngar geta stundað þetta sport í stað þess að vera á götum Hellu með tilheyrandi hávaða og ónæði fyrir íbúana.

Miklar framkvæmdir standa nú yfir hjá Vatnsveitu Rangárþings ytra

og Ásahrepps. Með þessum framkvæmdum er verið að auka til muna afköst vatnsveitunnar og afhendingaröryggi. Þessi áfangi sem nú er í framkvæmd felur í sér að reistur var 400 m³ miðlunartankur í Fögrubrekku sem stendur það hátt að vatn verður sjálfrennandi nánast um allt þjónustusvæði veitunnar. Auk þess samtengjast m.a. veiturnar í Lækjarbotnum og Bjálmholti sem er gríðarlegt atriði til að tryggja afhendingaröryggi. Auk miðlunartanksins verður um að ræða 8,5 km af vatnslögnum í þessum áfanga. Verktaki er Þjóandi ehf. en um er að ræða 178 m.kr. verk og er miðað við verklok 1. nóvember 2021. Að sögn Guðna G. Kristinssonar veitustjóra gengur verkið afar vel og er lokið við uppsteypu miðlunartanksins, vatnslagnir að honum og innvinna er hafin.

Verið er að vinna að breytingum á deiliskipulagi miðbæjar-svæðisins á Hellu þar sem áform eru um fjölgun bílastæða og gegnumakstur að austanverðu svo eitthvað sé nefnt. Samkomutorg er einnig í bígerð á svæðinu sunnan við Menningarsalinn eða sem tengist við Miðjuna. Einnig er unnið að breytingu á skipulagi á athafnasvæðinu við Dynskála þar sem mikil eftirspurn hefur orðið á síðustu misserum eftir lóðum



Hjúkrunarheimili landsins og rekstrarform

Fjöldi hjúkrunar- og dvalarrými

Rekstrarform: Sveitarfélög Sjúkrunarstofnun Ríkið Einkafyrirtæki

Staður	Öldrunarheimili	Rými alls	Hjúkrunarrými		Dvalarrými
			Alm.	Önnur	
Reykjavík	Droplaugarstaðir	81	78	3	
	Eir	185	161	24*	
	Grund	192	181		11
	Hrafnista	193	193		
	Seljahlíð	20	20		
	Skjól	107	107		
	Skógarbær	82	70	11*	1
	Sóltún	92	92		
	Mörk	113	83	30	
	Hrafnista, Sléttuvegur	99	99		
Hafnarfjörður	Hrafnista	195	187		8
	Sólvangur (Sóltún)	98	98		
Garðabær	Hrafnista – Ísafold	60	60		
Kópavogur	Sunnuhlíð	70	66	4**	
	Hrafnista Boðapíng	44	44		
Seltjarnarnes	Róðasalir	11	11		
Mosfellsbær	Seltjörn	40	40		
Grindavík	Hamrar (Eir)	33	33		
	Heilbrst. Suðurnesja, Víðihlíð	20	20		
Reykjanesbær	Heilbrst. Suðurnesja	5		5*	
	Nesvellir	60	60		
	Hlévangur	30	30		
Akranes	Höfði	74	65		9
Borgarnes	Heilbrst. Vesturlands	15	15		
Ólafsvík	Brákarhlíð	54	37		17
Grundarfjörður	Jaðar	17	12		5
	Fellaskjól	12	10		2
Stykkishólmur	Dvalarheimili aldraðra	16	15		1
Búðardalur	Heilbrst. Vesturlands	7	7		
	Silfurtún	12	10		2
Dalabyggð	Fellsendi	27		27***	
Reykhlólar	Barmahlíð	16	14		2
Hólmavík	Heilbrst. Vesturlands	10	10		


*Endurhæfingarrými **Hvildar- og endurhæfingarrými ***Geðhjúkrunarrými ****Sjúkrarrými

Staður	Öldrunarheimili	Rými alls	Hjúkrunarrými		Dvalarrými
			Alm.	Önnur	
Hvammstangi	Heilbrst. Vesturlands	18	18		
Patreksfjörður	Heilbrst. Vestfjarða	11	11		
Pingeyri	Heilbrst. Vestfjarða	6	6		
Ísafjörður	Heilbrst. Vestfjarða, Eyri	30	30		
Bolungarvík	Heilbrst. Vestfjarða	10	10		
Blönduós	Heilbrst. Norðurlands	31	22		9
Skagaströnd	Sæborg	9	9		
Sauðárkrúkur	Heilbrst. Norðurlands	54	45		9
Siglufjörður	Heilbrst. Norðurlands	20	20		
Ólafsfjörður	Hornbrekka	26	21		5
Dalvík	Dalbær	38	27		11
Akureyri	Öldrunarheimili Akureyrar	171	160	3***	8
Grenivík	Grenilundur	9	8		1
Húsavík	Heilbrst. Norðurlands	23	23		
Þórshöfn	Hvammur	40	31		9
	Naust	14	11		3
Vopnafjörður	Sundabúð	11	10	1****	
Egilsstaðir	Heilbrst. Austurlands – Dyngja	30	30		
Seyðisfjörður	Heilbrst. Austurlands	18	18		
Eskifjörður	Hulduhlíð	20	20		
Neskaupstaður	Heilbrst. Austurlands	12	12		
Fáskrúðsfjörður	Uppsálar	20	20		
Hveragerði	Ás/Ásbyrgi	128	47	39***	42
Eyrarbakki	Sólvellir	19	8		11
Selfoss	Heilbrst. Suðurlands	42	42		
Hella	Lundur	33	33		
Hvolsvöllur	Kirkjuhvoll	32	31		1
Vestmannaeyjar	Hraunbúðir	35	31		4
Vík	Heilbrst. Suðurlands	9	9		
Kirkjubæjarklaustur	Hjallatún	15	15		
Höfn	Klausturhólar	19	17		2
Alls	Skjólgarður	30	24		6
		3.073	2.747	147	179

Heimild: Heilbrigðisráðuneytið

Stærstu rekstraraðilar hjúkrunar- og dvalarheimila

Rekstraraðili	Rými	Hlutf.
Hrafnistuheimilin	763	25%
Ríkisstofnanir	481	16%
Grundarheimilin	463	15%
Eir/Skjól	325	11%
Sóltún öldrunarþjónusta	190	6%
Akureyrarbær	160	5%
Reykjavíkurborg	101	3%
Aðrir	590	19%



Rekstraraðili	Rými	Rekstraraðili	Rými
Reykjavík – Laugarás	193	Vigdísarholt: Sunnuhlíð, Kóp.	70
Reykjavík – Skógarbær	82	Vigdísarholt: Seltjörn, Seltj.n.	40
Reykjavík – Sléttuvegur	99	HSS, Grindavík	20
Hafnarfjörður	195	HSS, Reykjanesbær	5
Garðabær – Ísafold	60	HVE, Akranes	15
Kópavogur – Boðapíng	44	HVE, Stykkishólmur	7
Reykjanesbær – Nesvellir	60	HVE, Hólmavík	10
Reykjanesbær – Hlévangur	30	HVE, Hvammstangi	18
	763	HVEST, Patreksfjörður	11
		HVEST, Þingeyri	6
		HVEST, Ísafjörður	30
		HVEST, Bolungarvík	10
		HSN, Blönduós	22
		HSN, Sauðárkrúkur	45
		HSN, Siglufjörður	20
		HSN, Húsavík	23
		HSA, Egilsstaðir	30
		HSA, Seyðisfjörður	18
		HSA, Neskaupstaður	21
		HSU, Selfoss	51
		HSU, Vestmannaeyjar	9
			481

Daggjöldin duga ekki

- Erfiðleikar eru í rekstri hjúkrunarheimila þar sem daggjöld ríkisins duga ekki fyrir kostnaði
- Dregið er úr þjónustu við heimilisfólk og viðhaldi frestað
- Unnið að greiningu á vandanum

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Kostnaður við umönnun heimilisfólks á hjúkrunarheimilum hefur aukist og daggjöldin sem Sjúkra- tryggingar greiða standa ekki undir kostnaði. Meira að segja sjálfseignarstofnanirnar sem eru með mörg heimili og hundruð hjúkrunarplássá ná ekki endum saman og kanna leiðir til að komast út. Niðurstöður hóps sem greinir raungögn um rekstur og rekstrarkostnað hjúkrunarheimila eru ekki væntanlegar á næstunni.

Nú eru starfrækt 65 hjúkrunarheimili á landinu. Þau eru með 2.747 almenn hjúkrunarrými, 147 sérhæfð hjúkrunarrými svo sem geðhjúkrunar- og endurhæfingarrými og nokkur eru með fáein dvalarrými en þeim hefur farið mjög fækkandi. Alls eru rými 3.073, miðað við tölur frá síðasta ári þegar bætt hefur verið við nýjum heimilum.

Hjúkrunarheimilin eru ákaflega misjöfn að stærð, allt frá því að vera með fimm heimilismenn og upp í 193.

Rekstrareiningarnar eru mun færri því stóru hjúkrunarheimilin á suðvesturlandi, Hrafnista og Grund, hafa mörg heimili undir sínum hatti. Hrafnista hefur markvisst stefnt að stækkun með því að taka við nýjum heimilum og er nú langstærst, eins og sést á meðfylgjandi grafi. Með því telur sjálfseignarstofnunin sig geta hagrætt í ýmslegrri stoðþjónustu.

Flest heimilin eru rekin af sjálfseignarstofnunum, sveitarfélagi eða sveitarfélögum saman og ríkisstofnunum. Aðeins eitt einkafyrirtæki er

á markaðnum, Öldungur hf. sem rekur Sóltún og nýja Sólvang í Hafnarfirði.

Ríkið bætir við sig

Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafa lengi haft hlutverk í rekstri hjúkrunarheimila, einkum þar sem sjúkrahús eru eða voru. Þessar stofnanir hafa sums staðar tekið við rekstri nýrra heimila sem sveitarfélögin hafa beitt sér fyrir, svo sem á Ísafirði, Sauðárkróki, Egilsstöðum og Húsavík. Á síðastnefnda staðnum bera sveitarfélögin ábyrgð á rekstri Hvamms en sömdu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands um stjórnun og rekstur.

Það er seinnitímamál að fyrirtæki ríkisins taki við rekstri hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu. Það gerðist þegar Sunnuhlíð í Kópavogi lenti í erfiðleikum. Þá var fyrirtæki ríkisins, Vigdísarholti, fallin reksturinn. Þegar ekki náðust samningar um útbod á rekstri nýs hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi vegna þess að bærinn treysti sér ekki til að taka ábyrgð á rekstrinum var sama félagi fallið að reka heimilið.

Er nú svo komið að ríkið sjálft er komið með 481 hjúkrunar- og dvalarrými í rekstur og ef öll heimilin eru lögð saman er ríkið orðið næststærsti leikandinn á þessum markaði.

Og hlutur ríkisins getur vaxið hröðum skrefum á næstunni ef áform sveitarfélaga um að skila rekstri hjúkrunarheimila til ríkisins ganga eftir. Þegar liggur fyrir að Akureyrarbær mun skila öldrunarstofnunum bæjarins til ríkisins um áramót. Ekki hefur verið ákveðið hver tekur við þeim pakka, eftir því sem næst verður komist, en Heilbrigðisstofnun Norðurlands er í



Gísli Páll Pálsson



María Fjóra Harðardóttir



Regína Ásvaldsdóttir



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Sjálfseignarstofnun Sömu stjórnendur eru yfir hjúkrunarheimilunum Eir í Grafarvogi, Skjólí við Kleppsvog og Hömrum í Mosfellsbæ.

bakhöndinni ef enginn annar kostur finnst.

Framlöggin lækkuð

Erfiðleikar í rekstri hjúkrunarheimila eru ekki nýir af nálinni. Félag sem að þeim standa og sveitarfélög hafa verið í stöðugri baráttu til að geta haldið sjó.

Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna og formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, segir að þeir sem flytjast inn á hjúkrunarheimili nú séu veikari og dvelji þar í skemmri tíma en áður var. Það útheimti sífellt meiri og flóknari læknis- og hjúkrunarþjónustu. Þá segir hann að starf-

semin hafi á síðustu árum verið að breytast úr því að vera eingöngu dvalar- og hjúkrunarheimili í að vera líkarnstofnanir að hluta. Áður voru veikir heimilismenn gjarnan sendir á sjúkrahús, þar sem þeir dóu, en nú deyja þeir nánast allir á sínu hjúkrunarheimili. Gísli Páll segir að það sé stefna heimilanna að leyfa þeim að deyja í því umhverfi enda sé það manneskjulegra og betra fyrir alla. Fram kom í viðtali við Kristín Jónasson, bæjarstjóra í Snæfellsbæ, í blaðinu í gær að líkandi meðferð heimilisfólks kallaði á aukna mönnum og aukakostnað.

Daggjöld ríkisins sem Sjúkra- tryggingar greiða eiga að standa undir rekstri hjúkrunarheimilanna en gera það ekki. Forstjórarnir hjúkrunarheimila segja að ekki hafi fengist fullar bætur vegna aukins kostnaðar, til dæmis launahækkana. Þá er í fjárlögum næsta árs boðuð hálf prósent hagræðingarkrafa, fjórða árið í röð. Það þýðir á mannamáli að framlög til umönnunar heimilisfólks eru lækkuð.

Gísli Páll hefur vakið athygli á þessu í aðsendum greinum í Morgunblaðinu og segir að þessi niður- skurður á sama tíma og nær öll önnur heilbrigðisþjónusta fái hækkunir umfram launa- og verðlagshækkunir sé til þess gerður að svelta öldrunarheimilin svo mikið að þau gefist upp og skili rekstrinum til ríkisins. Hann segist standa við þessu ummæli í samtali við Morgunblaðið og kallar eftir rökum fyrir þessari mismunum. María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu, kallar eftir gagnsæi í því hvað ríkið greiðir eigin stofnunum, til dæmis Vífilsstöðum, sem er biðstofnun og veitir eðli sínu samkvæmt minni þjónustu en hjúkrunarheimili þar





Upplýfting Ýmislegt var gert til að brjóta upp daginn á hjúkrunarheimilum og lifga upp á tilveruna hjá heimilisfólki í fyrstu bylgju kórónuveirunnar. Sönghópurinn Lóurnar söng til dæmis fyrir utan hjúkrunarheimilið Mörk við Suðurlandsbraut.



Morgunblaðið/Eggert

KÓRÓNUVEIRUFARALDUR



Morgunblaðið/Guðlaugur J. Albertsson

Skimun Sóttvarnir og forföll vegna Covid-19 og sóttkvíar á hjúkrunarheimilum kostar fjármuni eins og á öðrum stofnunum og almennum vinnustöðum.

Fá engar bætur frá ríkinu

Hjúkrunarheimilin hafa orðið fyrir ýmsum skakkaföllum og auknum kostnaði í kórónuveirufaraldrinum, bæði í vor og aftur nú í haust. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu áætla að aukakostnaðurinn hafi numið 312 milljónum til loka ágúst mánaðar auk 140 milljóna króna tekjutaps. Ríkisvaldið hefur ekki viljað taka þátt í þeim kostnaði þótt það styðji við sínar eigin stofnanir. Þetta gremst forsvarsmönnum hjúkrunarheimila.

Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna, segir að vegna sóttvarna og veirusmita sé færri fólk tekið inn og það þýði minni tekjur. Hins vegar aukist kostnaður vegna starfsfólks sem fer í veikindaleyfi eða sóttkví og sóttvarnaráðstafana svo sem þrifa og sóttthreinsunar.

Gísli Páll segir grátlegt að segja frá því að fjármunirnir séu til hjá Sjúkratryggingum. Gert hafi verið ráð fyrir því í fjárlögum að greidd yrðu daggjöld fyrir notkun þessara plássna en nú vilji ríkið græða á ástandinu. Rökin séu þau að heimilin geti hugsanlega unnið þetta upp á seinni hluta ársins en það gerist ekki í þriðju bylgju faraldursins, eins og allir eigi að átta sig á. Smit hafa komið inn á fjögur hjúkrunarheimili í þriðju bylgju faraldursins en aðeins eitt í vor. Þess vegna má búast við að kostnaðurinn verði meiri í vetur en hann var á fyrri hluta ársins.

sem fólk fær varanlega búsetu. Fram hafa komið fullyrðingar um að þar séu daggjöldin 52 þúsund þegar daggjöld hjúkrunarheimila, án húsnæðisliðar, eru um 38 þúsund.

Reykjavíkurborg rekur tvö hjúkrunarheimili. Samkvæmt upplýsingum Regínu Ásvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, má ekkert út af bregða í rekstri Droplaugarstaða. Borgin greiði með rekstrinum. Seljahlíð sé of lítil eining og alltaf rekin með halla. „Almennt er rekstrargrunnur

hjúkrunarheimila of lágur og alltof lítil áhersla og fjármagn sett í félagslega virkni á heimilum,“ segir Regína.

Verkefnishópur seinn af stað

Skerðing á greiðslum til hjúkrunarheimilanna hefur verið metin 2,3 milljarðar kr. frá árinu 2018. Misjafnt er hvernig þeir sem fara fyrir hjúkrunarheimilum meta stöðuna, hvort það vanti 20, 30 eða 40% upp á daggjöldin til að endar nái saman. En allir eru í vandræðum, stórir og smáir. Stóru eining-

arnar standa betur þótt það sé ekki algilt eins og sést á því að Akureyrarbær hefur þurft að greiða háar fjárhæðir með rekstri hjúkrunarheimila þar í bæ.


Vonandi fæst einhver botn í þetta með vinnu verkefnishóps heilbrigðisráðherra sem falið hefur verið að greina raungögn um rekstur og rekstrarkostnað hjúkrunarheimila. Formaður hópsins er Gylfi Magnússon prófessor en í honum sitja einnig fulltrúar frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Sam-

bandi íslenskra sveitarfélaga, Sjúkratryggingum Íslands og heilbrigðisráðuneytinu. Verkefnishópurinn átti að skila niðurstöðum fyrir 1. nóvember en samkvæmt upplýsingum blaðsins er starfið enn á byrjunarstigi og niðurstaðna ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi í febrúar eða mars á næsta ári. Þó hefur KPMG verið falið að greina umrædd gögn.

Afleiðingarnar af „sveltistefnu“ ríkisins sem svo hefur verið kölluð eru þær að dregið hefur verið úr

þjónustu við heimilismenn. Þar er aðeins veitt grunnþjónusta. Það bitnar vitaskuld á heimilisfólkinu. Þá eru útgjöld sem geta beðið látin sitja á hakanum, svo sem viðhald á húsnæði. Það endar vitaskuld með ósköpum, eins og þekkt er.

■ **Á morgun:** Flótti sveitarfélaga frá rekstri hjúkrunarheimila og möguleikar einkaframkvæmdar við uppbyggingu.



Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, undrast um afdrif heimilissorps af Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Sveitarfélög geti ekki falið sig bak við verktaka með sorpið

Forstjóri Íslenska gámafélagsins segir nokkur sveitarfélög á Suðurlandi þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum varðandi afdrif heimilisúrgangs. Þau geti ekki borið fyrir sig að verktakar séu ábyrgir, heldur eigi að ganga úr skugga um að rétt sé staðið að förgun. Hann telur farið með sorpið til urðunar án heimildar.

SVETARSTJÓRNIR „Við berum öll keðjuábyrgð í málum eins og þessum,“ segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, sem telur að heimilissorp frá fimm sveitarfélögum sé urðað án heimildar. Hann vill að sveitarfélögin viki sé ekki undan ábyrgð í málinu.

Sveitarfélögin sem um ræðir eru Hveragerði, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra sem öll skipta við fyrirtækið Terra, keppinaut Íslenska gámafélagsins. Í bréfi til þriggja fyrstnefndu sveitarfélaganna spyr Jón Þórir um „afdrif og endastöð þess úrgangsflokks sem kallast almennur úrgangur og safnast í Gráa tunnu íbúa“, eins og hann orðar það.

„Svar með vísan til þess að undirverktaki sjái um þessi mál mun ég ekki telja sem gilt svar. Ljóst er að sveitarfélög geta ekki firrt sig ábyrgð með því að vísa til verktaka, enda ætti sá verktaki að geta veitt sveitarstjórninni upplýsingar um þennan úrgang,“ tekur forstjóri Íslenska gámafélagsins fram í bréfi sínu og kveðst þar einmitt áður hafa fengið

svör um að „fyrirtæki sem sjái um þessa þjónustu fyrir sveitarfélagið sé ábyrgt og leiðandi fyrirtæki í umhverfismálum“ og því treysti sveitarfélagið félaginu til að fara að lögum og reglum.

„Það er enginn urðunarstaður á Íslandi sem tekur við sorpi frá þessum sveitarfélögum. Og ég bara velti fyrir mér hvert ruslið er að fara,“ segir Jón Þórir við Fréttablaðið. „Eina leiðin sem ég sé er að það fari í brennslu hjá Kölfku eða á einhvern af þessum urðunarstöðum og ef það fer þangað þá er verið að smygla þessu rusli af því að þessi sveitarfélög hafa ekki leyfi til að urða þar.“

Jón Þórir segir að urðunarstaðir fyrir sorp séu Álfsnes, Fíflholt á Mýrum og Sölvabakki nærri Blönduósi. Þessir staðir hafi allir neitað að taka við úrgangi frá fyrirtækjum og sveitarfélögum frá Suðurlandi. Reyndar segist hann aðspurður telja sig vita hvert farið sé með umrætt rusl. Það endi meðal annars á Álfsnesi sem sé urðunarstaður fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með takmarkað leyfi upp á 100 þúsund tonn á ári.

„Það hefur verið bedið um það í mörg ár að fá þennan úrgang urðaðan í Álfsnesi en það hefur alltaf verið sagt nei,“ segir Jón Þórir, sem kveðst sjálfur hafa óskað eftir að fá að urða úrgang í Álfsnesi en alltaf fengið neitun. „Og núna fara sveitarfélög og svindla þessu, á sama hátt og mér var meinað, inn á Álfsnes.“

Í bréfi sínu til sveitarfélaganna þriggja rekur Jón Þórir að Íslenska gámafélagið hafi lagt í mikinn kostnað til að finna góðar lausnir varðandi heimilisúrgang og hafi nú í rúmt ár flutt hann út til orkunýtingar með mjög góðum árangri. Málið varði bæði samkeppnismál og umhverfismál.

„Þarna eru keppinautar mínir að bjóða ódýrari urðun en ég get boðið af því að ég er með þetta eftir reglunum. Sveitarfélögin taka þátt í þessu og mér finnst það eiginlega algerlega fyrir neðan allar hellur. Kannski er það ekki lögbrot en mér finnst þetta fara gegn almennu siðferði,“ segir hann við Fréttablaðið.

Erindi forstjórans hefur verið tekið fyrir í stjórnum sveitarfélaganna þriggja. „Hveragerðis-


Sveitarfélögin taka þátt í þessu og mér finnst það eiginlega algerlega fyrir neðan allar hellur. Kannski er það ekki lögbrot en mér finnst þetta fara gegn almennu siðferði.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins

bær er með samning við Terra ehf. um sorphirðu og förgun í bæjarfélaginu. Fyrirtækið er ábyrgt og leiðandi í umhverfismálum og því treysta bæjaryfirvöld félaginu til að fara að lögum í þessum efnum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars,“ segir í bókun bæjarráðs Hveragerðis um málið.

Í Bláskógabyggð var sveitarstjórnunum falið að svara erindi forstjóra Íslenska gámafélagsins en í Grímsnes- og Grafningshreppi samþykkti sveitarstjórnin samhljóða að fela oddvitunum að afla frekari gagna hjá þjónustuaðilanum Terra.

gar@frettabladid.is



Morgunblaðið, 28.11.2020, síðu 2
grein stærð: 162.67 sm2
grein hæð: 15.75 sm

Meirihluti vill formlegar viðræður

● Sveitarstjórnir ræða sameiningu

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Mikill meirihluti íbúa þeirra fimm sveitarfélaga á Suðurlandi sem verið hafa í óformlegum viðræðum um sameiningu eru fylgjandi því að sveitarfélögin taki upp formlegar sameiningarviðræður. Meirihluti var fyrir þessari afstöðu í fjórum sveitarfélögum, öllum nema því minnsta. Í Ásahreppi voru heldur fleiri þeirra sem spurðir voru mótfallnir þessari þróun mála en þeir sem voru meðmæltir.

„Þessi könnun var lokahnykkurinn í starfi verkefnahópsins sem verið hefur í óformlegum viðræðum og styrkti ákvörðun okkar um að senda tillögur til sveitarstjórnanna fimm um að hefja formlegar viðræður um sameiningu. Það er síðan undir hverri og einni sveitarstjórn komið að ákveða framhaldið,“ segir Anton Kári Halldórsson, formaður verkefnahópsins, um niðurstöður könnunarinnar.

Tillagan verður tekin fyrir á næstu fundum sveitarstjórnanna. Ef allar samþykkja verður væntanlega hægt að leggja tillögu um sameiningu fyrir íbúana í atkvæða-

greiðslu á næsta ári, annaðhvort næsta vor eða um haustið. Niðurstöður sveitarstjórnanna munu liggja fyrir snemma í mánuðinum.

Valdið er hjá íbúunum

Í heildina sögðust 69% þeirra íbúa sem spurðir voru hlynnt því að sveitarfélögin taki upp formlegar sameiningarviðræður en 16% sögðust andvíg.

Íbúar fjögurra sveitarfélaga, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, lýstu sig samþykka áframhaldandi viðræðum en í Ásahreppi voru 43% spurðra á móti en 41% með slíkri þróun mála.

Þegar þátttakendur voru spurðir beint um viðhorfið til sameiningar síns sveitarfélögs við hin kom svipað svar nema hvað mikill meirihluti íbúa Ásahrepps myndi vilja fella sameiningu, ef kosið væri nú.

„Ég er mjög ánægður með þátttöku íbúanna. Á íbúafundum var hugur íbúanna skýr, þeir vildu halda áfram og ljúka verkefninu með því að taka upplýsta ákvörðun um sameiningu í atkvæðagreiðslu. Ég er mjög ánægður með að lýðræðið virkar og valdið er hjá íbúunum,“ segir Anton Kári.

2 1111

Mauntal tekið meðal
landmanna 1. janúar

107 ekkjar útar

Þráðberkt þingdagsgera

Bliðingar í desember

LIND 510 7900

VILDARKORT LINDAR
LÖG 30% AFSLÁTT

IOI
EKKI
EKKI

Morgunblaðið, 15.12.2020, síðu 2
grein stærð: 80.85 sm²
grein hæð: 15.60 sm

Endurnýjun eða niðurrif?




Tjón Eldur í vindmyllunni 2017.

Fátt hefur verið um svör við fyrirspurnum sveitarstjórnar Rangárþings ytra síðustu 1-2 ár um hvort til standi að endurnýja eða fjarlægja tvær vindmyllur í Pykkvabæ, að sögn Ágústs Sigurðssonar sveitarstjóra. Önnur myllan skemmdist í eldi fyrir rúmum þremur árum.

Málið var rætt á síðasta sveitarstjórnarfundi í Rangárþingi ytra og var lögð fram fyrirspurn um hvort búið væri að fara fram á eða sækja um leyfi fyrir niðurrifi vindmyllunnar sem eyðilagðist í bruna og hver bæri ábyrgð á vindmyllunum í dag.

Í svari sveitarstjóra segir m.a.: „Haft hefur verið samband við skráða eigendur og óskað eftir upplýsingum. Jafnframt hefur eigendum verið bent á að standi ekki til að koma myllunum í nothæft stand þá sé nauðsynlegt að fjarlægja þær. Eigendur hafa ekki sótt um leyfi til endurnýjunar eða niðurrifs þrátt fyrir umleitanir sveitarstjóra og byggingarfulltrúa um að svo verði gert.“

Fram kemur í svarinu að þinglýstur eigandi samkvæmt þjóðskrá og ábyrgðaraðili sé Elýsa ehf. Þegar greint var frá bruna í annarri myllunni í Pykkvabæ í júlí 2017 kom fram að eigandi mannvirkjanna væri fyrir-tækið Biokraft. aij@mbl.is



Morgunblaðið, 21.12.2020, síðu 11
grein stærð: 173.45 sm²
grein hæð: 17.09 sm



Ljósmynd/Einar Bjarnason

Mörg tré Stafli af plönkum tilbúinn til að fara í pressuna hjá Límtré-Vírneti.

Límtré úr íslensku greni í 102 metra brú

Límtré úr íslensku greni er notað í burðarvirki og gólf brúar sem Landsvirkjun er með í smíðum. Límtrésbitarnir í nýju Þjórsárbrúna verða unnir úr íslensku sitkagreni í verksmíðju Límtrés-Vírnets á Flúðum, en íslenskt timbur hefur reynst vel í burðarþolsprófum.

Um er að ræða göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá, rétt fyrir ofan Þjófafoss, sem tengir saman sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp annars vegar og Rangárþing ytra hins vegar. Mun brúin vera fyrsta meiri háttar mannvirkið sem gert er úr alíslensku límtré. Þegar smíðinni lýkur verður fyrrnefndum sveitarfélögum afhent brúin til eignar.

Skógræktin hefur nú þegar aflað alls þess timburs í Haukadalsskógi sem þarf til brúarsmíðinnar. Timbr- ið var sagað í sögunarmyllu Skóg-

ræktarinnar í Þjórsárdal. Fyrstu fjálinnar voru fluttar úr Þjórsárdal 21. október til þurrkunar og frekari vinnslu hjá Límtré-Vírneti á Flúðum.

Stórt skref fyrir skógrækt

Haft er eftir Trausta Jóhannssyni, skógarverði á Suðurlandi, á heimasíðu Skógræktarinnar, að með þessu sé stigið stórt skref fyrir skógrækt á Íslandi. Ánægjulegt sé að sjá íslenskt timbur notað í svona stórt verkefni, timbur sem stenst vel þær kröfur sem til þess eru gerðar.

Brúarsmíðin er komin af stað og vinna við uppsteypu stöpla langt komin. Brúin er alls 102 metra löng timburbrú með steypum stöplum og burðarbitum úr stáli. Þar fyrir ofan koma límtrésbitar og loks tvöfalt lag af timburklæðningu í brúargölfíð.



Morgunblaðið, 22.12.2020, síðu 11
grein stærð: 103.12 sm2
grein hæð: 6.71 sm

Formlegar viðræður um sameiningu á Suðurlandi

Sveitarstjórnir þeirra fimm sveitarfélaga á Suðurlandi sem verið hafa í könnunarviðræðum um sameiningu í eitt sveitarfélag hafa allar samþykkt samhljóða að ganga til formlegra viðræðna um sameiningu. Miðað er við að tillaga um sameiningu verði lögð fyrir íbúana á næsta ári.


Að viðræðunum standa Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rang-

árþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur.

Tillaga verkefnishóps „Sveitarfélagsins Suðurlands“ var tekin fyrir á fundum sveitarstjórnanna nú í desember, síðast í Mýrdalshreppi. Hún var alls staðar samþykkt og jafnframt var ákveðið að sömu fulltrúar muni vinna að málinu á næsta stigi. Viðræðurnar hefjast í byrjun nýs árs.

Sveitarstjórnirnar lýsa því yfir í bókunum sínum að ekki verði nýtt heimild í sveitarstjórnarlögum um að þótt íbúar eins sveitarfélags hafni sameiningu geti hin sameinast að uppfylltum öðrum skilyrðum. Í því felst að ef íbúar eins sveitarfélags fella tillögunu gangi hin fjögur ekki til sameiningar án nýrrar atkvæðagreiðslu.

helgi@mbl.is



Ný ríkisstofnun í sátt við sveitarfélögin?

Eftir Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttur, Jón Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Egil Sigurðsson, Harald Eiríksson og Guðmund Viðarsson

Umhverfisráðherra talar þessa dagana fyrir frumvarpi sínu um nýja ríkisstofnun, hálandisþjóðgarð, og reynir að telja þjóðinni trú um að hann hafi náð víðtækri sátt við sveitarfélögin um málið. Vissulega fór ráðherra um sveitir á vormánudum og spjallaði við fulltrúa sveitarfélaga. Fundirnir voru boðaðir með afar skömmum fyrirvara og engin gögn lágu fyrir á fundunum. Þeir fulltrúar sveitarfélaga sem sátu fundi með ráðherra óskuðu ítrekað eftir að fundargerðir væru ritaðar, til að fá gögn eða minnispunkta frá ráðuneytinu sem hægt væri að leggja fyrir sveitarstjórnir. Öll mál sem snerta hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra ber sveitarstjórnnum að taka fyrir á löglega boðuðum fundum. Öllum málum sem sveitarstjórnir taka fyrir skulu fylgja gögn um málefnið svo kjörnir fulltrúar geti tekið upplýsta ákvörðun um málefnið. Engin slík gögn bárust sveitarfélögum á Suðurlandi.

Umhverfisráðherra mun ráða

Ráðherrann talar um að komið hafi verið til á móts við sveitarfélög á þá leið að skipulagsvald þeirra skerðist ekki. Rétt er að sú breyting hefur orðið hvað varðar stjórnunar- og verndaráætlanir að ekki er sérstaklega tekið fram að þær séu bindandi fyrir sveitarfélög eins og var í upphaflegu frumvarpi. Erfitt er að sjá að þetta hafi raunverulega þýðingu um aukið vægi sveitarfélaga, enda hefði áætlunin stöðu sem sérákvæði um landnýtingu á þjóðgarðssvæðinu. Þá er í 16. grein frumvarpsins um réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar tekið fram að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um réttaráhrif áætlana. Með öðrum orðum



Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir



Jón Bjarnason



Ingvar Hjálmarsson



Egill Sigurðsson



Haraldur Eiríksson



Guðmundur Viðarson

» Tökum okkur góðan tíma í svona stórt málefni sem þarf miklu meiri umræðu. Þetta er ekki spurning um minnisvarða heldur næstu kynslóðir.

getur hann með einfaldri reglugerðarbreytingu afmarkað nánar að stjórnunar- og verndaráætlanir verði bindandi fyrir sveitarfélög. Einnig kemur fram að mannvirkjagerð eða hverskonar jarðrask innan hálandisþjóðgarðs er bannað ef ekki er gert ráð fyrir þeim í

stjórnunar- og verndaráætlunum. Ef lítið er á 17. grein laganna þá er óframkvæmanlegt fyrir sveitarfélagið að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun eða að höfðu samráði við og með samþykki garðsins. Sveitarfélögin mega því ekki gera neitt sem umdæmisráði í þjóðgarðinum hugnast ekki, og miðað við þá stjórnsýslu sem lagt er upp með getur stjórn garðsins breytt áætlunum umdæmisráða og síðast en ekki síst getur ráðherra breytt áætlunum stjórnar þjóðgarðsins. Það er því rangt hjá ráðherra að skipulagsvald skerðist ekki. Kröfur sveitarfélaga snúast ekki síst um áframhaldandi sjálfstjórn yfir okkar eignum á hálendinu. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að taka ákvarðanir um þjóðlendur innan sinna sveitarfélagamarkna og framtíðarskipulag þeirra. Ákvarðanir eru m.a. byggðar á umsögnum allra hagaðila, hvort sem eru samtök, nytjaréttarhafar eða einkaaðilar. Auk þess sem unnið er eftir þjóðlendulögum, skipulagslögum og landsskipulagsstefnu við stefnumótun.

inu. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að taka ákvarðanir um þjóðlendur innan sinna sveitarfélagamarkna og framtíðarskipulag þeirra. Ákvarðanir eru m.a. byggðar á umsögnum allra hagaðila, hvort sem eru samtök, nytjaréttarhafar eða einkaaðilar. Auk þess sem unnið er eftir þjóðlendulögum, skipulagslögum og landsskipulagsstefnu við stefnumótun.

Skattgreiðendur borga

Ný ríkisstofnun útheimtir mikið fjármagn. Að reka ríkisstofnun útheimtir mikið fjármagn. Að byggja upp öfluga innviði á þriðjung íslands útheimtir gríðarlega fjármuni. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum hvað hin nýja ríkisstofnun ráðherra mun kosta skattgreiðendur. Skv. skýrslu þverpólítískrar nefndar um miðhálandisþjóðgarð máætla að árlegur rekstrarkostnaður verði nálægt 3 milljörðum. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður við stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs verði 600-700 milljónir á ári. Hvergi hefur komið fram hver áætlaður kostnaður er við uppbyggingu meginstarfsstöðva, þjónustustöðva á hálendi og láglandi, salernishúsa, bílastæða og svo mætti lengi telja. Allir þessir innviðir verða að vera til staðar víða um hálendið svo hægt sé að rukka þjónustugjöld, þau eiga jú að standa undir rekstri stofnunarinnar. Það virðist vera algert aukatriði hvernig fjármagna á nýju ríkisstofnunina, en auðvitað blasir það við, skattgreiðendur munu borga.

Ég vil meira

Nú stendur yfir vinna sunnlenskra sveitarfélaga við svæðisskipulag suðurhálandisins og teljum við að skynsamlegt sé að sjá hvert sú vinna leiðir. Það má vel vera að sú vinna leiði af sér einhverskonar útfærslu á þjóðgarði sem tæki yfir hluta þjóðlendnanna.

Slíkur þjóðgarður yrði þá stofnaður með samþykki og viljayfirlýsingu viðkomandi sveitarfélaga líkt og gert var milli ríkis og sveitarfélaga þegar Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður. Er það svo slæmt að hugmynd og útfærsla á einhverskonar þjóðgarði á hálendinu komi frá íbúunum sem næst svæðinu búa og hafa sinnt því í áratugi? Sú hugmynd var rædd við ráðherra á einum af þeim fundum sem hann átti með sveitarstjórnarfólki, hvort ekki væri skynsamlegt að byrja smærra, taka jöklana og svæði í kringum þá fyrst og gera að þjóðgarði, svo væri alltaf möguleiki á að stækka svæðið. Svar ráðherra var skýrt: Ég vil meira!

Snýst frumvarpið um að reisa sér minnisvarða?

Rétt er að taka fram að við kjörnir fulltrúar á landsbyggðinni viljum vernda náttúruna, þó afstaða okkar til fyrirhugaðs þjóðgarðs sé þessi. Við erum andvíg því að stjórnun og skipulag svæða innan okkar sveitarfélagamarka færist frá því að vera í höndum viðkomandi sveitarfélags, til annarra sveitarfélaga, fulltrúa frjálsra félagasamtaka og embættismanna ríkisins. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessum þætti frá upphaflegum áformum þar til frumvarpið var lagt fram nægja ekki og eru litlar sem engar þegar kemur að skipulagsskyldu sveitarfélaga. Það liggur ekkert á, tökum okkur góðan tíma í svona stórt málefni sem þarf miklu meiri umræðu. Þetta er ekki spurning um minnisvarða heldur næstu kynslóðir.

Guðrún Svanhvít er sveitarstjórnarmaður í Bláskógabyggð, Jón er sveitarstjórnarmaður í Hrunamannahreppi, Ingvar er sveitarstjórnarmaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Egill er sveitarstjórnarmaður í Asahreppi, Haraldur er sveitarstjórnarmaður í Rangárbænum ytra og Guðmundur er sveitarstjórnarmaður í Rangárbænum eystra.